# FRÉTTABLAÐIÐ

38. TÖLUBLAÐ 19. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FIMMTUDAGUR 14. FEBRÚAR 2019

## Föst laun Birnu hækkuðu um tæpa milljón

**VIÐSKIPTI** Mánaðarlaun Birnu Einarsdóttur, bankastjóra Íslandsbanka, að undanskildum árangurstengdum greiðslum, hækkuðu um tæpa eina milljón króna í fyrra. Fóru þau úr 4,03 milljónum króna árið 2017 í 4,97 milljónir króna árið 2018. Þetta má lesa út úr skýringum við ársreikning Íslandsbanka sem birtur var í gærkvöldi.

Laun Birnu námu um 59,6 milljónum króna í fyrra, sé ekki tekið tillit til árangurstengdra greiðslna sem námu samanlagt 3,9 milljónum króna, en til samanburðar voru laun bankastjórans um 48,3 milljónir króna, að undanskildum árangurstengdum greiðslum upp á samanlagt 9,7 milljónir króna, á árinu 2017.

Heildarlaun Birnu námu 63,5 milljónum króna í fyrra, að því er fram kemur í skýringum við ársreikning Íslandsbanka, en innifalið í þeim eru árangurstengdar greiðslur frá árinu 2014 sem rekja má til kaupaukakerfis sem var við lýði innan bankans þar til í lok árs 2016.

Samkvæmt reglum Fjármálaeftirlitsins um kaupaukakerfi ber að fresta greiðslu á að minnsta kosti 40 prósentum af kaupauka um að lágmarki þrjú ár. Voru heildarlaun Birnu 58,0 milljónir króna árið 2017.

Íslandsbanki greindi frá því í tilkynningu á mánudag að laun Birnu hefðu verið lækkuð að hennar frumkvæði um 14,1 prósent, niður í 4,2 milljónir króna, í nóvember síðastliðnum. Var ákvörðunin sögð tekin í ljósi „stöðunnar í íslensku atvinnulífi og kjaraviðræðna sem nú standa yfir“.

Hart hefur verið deilt á bankaráð Landsbankans eftir að Fréttablaðið greindi frá því að mánaðarlaun bankastjórans Lilju Bjarkar Einarsdóttur hefðu hækkað um 17 prósent, eða sem nemur um 550 þúsund krónum, í fyrra. **– kij**



**Birna Einarsdóttir.**




| | | |
|---|---|---|
| 82 **Pb** Blý | | **Blý** er þungur og mjúkur málmur sem finnst í mörgum mismunandi efnasamböndum. Blý er eitrað og of mikið blý í líkamanum getur skaðað rauðu blóðkornin og taugakerfið. Þroskaferli heilans í fóstrum og ungum börnum er sérstaklega viðkvæmt fyrir áhrifum blýs. |
| 80 **Hg** Kvikasilfur | | **Kvikasilfur** er eitt af frumefnunum og finnst í hinum ýmsu efnasamböndum. Kvikasilfur getur safnast fyrir og magnast upp í dýrum og mönnum og valdið skaða á taugakerfi og nýrum. Hár styrkur í blóði barnshafandi konu getur valdið fósturskaða. |
| 33 **As** Arsen | | **Arsen** er eitt af frumefnum jarðar. Hin ýmsu arseniksambönd safnast fyrir í plöntum og dýrum í mismiklum mæli. Þau geta verið mjög eitruð og jafnvel valdið krabbameini. |
| 48 **Cd** Kadmíum | | **Kadmíum** er frumefni og eyðist aldrei úr náttúrunni. Fólk fær kadmíum í sig aðallega í gegnum matinn sem það borðar. Það finnst í kornvöru, rótarávöxtum og grænmeti. Líka í innmat og skeldýrum. Kadmíum getur skaðað nýru og er talið krabbameinsvaldandi. |

# Skaðleg efni í mat og leikföngum

Mörg leikföng framleidd úr plasti gefa stöðugt frá sér efni á meðan þau eru í notkun og handfjötluð. Eftirlitsiðnaður hefur ekki undan að taka eitruð leikföng af markaði. Arsen og þungmálmar greinast í matvöru. Stjórnvöld sögð sýna rannsóknum og eftirliti lítinn skilning. → 16-18

## Vilja afskrá kannabis af fíkniefnalista

**HEILBRIGÐISMÁL** Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin ætlar að endurskoða skilgreiningar sínar á kannabisefnum með það að leiðarljósi að afskrá kannabis úr flokki hættulegra fíkniefna, líkt og lagt er til í áliti sérfræðiráðs Sameinuðu þjóðanna um málefnið. Málið verður tekið fyrir í næsta mánuði innan fagráðs um ávanabindandi fíkniefni og kosið um hvort kannabis verði ekki lengur skilgreint sem hættulegt fíkniefni.



Verði endurskoðunin samþykkt er um að ræða formlega viðurkenningu á því að þjóðir heimsins hafi haft rangt fyrir sér um skaðsemi og lækningamátt kannabiss í hálfa öld. Þessi nýja stefna stofnunarinnar, ef af verður, kemur á sama tíma og fjöldi ríkja hefur horfið frá þeirri stefnu sinni að gera neyslu og vörslu kannabisefna refsiverða. Alþjóðaheilbrigðismálastofnun er undirstofnun Sameinuðu þjóðanna og er ráðgefandi um öll heilbrigðismál innan SÞ. Líklegt þykir að ráðgjöf stofnunarinnar verði ofan á í atkvæðagreiðslunni í næsta mánuði. **– sa /** **sjá síðu 6**

## Afar viðkvæm staða uppi í kjaraviðræðum

**KJARAMÁL** Forsætisráðherra segir ríkjan vilja hjá stjórnvöldum til þess að greiða fyrir lausn kjaraviðræðna. Hún segir samningaviðræður aðila vinnumarkaðarins og aðkomu stjórnvalda aðskilin ferli sem þurfi þó að mætast á einhverjum tíma.

Samtök atvinnulífsins lögðu í gær fram samningstilboð sem VR, Efling, VLFA og VLFG munu svara á fundi hjá ríkissáttasemjara á morgun. Trúnaður ríkir um innihald tilboðsins. Viðræðurnar eru á afar viðkvæmu stigi.

Vilhjálmur Birgisson, formaður VLFA, segir aðkomu stjórnvalda þurfa að liggja fyrir fljótlega eftir helgi. Tíminn verði nú nýttur til að reikna út og skoða hlutina. **– sar /** **sjá síðu 4**

## Héldu að lögum hefði verið fylgt

**STJÓRNSÝSLA** Vanþekking á lögum og reglum persónuverndarréttar varð til þess að Reykjavíkurborg braut persónuverndarlög í aðdraganda borgarstjórnarkosninga. Þá var í samskiptum borgarinnar við Persónuvernd ekki öll sagan sögð.

Í ákvörðun Persónuverndar fyrir helgi komst stofnunin að því að sending borgarinnar á bréfum og SMS-skilaboðum til tiltekinna hópa í aðdraganda kosninganna hafi ekki verið í samræmi við lög um persónuvernd. Þá mat stofnunin upplýsingagjöf borgarinnar ámælisverða.

Fréttablaðið fékk afrit af bréfum með samskiptum borgarinnar við Persónuvernd. Af þeim samskiptum má sjá að upplýsingar um veigamikil atriði voru ekki send stofnuninni. Í svari við fyrirspurn blaðsins, um hví ekki var upplýst um öll atriði sem máli skiptu strax í upphafi, segir að



**Dagur B. Eggertsson borgarstjóri.**

starfsfólk borgarinnar hafi metið það svo að það væri ekki að brjóta persónuverndarlög. Því hafi ekki verið leitað álits Persónuverndar um það efni.

„Í gær kom sú niðurstaða frá Persónuvernd að þar sem ekki væri um markaðsefni að ræða, heldur almenna miðlun upplýsinga, þá væri ekki gerð við þetta athugasemd. [...] Allt þetta mál hefur verið unnið eftir réttum leiðum og leikreglum,“ sagði Dagur B. Eggertsson borgarstjóri á fundi borgarstjórnar 15. maí 2018 um málið. **– jóe /** **sjá síðu 6**




HNÍFAPARATÖSKUR
12 MANNA
ÁSAMT FYLGIHLUTUM
MIKIÐ ÚRVAL
VERÐ FRÁ KR. 24.990



Tékk KRISTALL
LAUGAVEGI 178 – SÍMI 568 9955

-11KR.
-09KR.
-07KR.
Nú eru allar 55 stöðvar Orkunnar þínar stöðvar.
ORKAN

## Veður




Suðvestan kaldi eða strekkingur en allhvass vindur fyrir austan. Lægir smám saman er líður á daginn með lítilsháttar éljum en bjartviðri NA-lands. Frost 0 til 5 stig, en hiti 0 til 5 stig við suður- og suðausturströndina. SJÁ SÍÐU 34

# Krefjast þess að brottvísunum verði hætt




Flóttafólk efndi til mótmæla við Hallgrímskirkju í gær. Sex karlar sem hingað komu í leit að hæli tóku til máls. Hópurinn krefst þess að brottvísunum verði hætt og hælisleitendum verði tryggður réttur til vinnu og húsnæðis. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

FRÉTTABLAÐIÐ +PLÚS Fleiri myndir er að finna á +Plússíðu Fréttablaðsins. **Fréttablaðið +Plús er í Fréttablaðs-appinu og PDF-útgáfu á Fréttablaðið.is.**

## Telja Hagstofu vantelja fjölda kaþólikka

**TRÚMÁL** Fjöldi kaþólskra hér á landi hefur þrefaldast síðan 1998 sem hlutfall allra landsmanna. 3,85% landsmanna eru nú innan kaþólsku kirkjunnar. Hefur kaþólskum því fjölgað mest á síðustu árum og eru nú rúmlega 13.000 kaþólskrar trúar hér á landi.

Árið 1998 voru rúmlega 3.200 landsmanna innan kaþólsku kirkjunnar eða rétt rúmt eitt prósent landsmanna á þeim tíma. Nú, tveimur áratugum seinna, telur Hagstofan að kaþólskir séu um 13.400 talsins. Séra Patrick Breen, prestur kaþólsku kirkjunnar í Reykjavík, segir töluna þó mun hærri.

> Hér eru um 23 þúsund Litháar og Pólverjar við störf. Megnið af því fólki er kaþólskt.
>
> Séra Patrick Breene

„Hingað hafa flust margir frá Póllandi, Litháen og Filippseyjum, kaþólskum löndum, og Suður-Ameríku. Það er meginskýringin,“ segir sr. Patrick. „Tölurnar um kaþólska á Íslandi gefa hins vegar ranga mynd af fjöldanum sem kirkjan þjónar. Hér eru um 23 þúsund Litháar og Pólverjar við störf. Megnið af því fólki er kaþólskt. Þannig að við getum reiknað með að hér séu um 25 þúsund kaþólikkar. Við teljum að 2.000 manns, sem eru af íslensku bergi brotnir, séu kaþólskrar trúar.“

Það er því í mörg horn að líta hjá prestum kirkjunnar og þar sem kaþólskir eru duglegir við að iðka trú sína þarf að messa oft. „Það er líður í okkar trú að mæta til messu og vera virkur í starfinu. Til að mynda erum við með sex sunnudagsmessur í Landakoti. Þær eru mjög vel sóttar.“ **– sa**

## Leit að Jóni Þresti stendur enn yfir


**Jón Þröstur**

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan á Írlandi leitar enn að Jóni Þresti Jónssyni. Hann hefur ekki sést síðan kl. 11 á laugardagsmorgun í Whitehall í Dyflinni. Fjölskylda hans er farin til Írlands. Í tilkynningu frá þeim segir að þau séu í áfalli en vilji að öðru leyti ekki tjá sig.

Í gær birti lögreglan nýja mynd af Jóni Þresti á samfélagsmiðlum þar sem aftur var biðlað til almennings um upplýsingar um hvar Jón Þröstur er niðurkominn. Írska lögreglan gat lítið tjáð sig um málið í samtali við blaðamann að öðru leyti en því að leitin væri í höndum lögreglustöðvarinnar í Ballymun í norðurhluta Dyflinnar. Jón Þröstur er 41 árs og um 182 cm á hæð. **– ab**

# Sé bara einn uppvís að því að halla réttu máli

**Hvorki útvarpsstjóri né fréttamennirnir Helgi Seljan og Sigmar Guðmundsson á RÚV telja sig skulda Jóni Baldvin og Bryndísi Schram afsökunarbeiðni, líkt og þau hjónin fara fram á. Útvarpsstjóri segir siðareglur hafa verið virtar.**


**Bryndís Schram og Jón Baldvin Hannibalsson.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

**DÓMSMÁL** Fréttamaðurinn Helgi Seljan á RÚV gefur lítið fyrir kröfur um afsökunarbeiðni og boðaða málsókn hjónanna Jóns Baldvins Hannibalssonar og Bryndísar Schram gegn honum, Sigmari Guðmundssyni og Magnúsi Geir Þórðarsyni útvarpsstjóra.

„Það er alveg sama hversu marga dálksentimetra Jón Baldvin Hannibalsson tekur undir þessar greinar sínar og hversu oft hann birtir þær, það er bara einn maður sem hefur orðið uppvís að því að halla réttu máli í sínum málflutningi vegna þessa alls og það ítrekað. Kennitalan hans er í Mogganum í dag, er mér sagt,“ sagði Helgi Seljan um málið.

> Það er alveg sama hversu marga dálksentimetra Jón Baldvin Hannibalsson tekur undir þessar greinar sínar.
>
> Helgi Seljan fréttamaður



Grein, undirrituð af Jóni Baldvini og Bryndísi með kennitölum þeirra, var birt í Morgunblaðinu í gær. Í henni er útvarpsstjóra gefinn sjö daga frestur til að draga til baka ummæli sem féllu í útvarpsþætti þar sem Sigmar og Helgi ræddu við Aldísi Schram, dóttur þeirra hjóna. Einnig segja þau að útvarpsstjóri eigi að veita Helga og Sigmari alvarlega áminningu fyrir gróf brot á siðareglum Ríkisútvarpsins og að biðja eigi áheyrendur afsökunar á vinnubrögðum þeirra.


**Magnús Geir Þórðarson útvarpstjóri.**

„En ef þér, hr. útvarpsstjóri, kjósið að bregðast ekki við þessari áskorun okkar áskiljum við okkur allan rétt til að stefna yður, fyrir hönd Ríkisútvarpsins, og starfsmönnum yðar, sem og viðmælendum, fyrir rétt, til þess að fá meiðyrði, ranghermi og tilhæfulausar ásakanir, dæmdar dauðar og ómerkar. Og að Ríkisútvarpinu verði skylt að bæta þolendum þessarar ófrægingarherferðar það tjón, sem þau hafa orðið fyrir af völdum RÚV,“ skrifa þau Bryndís og Jón. Fjölskylda þeirra hafi beðið óbætanlegt tjón af völdum umfjöllunar fréttamanna RÚV.

Útvarpsstjóri telur heldur ekki tilefni til þess biðja hjónin afsökunar. Hann segir fréttagildi viðtalsins hafi verið ótvírætt og að siðareglur hafi verið virtar við gerð þess. Magnús sagði Jón Baldvin ekki hafa haft beint samband við sig vegna málsins. Ef þau Jón Baldvin og Bryndís telji á sér brotið bendir Magnús Geir á siðanefnd RÚV eða siðanefnd Blaðamannafélags Íslands. Þangað sé alltaf hægt að leita. **gar@frettabladid.is**




ILVA



# WOODSTORY

HANNAÐU ÞITT EIGIÐ
BORÐSTOFUBORÐ EÐA SKENK

VEFVERSLUN - WWW.ILVA.IS - ALLTAF OPIN -

## 25-50%

af völdum borðstofuhúsgögnum
og sérpöntunum- fleiri tilboð í verslun

50%

**MOON NY** stóll. Grá seta, viðarfætur. 17.900 kr. Nú 8.950 kr.

50%

**CAROLINA** stóll. Bleik seta, svartir fætur. 12.900 kr. Nú 6.450 kr.

30%

**PARIS** stóll. Svört seta, viðarfætur. 14.900 kr. Nú 9.900 kr.

30%

**DAWN** stóll. Hvít seta, viðarfætur. 14.900 kr. Nú 9.900 kr.


**HYPE** stóll. Brúnt leðurlíki. 49.900 kr. Nú 37.425 kr.


**SINGLE** borðstofuborð. Hvít laminat borðplata með eikarfótum. 80x120/217 cm. 59.900 kr. Nú 44.925 kr. Innbyggðar framlengingar


**HONEST** borðstofuborð. 200x95 cm. Olíuborin eik, svartir fætur. 149.900 kr. Nú 99.900 kr.


**LAKE** borðstofuborð. Gegnheil eik. 200x100x75 cm. 119.900 kr. Nú 89.900 kr.



## 25%

af öllum borðbúnaði

lýkur 24. febrúar

BROSTE COPENHAGEN

RAW CRAFTED CONCEPT - EST. 1835 -

**NORDIC** hliðardiskur. Ø15 cm. 995 kr. Nú 746 kr.

**RAW** matardiskur 28 cm. 1.795 kr. Nú 1.346 kr.
Fat. 34 cm. 5.595 kr. 4.196 kr.

**ILVA Korputorgi**, s: 522 4500 www.ILVA.is
Laugardaga og sunnudaga 12-18, mánudaga - föstudaga 11-18:30

netgíró
VALITOR

FACEBOOK.COM/ILVAISLAND
INSTAGRAM.COM/ILVAISLAND

## Harmleikur þegar sjúklingur á Vogi kveikti í sér

**HEILBRIGÐISMÁL** Sjúklingur á sjúkrahúsinu Vogi var fluttur í sjúkrabíl á slysadeild um helgina með brunasár en grunur leikur á að hann hafi kveikt í sér. Litlar upplýsingar fást um líðan mannsins en forstjórinn á Vogi kveðst ekki hafa þær upplýsingar.

„Þetta er harmleikur fyrir einstaklinginn,“ segir Valgerður Á. Rúnarsdóttir, forstjóri sjúkrahússins Vogs. Hún vildi lítið tjá sig um atvikið og taldi það ekki fréttnæmt. Það hafi verið eins og hvert annað slys.

„Þetta er bara atvik sem verður. Get ekki tjáð mig um það frekar en önnur mál,“ segir Valgerður. Aðspurð um líðan mannsins vísar hún á sjúkrahúsið, hún hafi ekki þær upplýsingar. Og ef grunur sé um eitthvað til að rannsaka þá sé það lögreglunnar. Landspítali hefur þá reglu að svara ekki spurningum um einstaka sjúklinga. Margeir Sveinsson, aðstoðaryfirlögregluþjónn í miðlægri rannsóknardeild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, kvaðst ekki kannast við að málið hefði komið inn á borð þar.

Sjálfsskaði er sjaldgæfur á Vogi. Fram kom í svari heilbrigðisráðherra við fyrirspurn á síðasta þingi að tveir einstaklingar hafi fyrirfarið sér á þeim 40 árum sem sjúkrahúsið hefur verið starfrækt. **– smj**




**Sjúkrahúsið Vogur við Stórhöfða í Reykjavík.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Lækka laun bæjarfulltrúa

**STJÓRNSÝSLA** Bæjarstjórn Kópavogs samþykkti á fundi sínum á þriðjudag að lækka laun bæjarfulltrúa sinna um fimmtán prósent. Tillögu Ármanns Kr. Ólafssonar, bæjarstjóra Kópavogs, þess efnis má rekja til umfjöllunar Fréttablaðsins í fyrra um hvernig laun hans höfðu hækkað um 612 þúsund krónur milli ára.



**Ármann Kr. Ólafsson, bæjarstjóri Kópavogsbæjar.**

Þó það hafi aðeins verið há laun bæjarstjórans og mikil hækkun þeirra milli ára sem vakti hörð viðbrögð og gagnrýni þá lagði bæjarstjórinn ekki aðeins til að laun hans heldur allra bæjarfulltrúa að auki yrðu lækkuð um 15 prósent í upphafi kjörtímabils. Laun Ármanns Kr. lækkuðu þegar þann 12. júní síðastliðinn, úr 2,5 milljónum í 2,1 milljón króna á mánuði. Er hann eftir sem áður einn hæstlaunaði kjörni fulltrúi landsins og þótt víðar væri leitað.

Lækkunin sem bæjarstjórn samþykkti einróma á fundi sínum þýðir að föst laun fulltrúanna lækka um 53 þúsund krónur á mánuði, fara úr 353.958 krónum í 300.864 krónur. Laun fyrir setu í öðrum nefndum og ráðum haldast óbreytt. **– smj**

FRÉTTABLAÐIÐ
Vertu fyrst/ur að lesa blaðið
Fáðu blað dagsins í tölvupósti kl. 5.00 á morgnana.
Skráðu þig á póstlista Fréttablaðsins á **www.frettabladid.is/nyskraning.** Það kostar ekkert.

# Stjórnvöld hafi ríkan vilja til að koma að lausn viðræðna

**Samtök atvinnulífsins lögðu í gær fram samningstilboð sem VR, Efling, VLFA og VLFG munu svara á morgun en trúnaður ríkir um innihald þess. Forsætisráðherra segir ríkan vilja hjá stjórnvöldum til að koma að lausn deilunnar. Þótt þessi ferli séu aðskilin þurfi þau á einhverjum tímapunkti að mætast.**

**KJARAMÁL** „Stjórnvöld hafa núna átt í óformlegum samtölum við aðila vinnumarkaðarins um hver hugsanleg aðkoma okkar gæti verið til að greiða fyrir samningum. Það liggur fyrir að hún er háð því að það sjáist til lands í kjaraviðræðum. Þetta eru aðskilin ferli en þau þurfa svo að mætast á einhverjum tímapunkti,“ segir Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra um stöðuna í kjaraviðræðum.

Samtök atvinnulífsins lögðu í gær fram samningstilboð í kjaradeilu sinni við VR, Eflingu, Verkalýðsfélag Akraness og Verkalýðsfélag Grindavíkur. Að ósk ríkissáttasemjara ríkir trúnaður um innihald tilboðsins en stéttarfélögin fjögur munu svara því á samningafundi á föstudaginn.

Vilhjálmur Birgisson, formaður Verkalýðsfélags Akraness, segir að tilboð SA sé fyrsta skrefið í því að menn geti rýnt enn betur í stöðuna. „Það er auðvitað þannig að þessar viðræður eru á mjög viðkvæmu stigi og er þar vægt til orða tekið. Þessi hópur okkar sem hefur yfir 60 prósent félagsmanna ASÍ á bak við sig mun vinna mjög þétt saman í áframhaldinu.“



**Samningstilboð SA var lagt fram á fundinum í gær en trúnaður ríkir um innihald þess.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Vilhjálmur segir það skýrast í næstu viku hvort það verði vík milli aðila eða hvort menn nái að þreifa sig eitthvað áfram. „Aðkoma stjórnvalda að lausn þessarar deilu er náttúrulega æpandi. Það þarf að liggja fyrir fljótlega eftir helgi.“

Katrín segir það liggja fyrir að það sé ríkur vilji hjá stjórnvöldum til að greiða fyrir lausn þessara mála. Þau mál sem séu í umræðunni séu mislangt komin en á þetta sé komin nokkuð heildstæð mynd.

„Aðkoma okkar getur verið í gegnum húsnæðismálin þar sem tillögur liggja fyrir og svo höfum við verið að undirbúa tillögur í skattamálum sem geta auðvitað hjálpað til. Svo höfum við lagt fram tillögur varðandi félagsleg undirboð og til umræðu hafa verið einhverjar aðgerðir varðandi málefni verðtryggingarinnar,“ segir Katrín.

Vilhjálmur segir að næsti sólarhringur verði nýttur til þess að reikna út og skoða hlutina vel. „Að sjálfsögðu er partur af því líka að reyna að þrýsta á stjórnvöld því við þurfum að fara að sjá ofan í það box til að geta vegið og metið hvar við stöndum gagnvart SA. Það er ljóst að við erum að horfa til þess ásamt því að ná saman við SA í samningi sem myndi gilda í nokkur ár.“

Allt lúti þetta að því að auka ráðstöfunartekjur. „Eins og ég hef margoft sagt er meðal annars hægt að gera það í gegnum skattabreytingar og leiguvernd. Að stjórnvöld fari nú að huga að því að taka hagsmuni alþýðunnar og íslenskra heimila fram yfir hagsmuni fjármálakerfisins.“

Halldór Benjamín Þorbergsson, framkvæmdastjóri SA, sagðist ekki ætla að tjá sig um stöðuna fyrr en eftir samningafundinn á morgun.

**sighvatur@frettabladid.is**

ramisland.is

RAM 3500 - HÖRKUTÓL SEM ENDIST




EIGUM ALLAR ÚTFÆRSLUR TIL AFHENDINGAR, SLT, LARAMIE, LARAMIE SPORT, LIMITED OG LIMITED TUNGSTEEN.
BJÓÐUM UPP Á 37” TIL 42” BREYTINGARPAKKA.

ÍSBAND
ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOÐ

UMBOÐSAÐILI RAM TRUCKS Á ÍSLANDI • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR • S. 534 4433
WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-16

RAM
UMBOÐSAÐILI RAM Á ÍSLANDI

HONDA

# FRUMSÝNUM RAFMAGNAÐAN

# CR-V HYBRID

*á laugardag milli kl. 10:00 og 16:00*




HONDA

**Bernhard - Honda á Íslandi** • Vatnagörðum 24 • 104 Reykjavík • Sími 520 1100 • www.honda.is

**Umboðsaðilar:** Bílver, Akranesi, sími 431 1985 • Höldur, Akureyri, sími 461 6020 • Bragginn, Vestmannaeyjum, sími 481 1535

# Vanþekking á lögum orsök brotsins

**Reykjavíkurborg taldi sig vera að fara eftir settum lögum og reglum þegar bréf og SMS-skilaboð voru send á tiltekna hópa í aðdraganda kosninga í fyrra. Veigamikil atriði voru ekki send Persónuvernd þar sem starfsmenn borgarinnar héldu að þess þyrfti ekki.**



Starfsfólk ráðhússins virðist ekki hafa vitað hvað og hvað ekki var háð leyfi samkvæmt þágildandi persónuverndarlögum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**STJÓRNSÝSLA** Vanþekking á lögum og reglum persónuverndarréttar Reykjavíkur urðu til þess að borgin braut gegn persónuverndarlögum í aðdraganda borgarstjórnarkosninganna síðastliðið vor. Þá vantaði mikilvægar upplýsingar af hálfu borgarinnar í samskiptum við Persónuvernd (PRS).

Í ákvörðun PRS frá því fyrir helgi komst stofnunin að þeirri niðurstöðu að Reykjavíkurborg, Þjóðskrá og tveir rannsakendur við Háskóla Íslands, Magnús Þór Torfason og Hulda Þórisdóttir, hafi ekki farið eftir ákvæðum þágildandi persónuverndarlaga.

Forsaga málsins er sú að Reykjavíkurborg ákvað í byrjun árs í fyrra að ráðast í aðgerðir til að auka kosningaþátttöku. Til að ná því marki stóð til að senda bréf á innflytjendur sem nýverið höfðu öðlast kosningarétt í borgarstjórnarkosningum, konur yfir áttrætt og ungt fólk sem var að kjósa í fyrsta skipti. Á síðastnefnda hópnum stóð einnig til að gera rannsókn á hvaða áhrif hvatningin hefði.

Fréttablaðið fékk afrit af bréfum sem send voru milli aðila í aðdraganda málsins. Þann 3. maí í fyrra sendi Anna Kristinsdóttir, mannréttindastjóri Reykjavíkurborgar, bréf til PRS þar sem fyrirætlanir borgarinnar voru útlistaðar að hluta. Í bréfinu segir að til standi að senda ungum kjósendum „bréf þar sem fram koma upplýsingar um það hvar eigi að kjósa“. Einnig sé þó mikilvægt að senda upplýsingar rafrænt og beðið um heimild til að senda SMS á fyrstu kjósendur með upplýsingum hvar þeim beri að kjósa. Rannsóknarinnar er getið í bréfinu en fyrirkomulag hennar ekki útlistað frekar. Bréf til aldraðra kvenna og innflytjenda eru ekki nefnd og ekki að til hafi staðið að senda fjögur mismunandi bréf á fyrstu kjósendur.

Það sem var hins vegar ekki tekið fram í bréfinu var að ekki stóð til að senda SMS-skilaboð á alla fyrstu kjósendur heldur aðeins helming þeirra svo unnt væri að kanna hvort skilaboðin hefðu áhrif á kjörsókn. Þá fékk um fimmtungur fyrstu kjósenda ekki bréf til sín en það var liður í rannsókninni. Um þessa þætti málsins var PRS ekki upplýst. Það hefði ýtt málinu í annan farveg.

Svarbréf PRS barst borginni 14. maí en þar kom fram að það að senda fyrstu kjósendum bréf og SMS væri ekki háð leyfi stofnunarinnar. Svarið virðist miða við það að um allan hópinn sé að ræða.

**Allt eftir réttum leikreglum**

Á fundi borgarstjórnar 15. maí var rædd tillaga Sjálfstæðisflokksins um að afla leyfis PRS fyrir sendingunum. Í máli meirihlutans kom fram að það væri óþarfi. „Í gær kom sú niðurstaða frá PRS að þar sem ekki væri um markaðsefni að ræða, heldur almenna miðlun upplýsinga, þá væri ekki gerð við þetta athugasemd. [...] Allt þetta mál hefur verið unnið eftir réttum leiðum og leikreglum,“ sagði Dagur B. Eggertsson borgarstjóri á þeim fundi.



Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri Reykjavíkur.



Anna Kristinsdóttir, mannréttindastjóri Reykjavíkur.

Af því sem fram fór á fundinum voru sagðar fréttir en með þeim fékk PRS fyrst upplýsingar um bréfin til innflytjenda og aldraðra kvenna. Vakti stofnunin athygli dómsmálaráðuneytisins (DMR) á málinu sem benti á að ekki kæmi fram í upplýsingum til ungra kjósenda að þeir væru andlag rannsóknar.

Það er fyrst þann 22. maí sem borgin og rannsakendur upplýsa PRS um nákvæmt fyrirkomulag rannsóknarinnar. Í bréfi 24. maí segja sömu aðilar að ekki sé unnt að upplýsa fyrstu kjósendur um rannsóknina því það gæti spillt henni. Þá hefðu þau leitað álits vísindasiðanefndar HÍ sem hefði gefið rannsókninni jákvæða umsögn og að hún væri í „samræmi við skilyrði vísindasiðareglur [sic]“.

**Reyndu ekki að fela gögn**

Í ákvörðun PRS segir meðal annars að rannsóknin hafi ekki miðað að því marki að skilja lága og minnkandi kjörsókn, líkt og sagt var í bréfi til stofnunarinnar, og að skilaboð til kjósenda hafi ekki verið send í þeim tilgangi einum að upplýsa kjósendur. Að auki hafi texti sumra bréfanna verið gildishlaðinn í einhverjum tilfellum. Þá sér stofnunin ekki að nein rök standi til þess að nauðsynlegt sé að upplýsa konur yfir áttrætt um kosningarétt þeirra og taldi ámælisvert að borgin hefði ekki veitt upplýsingar um alla þætti.

Í tilkynningu á vef Reykjavíkurborgar segir að ákvörðun PRS hafi komið mannréttindastjóra „á óvart í ljósi fyrri samskipta við stofnunina“. Í svari við fyrirspurn Fréttablaðsins, um hvað hafi komið á óvart í ljósi þeirra athugasemda sem gerðar voru af hálfu PRS í aðdraganda kosninganna, segir Bjarni Brynjólfsson, upplýsingafulltrúi borgarinnar, að það hafi verið vegna aðfinnslna stofnunarinnar. „Aldrei var reynt að halda gögnum frá PRS,“ segir í svarinu.

Spurningu um hví PRS hafi ekki verið upplýst um hverjum stóð til að senda bréfin var svarað á þann veg að þau hefðu ekki talið sendinguna leyfisskylda. Spurningu um hví ekki var hætt við sendingu SMS-skilaboðanna í ljósi athugasemda DMR og PRS var svarað þannig að „þeir sem að verkefninu komu töldu skilaboðin ekki brjóta lög um persónuvernd“. joli@frettabladid.is

## Ferill málsins frá ársbyrjun til kosninga

**18. janúar 2018**
Starfshópur um leiðir til að auka kosningaþátttöku skilar af sér.

**5. febrúar 2018**
Borgarráð samþykkir tillögurnar einróma.

**3. maí 2018**
Borgin sendir Persónuvernd upplýsingar um SMS-in og rannsóknina.

**14. maí 2018**
Persónuvernd svarar erindinu og segir að það sé ekki leyfisskylt. Síðar sama dag á sér stað símtal milli stofnunarinnar og mannréttindastjóra. Í símtalinu var borginni tjáð að PRS hefði aðeins borist takmarkaðar upplýsingar um fyrirkomulagið. Í símtalinu nefnir mannréttindastjóri bréf til kjósenda fyrst.

**15. maí 2018**
Sagt frá bréfum til innflytjenda og eldri kvenna á borgarstjórnarfundi.

**17. maí 2018**
Borgin sendir Persónuvernd afrit af bréfum til nýrra kjósenda. Ekki var getið bréfa til innflytjenda og eldri kvenna.

**17. maí 2018**
Fundur í borgarráði. Bókanir með athugasemdum um fyrirkomulagið voru færðar í trúnaðarbók. Sjálfstæðisflokkurinn sat hjá.

**18. maí 2018**
Persónuvernd sendir borginni bréf þar sem fram kemur að upphafleg beiðni 3. maí hafi verið afar villandi.

**18. maí 2018**
Persónuvernd sendir bréf til dómsmálaráðuneytis og umboðsmanns Alþingis vegna fyrirætlana borgarinnar.

**22. maí 2018**
Borgin sendir Persónuvernd bréf og segir að SMS-in verði ekki send á alla heldur aðeins hluta nýrra kjósenda. Viðtakendur ekki upplýstir um að þeir séu þátttakendur í vísindarannsókn þar sem það gæti spillt rannsókninni og niðurstöðum hennar.

**23. maí 2018**
Dómsmálaráðuneytið leggst gegn sendingum smáskilaboðanna.

**26. maí 2018**
Kjördagur. SMS-in send af stað til kjósenda.

# Landsbankinn gefur ekki upp bílaflota bankatoppa

**KJARAMÁL** Landsbankinn sér framkvæmdastjórum sínum sex og bankastjóra fyrir bifreiðum og annast rekstur þeirra að fullu. Bankinn hafnaði beiðni Fréttablaðsins um upplýsingar um kaupverð og hvaða bíltegundir um er að ræða. Bankinn segir að bílarnir sem bankastjórnendurnir fá til fullra afnota séu á af árgerðum 2010 til 2016.

Líkt og Fréttablaðið fjallaði um á laugardag þá samanstanda laun bankastjóra og framkvæmdastjóranna sex af launum og bifreiðahlunnindum. Í ráðningarsamningunum er kveðið á um heildarlaun en þar segir að starfsmenn geti farið fram á að bankinn sjái þeim fyrir bifreið. Geri þeir það lækka laun þeirra sem nemur tekjumati ríkisskattstjóra fyrir viðkomandi bifreið. Viðkomandi starfsmenn greiða hlunnindaskatt samkvæmt tekjumati ríkisskattstjóra.

Í ljósi 17 prósenta launahækkunar bankastjóra Landsbankans á síðasta ári óskaði Fréttablaðið eftir upplýsingum um hækkanir framkvæmdastjóranna. Í ársreikningi eru laun sexmenninganna ekki sundurliðuð en heildarlaun og hlunnindi námu 199,6 milljónum króna á síðasta ári.

Landsbankinn segir að meðaltal launa framkvæmdastjóranna sex hafi hækkað úr 2,6 milljónum króna á mánuði árið 2017 í 2,8 milljónir að meðaltali. Eða 7 prósent.

„Skýrist hækkun á þessum lið að mestu vegna kjarasamningsbundinna hækkana,“ segir í svari bankans. – smj




Æðstu stjórnendum Landsbanka er séð fyrir bifreiðum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# CLINIQUE

Ofnæmisprófað. 100% ilmefnalaust




**CLINIQUE KYNNING Í HAGKAUP**
**14. – 20. FEBRÚAR**

**20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM CLINIQUE VÖRUM**

**GLÆSILEGUR KAUPAUKI* FYLGIR ÞEGAR KEYPTAR ERU CLINIQUE VÖRUR FYRIR 7.900 EÐA MEIRA**

**meðan birgðir endast*

HAGKAUP

Meira svona alla daga









Kannabisframleiðsla einstaklinga hér á landi er ólögleg og verður það áfram. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Vilja afskrá kannabis sem hættulegt fíkniefni

**Fyrir Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni liggur álit sérfræðiráðs Sameinuðu þjóðanna um að taka kannabis af lista með hættulegustu fíkniefnunum. Kosið verður um álitið í næsta mánuði.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Sérfræðiráð Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO) um ávanabindandi fíkniefni hefur lagt til endurskoðun á kannabisefnum með það að leiðarljósi að afskrá kannabis úr flokki með hættulegustu fíkniefnum þessa heims. Skilgreiningin er frá árinu 1961 og því komin til ára sinna. Málið verður tekið fyrir í næsta mánuði innan fagráðs Sameinuðu þjóðanna um ávanabindandi fíkniefni (CND).

Verði þessi endurskoðun samþykkt í næsta mánuði yrði það formleg viðurkenning á að þjóðir heims hafi í raun haft rangt fyrir sér bæði um skaðsemi kannabis sem og lækningamátt jurtarinnar í um hálfa öld. Þessi mögulega nýja stefna WHO kemur á sama tíma og fjöldi ríkja hefur horfið frá þeirri stefnu að gera neyslu og vörslu kannabisefna refsiverða. Þessi framvinda gæti því að einhverju leyti hraðað þeirri þróun.

Markmið þessara tilmæla er að tryggja heilsu fólks en um leið að takmarka ekki aðgengi fólks að kannabistengdum efnum sem hafa sannarlega, og vísindalega, sannað virkni sína sem meðferð við einhvers konar kvillum.

Helgi Gunnlaugsson, prófessor í afbrotafræði við Háskóla Íslands, segir það ekki koma sér á óvart að þetta sé lagt til. „Það má segja að árið 1961 hafi vísindin ekki vitað mikið um þetta efni. Á síðustu árum hefur ýmis skaðsemi komið fram en þó ekki eins stórhættuleg og áður var talið. Endurskoðun hefur átt sér stað víða með afglæpavæðingu á vörslu til eigin nota, lögleiðingu vestanhafs og sums staðar leyft í lækningaskyni,“ segir Helgi. „Kannabis er samt skaðlegt ungu fólki á uppvaxtarárum þess og það hefur ekkert breyst.“



**Helgi Gunnlaugsson, afbrotafræðingur og prófessor við Háskóla Íslands.**

Fagráðið hefur farið ítarlega yfir málið með hliðsjón af lýðheilsu og öðrum almennum þáttum. Álit fagráðsins er byggt á vísindalegum rannsóknum og þeirri þekkingu sem er til staðar um efnið. Fagráðið hefur einnig vegið og metið vísindalega þekkingu þegar kemur að lækningamætti efnisisins.

Hjá Embætti landlæknis fengust þær upplýsingar að grannt væri fylgst með þróun málsins. Hins vegar væri áréttað að ekki væri búið að taka neina ákvörðun um hvort kannabis yrði tekið af lista yfir skaðlegustu fíkniefni þessa heims.

– sa



# Ótakmarkað gamanmagn



## Endalaust Internet fyrir 6.990 kr. á mánuði*

Uppsetning innifalin

Kláraðu málið á **vodafone.is**, í síma **1414** eða komdu við í næstu verslun.

Framtíðin er spennandi.

**Ertu til?**

vodafone

Hluti af sýn

*Aðgangsgjald og netbúnaður ekki innifalið í verði.

## Vonsvikin prinsessa

**TAÍLAND** Tími Ubolratana, prinsessu og systur Taílandskonungs, sem forsætisráðherraefni Þjóðbjörgunarflokks Taílands var stuttur og sagði prinsessan í gær að það ylli henni vonbrigðum. Landskjörstjórn útilokaði framboð hennar, fáeinum dögum etir að um það var tilkynnt og Vajiralongkorn konungur fordæmdi það enda engin hefð fyrir þátttöku konungsfjölskyldunnar í stjórnmálum.

**Ég vildi einungis vinna fyrir landið og okkur Taílendinga.**

Ubolratana, prinsessa Taílands



„Ég er afar leið yfir þessu öllu saman. Ég vildi einungis vinna fyrir landið og okkur Taílendinga en það hefur valdið vandamálum sem ættu ekki að vera til nú til dags,“ sagði Ubolratana á Instagram.

Í svari landskjörstjórnar við framboði Ubolratana sagði að „allir meðlimir konungsfjölskyldunnar þyrftu að lúta sömu reglum um að fjölskyldan væri hlutlaus og tæki ekki þátt í stjórnmálum“. Kjörstjórn hefur sömuleiðis tilkynnt um að hún hyggist refsa Þjóðbjörgunarflokknum fyrir þetta meinta brot og jafnvel er talið að hann verði leystur upp.“ – þea

## Blaðamenn enn ofsóttir á Filippseyjum

**FILIPPSEYJAR** Maria Ressa, forstjóri filippseyska fjölmiðilsins Rappler, hefur verið handtekin. Ressa segir að handtakan sé liður í aðgerðum Rodrigos Duterte, forseta landsins, til að þagga niður í fjölmiðlum sem gagnrýna hann. Ressa var handtekin á skrifstofu Rappler í höfuðborginni Maníla.

Ressa var meðal þeirra fjögurra blaðamanna sem hlutu verðlaunin Manneskja ársins hjá tímaritinu Time árið 2018. Fékk hún þau fyrir gagnrýna umfjöllun sína um stríð Dutertes á hendur fíkniefnum og þeim sem þau selja á Filippseyjum.

Stjórnvöld segja handtöku Ressa vera vegna umfjöllunar hennar í tengslum við dómsmál yfir viðskiptamanni á Filippseyjum árið 2012. Er henni gefið að sök að hafa brotið lög með ærumeiðandi umfjöllun vegna málsins. – dfb

# Felldu fjárlög spænsku ríkisstjórnarinnar

**Fjárlagafrumvarp ríkisstjórnar Sósíalistaflokksins fellt á spænska þinginu. Katalónskir aðskilnaðarsinnar greiddu atkvæði gegn því en hafa hingað til varið stjórnina vantrausti. Kosningar líklegar. Réttarhöld yfir Katalónum halda áfram í Madríd.**



Sánchez forsætisráðherra niðurlútur í þingsal í gær. NORDICPHOTOS/AFP

**SPÁNN** Pedro Sánchez, forsætisráðherra Spánar, beið ósigur á þingi í gær þegar fjárlagafrumvarp minnihlutastjórnar Sósíalistaflokksins var fellt. Samkvæmt heimildum spænskra miðla verður boðað til nýrra kosninga sem trúlega fara fram í apríl. Það hafði ekki gerst þegar fréttin var skrifuð.

Atkvæðagreiðslan um frumvarpið kom í raun á versta tíma fyrir Sánchez. Stjórnin, sem tók við eftir að vantraust var samþykkt á Mariano Rajoy, forsætisráðherra og þingmann Lýðflokksins, þurfti að reiða sig á stuðning Podemos, nokkurra smáflokka og bandalags þingmanna úr katalónskum flokkum sjálfstæðissinna.

Það er ekki nóg með að Katalónar eigi í deilu við stjórnvöld vegna sjálfstæðismálsins alls, það er að segja sjálfstæðisatkvæðagreiðslu- og yfirlýsingar haustsins 2017 og ákæranna sem á eftir fylgdu, heldur hófust réttarhöld yfir leiðtogum hreyfingarinnar á þriðjudag. Þrír aðilar sækja málið, tveir opinberir og svo þjóðernishyggjuflokkurinn Vox, og krefjast áratugafangelsis fyrir meðal annars uppreisn, uppreisnaráróður og skipulagða glæpastarfsemi.

Quim Torra, forseti Katalóníu, sagði á þriðjudagskvöld að Katalónar myndu ekki styðja frumvarpið nema stjórnvöld mættu til viðræðna til þess að ræða um sjálfsákvörðunarrétt Katalóna og möguleikann á nýrri, opinberri atkvæðagreiðslu um sjálfstæði héraðsins.

Það vildi Sósíalistaflokkurinn ekki gera. Stjórnin varaði við því að íhaldsflokkarnir gætu tekið við völdum ef frumvarpið yrði fellt og að þeir yrðu harðari í afstöðu sinni gegn Katalóníu. Allt kom þó fyrir ekki.



„Í dag vorum við í fararbroddi þegar ákvörðun var tekin sem ég held að marki tímamót á þinginu. Eða, svo ég orði þetta aðeins öðruvísi, bindur enda á forsætisráðherratíð Pedros Sánchez,“ sagði Pablo Casado, leiðtogi Lýðflokksins.

Samkvæmt könnunum mælist Sósíalistaflokkurinn stærstur með um þrjátíu prósent. Samanlagt hafa Lýðflokkurinn og Borgaraflokkurinn, hægri flokkarnir tveir, álíka fylgi. Vox sækir svo í sig veðrið og mun trúlega komast á kortið á landsvísu í næstu kosningum.

Annars staðar í Madríd, nánar tiltekið í hæstarétti, hélt meðferð Katalóníumálsins áfram. Á þriðjudaginn höfðu verjendur flutt sín opnunarorð. Gagnrýnt meint brot á tjáningar-, skoðana- og öðru frelsi ákærðu, meinta hlutdrægni hæstaréttar sem og að þeir hafi ekki enn fengið öll gögn í hendur. Verjendur bentu einnig á að bæði uppreisn og uppreisnaráróður þyrftu að fela í sér eitthvert ofbeldi og sögðu að Katalónarnir hefðu ekki staðið fyrir neinu slíku heldur einvörðungu spænska lögreglan.

Komið var að sækjendum í gær. Það er að segja ríkissaksóknara, saksóknara dómsmálaráðuneytisins og öfgaflokknum Vox. Javier Zaragoza frá embætti ríkissaksóknara sagði að ekki væri verið að rétta yfir Katalónunum vegna pólitískrar stefnu þeirra heldur vegna gjörða þeirra.

„Hin ákærðu, sem brutu með alvarlegum hætti gegn spænsku stjórnarskránni, eru nú útmáluð sem fórnarlömb ofsókna. En það voru engar ofsóknir,“ sagði Zaragoza. Þá hélt hann því einnig fram að Katalónarnir hefðu staðið fyrir ofbeldi. Meðal annars á kjördag og við mótmæli þann 20. september 2017.

„Ég held að ábyrgðin á ofbeldinu á kjördag liggi ekki hjá spænsku lögreglunni heldur hjá þeim sem kölluðu saman þúsundir borgara í því skyni að hindra störf lögreglu,“ sagði Zaragoza aukinheldur en á kjördag reyndu mótmælendur að koma í veg fyrir að lögregla gerði kjörkassa upptæka og lokaði kjörstöðum.

Samkvæmt heilbrigðisstofnun Katalóníu leituðu alls 1.066 aðstoðar eftir kjördag vegna áverka. Flestir höfðu enga alvarlega áverka en tugir höfðu opin sár, fengu heilahristing eða beinbrot. Mörgum þykir því spænska lögreglan hafa gengið of hart fram á kjördag.

Rosa Maria Seoane, saksóknari dómsmálaráðuneytisins, neitaði alfarið þeim ásökunum verjenda að réttarhöldin væru pólitísk og að brotið væri á mannréttindum. „Þetta eru hefðbundin sakamálaréttarhöld og hér eru öll réttindi aðila sem eiga hlut að máli tryggð. Málið er ekki flóknara en svo.“

thorgnyr@frettabladid.is

## Sakaðir um glæpi gegn mannkyni

**ÞÝSKALAND** Tveir sýrlenskir ríkisborgarar, sem handteknir voru af þýskum lögregluyfirvöldum á þriðjudaginn, eru grunaðir um gróf mannréttindabrot og glæpi gegn mannkyni. Mönnunum er gefið að sök að hafa pyntað þúsundir einstaklinga á árunum 2011 til 2012. Fórnarlömb mannanna eru sögð hafa verið andófsfólk sem barðist gegn Bashar al-Assad Sýrlandsforseta.



Bashar al-Assad Sýrlandsforseti.

Karlmennirnir sem voru handteknir virðast báðir hafa sótt um hæli í Þýskalandi eftir að þeir yfirgáfu Sýrland árið 2012. Annar þeirra, Anwar R, er grunaður um glæpi gegn mannkyninu. Hann á að hafa verið yfirmaður í GSD-leyniþjónustunni og starfrækt fangelsi þar sem að minnsta kosti tvö þúsund manns voru pyntuð á tímabilinu frá apríl árið 2011 til september árið 2012.

Hinn maðurinn, Eyad A, er grunaður um að hafa aðstoðað hann við verk sín í fangelsinu og er því einnig grunaður um glæpi gegn mannkyninu. Þriðji maðurinn, sem einnig er talinn hafa starfað hjá fangelsinu, var handtekinn í Frakklandi í gær í samræmdri aðgerð Þjóðverja og Frakka.

Ríkisstjórn Sýrlands hefur neitað því að hafa myrt eða farið illa með fanga. GSD er sögð ein valdamesta leyniþjónustustofnun Sýrlands þar sem starfsmenn hafa það hlutverk að bæla niður mótþróa gegn sýrlensku ríkisstjórninni. – la

## Danir æstir í lífræn matvæli

**DANMÖRK** Engin þjóð kaupir jafn mikið af lífrænum matvælum og Danir samkvæmt nýrri úttekt Swiss Independent. Úttektin leiðir í ljós að árið 2017 voru 13,3 prósent af matarinnkaupum danskra neytenda lífræn matvæli. Þannig eru Danir langt á undan neytendum í Svíþjóð og Sviss þar sem hlutfallið nam níu prósentum.

Rannsóknin varpar ljósi á þann gríðarlega áhuga sem er fyrir lífrænum matvælum um þessar mundir. Árið 2017 nam sala á slíkum afurðum 97 milljörðum Bandaríkjadala. Hnattræn velta með lífræn matvæli hefur tvöfaldast á 10 árum. – khn





RAFMAGNIÐ ER KOMIÐ Í RANGE ROVER

**Range Rover Sport HSE PHEV**
**Verð frá: 13.690.000 kr.**

Range Rover Sport HSE P400e tengitvinnbíll setur ný viðmið. Einstök hönnun, framúrskarandi aksturseiginleikar og 404 hestöfl gera þennan sportlega lúxusjeppa að hagkvæmum og umhverfisvænum kosti.
Verið velkomin í reynsluakstur!

www.landrover.is

LAND ROVER
ABOVE & BEYOND

LAND ROVER HESTHÁLSI 6-8, 110 REYKJAVÍK, SÍMI: 525 6500

# Opportunity kveður eftir fimmtán ár


Hinsti dvalarstaður Opportunity-könnunarfarins er Þrautseigjudalurinn svokallaði á Mars. NORDICPHOTOS/GETTY

**Könnunarfarið Opportunity hefur rúntað um rauðu plánetuna í fimmtán ár en hefur núna sagt endanlega skilið við mannheima. Opportunity-leiðangurinn er einn sá farsælasti í sögu geimkönnunar mannsins.**

**MARS** Opportunity-leiðangrinum á Mars lauk formlega í gær þegar Bandaríska geimvísindastofnunin NASA tilkynnti að ítrekaðar tilraunir vísindamanna hennar við að koma á sambandi við geimfarið hefðu ekki borið árangur.

Opportunity-leiðangurinn er vafalaust eitt farsælasta verkefni geimferðasögunnar. Geimfarið lenti á rauðu plánetunni í janúar árið 2004 og upphaflega stóð til að það myndi kanna aðstæður þar og framkvæma vísindarannsóknir í 90 daga og ferðast í kringum einn kílómetra.

Fimmtán árum seinna hefur Opportunity ferðast 45 kílómetra og skilað til Jarðar ómetanlegu safni gagna um Mars.

„Í meira en áratug hefur Opportunity verið táknmynd framsækinnar könnunar sólkerfisins. Geimfarið hefur frætt okkur um Mars og vota, og hugsanlega lífvænlega, fortíð plánetunnar,“ sagði Thomas Zurbuchen, stjórnandi vísindaverkefna NASA, í yfirlýsingu í gær.

Samband milli Opportunity og Jarðar rofnaði í júní á síðasta ári. Síðan þá hafa vísindamenn og verkfræðingar NASA sent yfir eitt þúsund skipanir til geimfarsins, í þeirri von að það vakni til lífsins.

Hinsti dvalarstaður Opportunity er dalur sem nefndur hefur verið „Perseverance,“ eða Þrautseigja á íslenskri tungu.


**Opportunity er á stærð við litla bifreið.** FRÉTTABLAÐIÐ/NASA

„Ég held að það sé vart hægt að ímynda sér heppilegri stað en Þrautseigjudalinn sem ævarandi dvalarstað Opportunity,“ sagði Michael Watkins, framkvæmdastjóri rannsóknarstofu NASA í Kaliforníu, JPL, á fundi með blaðamönnum í gær. „Uppgötvanir og elja þessa litla geimfars er einstakur vitnisburður um hugvit og útsjónarsemi þeirra sem smíðuðu það á sínum tíma.“

Jim Bridenstine, forstjóri NASA, er á sama máli og segir í yfirlýsingu að Opportunity hafi nú þegar rutt leiðina fyrir mannaðar ferðir til Mars.

„Þegar sá dagur rennur upp þá munu fyrstu fótsporin á Mars einnig tilheyra þeim sem stóðu að Opportunity-verkefninu,“ sagði Bridenstine.

kjartanh@frettabladid.is




**Bifreiðagjöldin eru komin í pósthólfið þitt á island.is**

Greiðsluseðlar fyrir bifreiðagjöld einstaklinga birtast nú eingöngu á rafrænu formi. Þú nálgast þá í pósthólfinu þínu á island.is og um leið er krafa stofnuð í netbanka. Með þessu má spara um 65 milljónir króna og fimm tonn af pappír á hverju ári.

Gjalddagi bifreiðagjalda var 1. janúar og eindagi er 15. febrúar.

**Vilt þú útprentaðan seðil?**
Hafðu samband við þjónustuver Tollstjóra í **560 0350** eða á **fyrirspurn@tollur.is.**

Stafrænt Ísland | island.is | fjs | RSK

**Stefnum saman á stafrænt Ísland**




FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Flóttafólk mótmælir: „Líf okkar eru í húfi“

Hópur flóttafólks efndi til mótmæla í Reykjavík í gær. Þau gengu frá Hallgrímskirkju niður að Austurvelli. Þau mótmæla fjölda brottvísana og slæmum aðbúnaði og því misrétti sem þau upplifa þegar þau sækja um vernd hér á landi. Að meðaltali er 12 einstaklingum vísað frá Íslandi í hverri viku.











# Eignirnar þrefalt meiri en viðmið

**Hlutfall eigna Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta af tryggðum innstæðum er margfalt hærra en miðað er við í Evrópu. Hagfræðingur Samtaka fjármálafyrirtækja segir að hugsanlegt sé að hætta greiðslu iðgjalda í sjóðinn þar sem hann sé orðinn nægilega stór.**

Eignir Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta, sem hlutfall af tryggðum innstæðum, nema meira en þrefaldri þeirri lágmarksstærð sem miðað er við í evrópskum reglum um innstæðutryggingar. Þetta kemur fram í nýlegri umsögn Sambands íslenskra sparisjóða um þau áform Bjarna Benediktssonar, fjármála- og efnahagsráðherra, að lækka almenna hluta iðgjaldsins til sjóðsins.

Verði nýleg Evróputilskipun um innstæðutryggingakerfi innleidd hér á landi mun stærð íslenska sjóðsins, sem hlutfall af tryggðum innstæðum, nema ríflega fimmfaldri þeirri lágmarksstærð sem kveðið er á um í tilskipuninni.

**3,4**

**milljarðar króna voru iðgjöld aðildarfyrirtækja Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta á árinu 2017.**

Yngvi Örn Kristinsson, hagfræðingur Samtaka fjármálafyrirtækja, segir innstæðutryggingasjóði sáralítið notaða. Hugsanlegt sé að hætta greiðslu iðgjalda í íslenska sjóðinn þar sem hann sé orðinn nógu stór.

Heildareignir innstæðudeildar sjóðsins námu 33,6 milljörðum króna í lok árs 2017 og voru iðgjöld aðildarfyrirtækja til hans um 3,4 milljarðar króna á árinu.

Samband íslenskra sparisjóða telur í umsögn sinni full rök standa til þess að iðgjöld til íslenska tryggingasjóðsins verði lækkuð „mun meira“ en áformað er í frumvarpi fjármálaráðherra sem til stendur að leggja fram á þingi í vor.

### Svigrúm til minni vaxtamunar

Í frumvarpinu er lagt til að almenni hluti iðgjaldsins til Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta, sem hefur það hlutverk að veita innstæðueigendum í bönkum og sparisjóðum lágmarksvernd gegn greiðsluerfiðleikum viðkomandi fjármálafyrirtækis, úr 0,225 prósentum af iðgjaldagrunni á ársgrundvelli í 0,16 prósent.

Í minnisblaði fjármála- og efnahagsráðuneytisins, sem birt hefur verið í samráðsgátt stjórnvalda, er tekið fram að með lækkuninni muni svigrúm lánastofnana til þess að draga úr vaxtamun inn- og útlána aukast, neytendum og fyrirtækjum til hagsbóta.

Í umsögn Sambands íslenskra sparisjóða er bent á að nær öll ríki á EES-svæðinu hafi sett sér markmið um að eignir tryggingarsjóðs hvers ríkis nemi að lágmarki um 0,8 prósentum af tryggðum innstæðum. Er það í samræmi við ákvæði áðurnefndrar Evróputilskipunar. Miðað við núverandi túlkun á tryggðum innstæðum nemi hins vegar sambærilegt hlutfall í tilfelli íslenska sjóðsins um 2,6 prósentum eða „meira en þrefaldri þeirri lágmarksstærð sem er miðað er við samkvæmt Evrópureglum,“ að því er segir í umsögn sparisjóðanna.

### Sáralítið notaðir

Yngvi Örn bendir á að samkvæmt tilskipuninni geti lágmarksstærðin farið niður í 0,5 prósent af tryggðum innstæðum sé mikil samþjöppun í fjármálakerfinu og um sé að ræða kerfislega mikilvæg fyrirtæki með mikla markaðshlutdeild. „Slík fyrirtæki verða ekki tekin til innstæðutryggingameðferðar heldur skilameðferðar,“ útskýrir Yngvi. Hann bendir meðal annars á að þegar íslensku bankarnir fóru á hausinn haustið 2008 hafi ekkert verið borgað út úr tryggingasjóðnum vegna þeirra, heldur innlán færð til nýrra fyrirtækja og eignir á móti.



**Almennt iðgjald í sjóðinn verður lækkað.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

**Þá væri hugsanlega hægt að hætta greiðslu iðgjalda í sjóðinn því hann er orðinn nægilega stór.**



Yngvi Örn Kristinsson, hagfræðingur Samtaka fjármálafyrirtækja

„Fjölmargir sparisjóðir hafa jafnframt farið í þrot á undanförnum áratugum og í nánast öllum tilfellum er farin sú leið að innstæður eru færðar til starfandi fyrirtækja og eignir á móti. Það má því segja að innstæðutryggingarsjóðir séu í raun sáralítið notaðir,“ segir Yngvi Örn.

Aðspurður segir hann Samtök fjármálafyrirtækja fagna fyrirhugaðri lækkun á almenna iðgjaldinu. Samtökin hafi lengi þrýst á um að iðgjöld til sjóðsins verði lækkuð.

„Við vonumst til þess að frekari skref verði tekin í þessa átt í kjölfarið og að Evróputilskipun um innstæðutryggingarkerfi verði innleidd hér á landi á þessu ári. Þá væri hugsanlega hægt að hætta greiðslu iðgjalda í sjóðinn því hann er orðinn nægilega stór. Nokkrar þjóðir, til dæmis Danir, hafa hætt að greiða í tryggingarsjóð því hann hefur náð þeirri 0,8 prósenta lágmarksstærð sem miðað er við í Evrópu.“

Það felist mikill kostnaður í því að greiða í sjóð sem sé þegar orðinn nógu stór. **kristinningi@frettabladid.is**





ÖSSUR
LIFE WITHOUT LIMITATIONS

**Aðalfundur Össurar hf.** verður haldinn í höfuðstöðvum félagsins að Grjóthálsi 5 í Reykjavík, fimmtudaginn 7. mars 2019 kl. 9:00

Athygli hluthafa er vakin á því að þann 6. desember 2017 voru viðskipti með hlutabréf Össurar hf. sameinuð í kauphöll Nasdaq Copenhagen. Þá var öllum hlutabréfum Össurar hf. sem voru til viðskipta í Kauphöll Íslands umbreytt í hlutabréf sem eru til viðskipta í kauphöll Nasdaq Copenhagen. Við umbreytinguna voru hlutabréfin færð á safnreikninga og frá þeim tíma hafa hluthafar ekki verið skráðir undir eigin nafni í hlutaskrá Össurar hf.

Hluthafar sem vilja nýta atkvæðisrétt sinn á aðalfundinum þurfa því að afla fullnægjandi staðfestingar á eignarhlut sínum frá þeirri fjármálastofnun sem er með hlutabréf þeirra í vörslu. Hluthafar eru hvattir til að afla staðfestingar frá vörsluaðila sínum sem fyrst svo unnt sé að tryggja að atkvæðisrétturinn verði virkur á aðalfundardegi.

Hluthafar geta nálgast dagskrá fundarins, fundargögn og nánari upplýsingar um aðalfundinn á heimasíðu Össurar hf.: www.ossur.com/investors/AGM


# Lögðu Þórsmörk til 200 milljónir í nýtt hlutafé

Hlutafé Þórsmerkur, eiganda útgáfufélags Morgunblaðsins og tengdra fjölmiðla, var aukið um 200 milljónir króna í vetur. Þetta staðfestir Sigurbjörn Magnússon, stjórnarformaður Þórsmerkur, í samtali við Fréttablaðið. Hann segir að hlutafjáraukningin hafi öll komið frá þeim hluthöfum sem fyrir voru. Hluthafahópurinn sé því óbreyttur.



**Sigurbjörn Magnússon, stjórnarformaður Þórsmerkur.**

„Félagið er í nýjum verkefnum og ýmsu sem þarf að standa straum af eins og gengur,“ segir Sigurbjörn í samtali við Markaðinn.

Þórsmörk á 99 prósenta hlut í Árvakri sem er útgáfufélag Morgunblaðsins, mbl.is og K100. Árvakur tapaði tapaði 284 milljónum króna árið 2017 samanborið við 50 milljóna króna tap árið 2016.

Útgáfufélagið sagði tapið skrifast á harðnandi samkeppni við Ríkisútvarpið á auglýsingamarkaði. Þá hefði launakostnaður hækkað ört og uppbygging nýrrar starfsemi kostað töluvert fé.

Stærstu hluthafar Þórsmerkur samkvæmt nýjustu tiltæku upplýsingum eru Guðbjörg Matthíasdóttir með 26 prósenta hlut og Eyþór Laxdal Arnalds með tæplega 23 prósenta hlut. Á meðal annarra hluthafa eru Kaupfélag Skagfirðinga og Skinney-Þinganes. **– tfh**

# Sýknaðir af kröfum LS Retail í lógódeilu

Landsréttur sýknaði í síðustu viku Norðurturninn og Íslandsbanka af kröfum LS Retail sem hafði meðal annars krafist ógildingar á þeirri ákvörðun stjórnar skrifstofuturnsins að bankinn mætti einn leigutaka hengja vörumerki sitt utan á stigahús byggingarinnar.

Jafnframt hafnaði Landsréttur kröfum hugbúnaðarfyrirtækisins um að viðurkenndur yrði réttur þess til þess að hengja vörumerki sitt utan á stigahúsin fyrir ofan vörumerki Íslandsbanka sem yrði þá fært neðar.

Harðar deilur spruttu upp um merkingar á byggingunni, sem er við Smáralind í Kópavogi, eftir að Íslandsbanki flutti þangað haustið 2016 og kvörtuðu aðrir leigutakar í turninum, þar á meðal LS Retail, sárlega yfir þeirri ákvörðun stjórnar Norðurturnsins að leyfa bankanum einum að setja lógóið sitt á stigahús turnsins. Hugbúnaðarfyrirtækið var fyrsti leigutakinn sem gekk til samninga við Norðurturninn í nóvember árið 2015.



**Norðurturninn.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Héraðsdómur sýknaði Norðurturninn og bankann af kröfum LS Retail síðasta vor og hefur Landsréttur staðfest þá niðurstöðu. Rétturinn bendir á að fyrirtækið geti ekki átt aðild að kröfu um ógildingu ákvörðunar stjórnar turnsins. **– kij**




HEIMAHÚSIÐ

Ármúla 8 - 108 Reykjavík - Sími 568 42 42 - www.heimahusid.is. Opið virka daga 10 -18, laugardaga 11-16.

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

Húsasmiðjublaðið
skoðaðu á husa.is



# SÚPER
## TILBOÐ Í HÚSASMIÐJUNNI



20% afsláttur
Electrolux
**63.920kr**
~~79.990kr~~
**Þvottavél** 1400 snúninga, 7kg
Tekur 7 kg, með A+++ orkunýtingu. Barnalæsing, hljóðstyrkur 58 dB en 78 dB við þeytingu. Með SensiCare kerfi sem aðlagar tímann á þvottinum eftir magni af flík um í tromlunni.
1805695



BerlingerHaus
25% afsláttur
**4.493kr**
~~5.990kr~~
**Brauðrist**
Rose Gold, tvær brauðsneiðar.
1829155



20% afsláttur
Electrolux
**6.148kr**
~~7.685kr~~
**Blandari 0**
Stál 300W með plastkönnu.
1840154



Jotun gæði, lægra verð!
Verð á lítra 866kr
9 ltr.
JOTUN
**7.796kr**
~~10.395kr~~
**Jotun vegg- og loftamálning**
Einstök málning sem hentar bæði á loft og veggi. Auðveld í notkun, þekur vel og gefur góða útkomu.
7119781-83



GROHE
25% afsláttur
**9.746kr**
~~12.995kr~~
**Handlaugartæki**
Grohe Start.
7910800



30% afsláttur
BerlingerHaus
**1.673kr**
~~2.390kr~~
**Hnífasett**
4 stk., Rose Gold.
2001903



25% afsláttur
LAUFEN
**9.691kr**
~~12.895kr~~
**Veggskál**
Laufen Pro-N, seta seld sér.
7920010

Vinsælasta ljósið í Húsasmiðjunni



25% afsláttur
PHILIPS
**11.190kr**
~~14.995kr~~
**Philips loftljós**
Mohair loftljós, hvítt, 1x60W.
6165882

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.



Gerðu frábær kaup!
VERKFÆRA DAGAR



30% afsláttur
BLACK+DECKER
**15.397kr**
~~21.995kr~~
**Borvél 18V**
Multievo 2 stk., hægt að taka patrónu af og setja aukahluti framan á vélina (selt sér) t.d. patrónu með höggi, juðarahaus, stingsagarhaus o.fl.
5245997

NEO TOOLS
20-40% afsláttur af öllum NEO verkfærum



40% afsláttur
NEO TOOLS
**8.995kr**
~~14.995kr~~
**Topplyklasett**
73 stk., 1/2"-1/4", toppar 4-27 mm, skrall 72T.
5052569

Skoðaðu allt úrvalið í vefverslun okkar husa.is

ALSAPAN
Furniture, Flooring, Worktops

## Enn slitsterkara harðparket

Nýtt franskt parket,
12 mm, rispustuðull A6.

Sjáðu verðið!

20% afsláttur

**2.680kr/m²**

~~3.350 kr/m²~~

**Harðparket**
Eik, Sardinia, 12 mm.
147400




25% afsláttur

**41.996kr**
~~55.995kr~~

**Eldhús-blöndunartæki**
Grohe Feel Pro-Spray.
7910809



aida
daily design

Sjáðu verðið!

30% afsláttur

**7.995kr**
~~11.495kr~~

**Matarstell**
Cafe, 40 stk., 16 hnífapör, 4 stk.,
af diskum og glösum.
2007572




Sjáðu verðið!

34% afsláttur

**29.995kr**
~~45.495kr~~

**Verkfæraskápur**
NEO, stærð: 46x68x102 cm, þyngd 45 kg,
burðargeta 280 kg, 6 skúffur, hjól með
bremsum, læsing á skúffum.
5024494



30% afsláttur

PowerGrip

**Nilfisk**

**28.995kr**
~~41.465 kr~~

**Háþrýstidæla** C'PG 130,2-8 X-TRA
Hámark 130 bör, 1,8kW, 520 ltr./klst.PowerGrip
byssa með 7 kraftstillingum. 8 m slanga.
5254228

Vefverslun husa.is sendir um land allt

blómaval

# VALENTÍNUSAR TILBOÐ



**Túlípanar**
**10 stk.**

**1.490kr**
~~1.990kr~~







## 2 fyrir 1 í bíó

Fylgir öllum blómvöndum

# Óæskileg efni í leikföngum og mat

**Afar fátítt er að mjög hættuleg efni á borð við blý finnist í leikföngum og barnavörum. Þó eru mörg leikföng, framleidd úr plasti, sem gefa stöðugt frá sér efni á meðan þau eru í notkun og handfjötluð.**

Gunnþórunn Jónsdóttir
gunnthorunn@frettabladid.is
Kristjana Björg Guðbrandsdóttir
kristjana@frettabladid.is









Systurstofnanir Neytendastofu í Evrópu ætla að fara í sameiginlegt átak og athuga innihaldsefni í slími. Slím hefur notið gríðarlegra vinsælda meðal barna hér á landi og víðar, en á dögunum kom í ljós að slímið inniheldur mikið magn af bórati sem er afar skaðlegt.

„Í leikföngum úr mjúku plasti eru það efnasambönd sem kallast þalöt (e. phthalates) sem eru algengust en þau eru notuð til að mýkja plastið,“ segir Guðrún Lárusdóttir, gæðastjóri Neytendastofu. Önnur efni sem eru gríðarlega skaðleg hafa verið að finnast í barnavörum.

**Blý í barnarúmi**

„Blý hefur ekki verið mikið í vörum undanfarin ár en blý hefur fundist í málningu. Fyrir þremur árum fannst blý í barnarúmi en á gafli rúmsins var máluð mynd af skipi. Neytendastofa athugaði á síðasta ári ýmsar barnavörur og hvort það fyndust hættuleg efni í vörum,“ segir Guðrún.

Leikföngin sem voru prófuð voru meðal annars plastendur sem lítil börn fá gjarnan til að leika með í baðkari, leikfangabyssur og ýmislegt fleira.

„En það reyndust ekki hættuleg efni í þeim vörum sem voru prófaðar. En blý hefur fundist í leikföngum og nú er sem dæmi verið að innkalla leikfang, skjaldböku, þar sem blý fannst í augum mjúkdýrsins. Sem betur fer eru þetta undantekningar að hættuleg efni finnist í leikföngum og barnavörum,“ segir Guðrún.

**Illgresiseyðir í morgunkorni**

Elva Rakel Jónsdóttir, teymisstjóri hjá Umhverfisstofnun, segir reglulega fréttir af skaðlegum efnum í matvælum og ýmsum vörum á heimilinu. Í ágúst á síðasta ári mældist til að mynda plöntueyðirinn Roundup í að minnsta kosti 43 matvælategundum, til að mynda Cheerios sem er vinsælt morgunkorn barna. Nánar tiltekið er um að ræða efnið glýfosat sem er illgresiseyðir.

**Börnin fá stærri skammt efna**

Leikfangaframleiðslu segir hún áhyggjuefni. „Við búum okkur til ákveðna mýtu, að vörur séu stöðugar. Svo þegar við fleygjum þeim þá byrji þær að brotna niður. En plastvörur, til dæmis leikföng, eru stöðugt að losa sig við efni. Á meðan þær eru notaðar og handfjatlaðar. Efni úr leikföngum losna úr læðingi í barnaherbergjum. Og þar er oft gríðarlega mikið af hlutum. Miklu meira en inni í öðrum herbergjum. Börn fá því miklu stærri skammt af efnum í loftið en aðrir heimilismeðlimir. Það er virkilega stórt verkefni að fylgjast með þessu. Að það sé ekki mikið af leikföngum í umhverfi barnanna,“ segir Elva og gefur ráð til foreldra sem hafa áhyggjur af þessu.

„Það er gott ráð að loka leikföng í kössum og taka aðeins fram þau sem eru notuð hverju sinni.

Ég geri þetta sjálf. Foreldrar geta prófað að loka plastleikföng í kassa og prófa svo að opna hann tveimur mánuðum seinna. Þá gýs upp sterk lykt, segir Elva sem mælir einnig með því að foreldrar lofti vel út og ryksugi reglulega í barnaherbergjum. „Mikið af efnunum fer í rykið.“

**Leikfangaiðnaður í ógöngum**

*En hvers vegna er þetta svona? Hvers vegna er það svo að á heimilinu eru barnaherbergin ekki tryggust?*

„Framleiðsla leikfanga fer að megninu til fram í Kína þar sem er lítil eftirspurn eftir umhverfisvottun,“ segir Elva. „Svo koma reglulega upp svona æði og það er erfitt fyrir foreldra að standa í fæturna. Eins og með blessað slímið. Þegar svona mál koma upp, þá er mikilvægt að fræðslan um þessi efni og áhrif þeirra sé hávær. Þannig að foreldrar geti tekið réttar ákvarðanir og tekið umræðu við börnin sín sem skilja yfirleitt vel að efni geti verið skaðleg,“ segir Elva og rifjar upp að á síðasta ári hafi komist í hámæli krabbameinsvaldandi efni í mjúkum vinsælum leikföngum.

„Börn gætu verið hinir fullkomnu neytendur í hringrásarkerfið. Þau vaxa upp úr fötum og hlutum. Og þá fleygjum við þeim eða gefum. Á meðan við fullorðna fólkið söfnum hlutum. Við ættum að koma upp fyrirkomulagi þar sem börn leigja leikföng eða eitthvað slíkt,“ segir Elva.

> **Plastvörur, til dæmis leikföng, eru stöðugt að losa sig við efni.**
>
> Elva Rakel Jónsdóttir, Umhverfisstofnun



**Sterk eiturefni og kokteiláhrif**

Elva segist aðspurð hafa mestar áhyggjur af skordýrahamlandi efnum sem eru notuð við framleiðslu. „Þau geta verið gífurlega kröftug, þetta eru sterk eiturefni sem við erum að nota á matvæli. Það er auðvitað ekki algilt að efnin rati í vörurnar. En það að vita hversu sterk efnin eru vekur óhug. Það er eitthvað fylgst með þessum vörum í formi markaðsleyfa en það þyrftu að vera miklu fleiri og ítarlegri rannsóknir á langtímaáhrifum efnanna. Það er eitt að prófa efnin í sterílu umhverfi. Það er annað hvernig þau virka í náttúrunni. Þegar þau komast í snertingu við lífræn efni og önnur efni, þá er stundum talað um svokölluð kokteiláhrif. Við vitum að í sumum tilfellum eru mörg efni notuð á sömu uppskeruna,“ segir Elva.

*Þyrmir aldrei yfir þig?*

„Jú, það þyrmir yfir mann á tímabilum, en við höfum samt ákveðin tól sem við verðum að halda áfram að nýta: Umhverfisvottuðu merkin og eftirfylgni á markaðssetningu efna í Evrópu. Hlutverk neytandans er samt gríðarlega mikilvægt. Hann þarf að leggja mat á hvaða vöru hann kaupir. Ætla ég að kaupa þessa plastvöru sem ilmar? Þótt hún sé uppfull af hormónaraskandi þalötum? En hann getur auðvitað bara borið ábyrgð viti hann hvaða efni eru í vörunum og hvaða áhrif þau hafa,“ segir hún og segir höfuðábyrgðina liggja hjá framleiðanda.

„Það er að vissu leyti erfitt að fylgjast með efnavörum, það er mikill hraði á vöruframleiðslu og sífellt að aukast notkun á nýjum efnum. Á móti þá sér framleiðandinn í auknum mæli hag sinn í að vera með ábyrga og flotta framleiðslu. Það er liðin tíð að framleiðendur vilji ekki eftirlit. Þeir vilja geta sagt: Ég er með allt á hreinu.“

Elva segir meðvitund fólks sífellt að aukast. „Það kemur manni samt á óvart hversu víða krabbameinsvaldandi og hormónaraskandi efni er að finna. Ég hef unnið í tíu ár hjá Umhverfisstofnun og finnst hafa orðið vakning. Almenningur er meira meðvitaður og ráðamenn eru að verða móttækilegir fyrir því að ræða breytingar á lögum til að stýra þessu.“

### Blý

Blý er mjög hættulegt fóstrum og einnig börnum undir sex ára aldri. Allir sem innbyrða blý í mat eða drykk eða anda að sér blýgufum geta fengið blýeitrun. Einkenni blýeitrunar eru margvísleg og fara nokkuð eftir því á hversu háu stigi eitrunin er. Helstu einkennin eru skjálfti, kippir, krampar, vöðvaeymsli, þreyta, máttleysi, sársauki í liðum og skortur á samhæfingu.

### Bórat

Bórat getur borist inn í líkamann við handfjötlun í gegnum húð. Þekktar eiturverkanir vegna bórats eru samkvæmt vefsíðu Landlæknis m.a. húðerting með útbrotum, jafnvel miklum roða og blöðrum, skjálfti, flog, höfuðverkur, meltingartruflanir, þunglyndi og örlyndi. Einnig er hægt að greina einkenni frá miðtaugakerfi og jafnvel ofskynjanir og einkenni sem hreinlega geta líkst geðrofi. Bóron kemst inn í líkamann í gegnum snertingu eða meltingarveg. Sé það í of miklu magni getur það valdið ýmiss konar ertingu og meðal annars haft áhrif á þroska æxlunarfæra hjá börnum.

## Hvað eru þalöt?



Þalöt (e. phtalates) er samheiti yfir efni sem hafa þá eiginleika að gefa plasthlutum mýkt. Þau eru notuð í mörgum vörutegundum sem við notum daglega. Mjúkir plasthlutir innihalda oft þalöt sem eru afar óæskileg efni og geta valdið varanlegum skaða á heilsu barna sem stinga þeim upp í sig og sjúga eða naga. Slíkir hlutir eru oft í umhverfi barna hvort sem það eru leikföng (t.d. plastendur, bækur, boltar) eða aðrir hlutir sem notaðir eru af börnum (t.d. dýnur, föt, ábreiður, smekkir, áhöld, uppblásanlegir hlutir eins og kútar).

Þalötin BBP, DBP og DEHP eru bönnuð í leikföngum og vörum til nota við umönnun barna og í efnavörum fyrir neytendur. Skrautlegu pennarnir á meðfylgjandi mynd voru gerðir upptækir úr verslunum í Evrópu á dögunum. Eftirlitsstofnanir hafa ekki undan að banna vörur vegna hættulegra efna.

Þalöt geta haft skaðleg áhrif á frjósemi og skaðað fóstur. Skaðsemi þalatanna díbútýlþalats (DBP) og bis(2-etýlhexýl)þalats (DEHP) á frjósemi manna hefur verið kunn um áratugaskeið og eru fóstur og nýfædd börn viðkvæmust fyrir þessum efnum. Konur á barneignaraldri sem fá þalöt í líkama sinn bera þau í ófætt barn sitt og getur það skaðað þroska þess. Það á líka við um lítil börn sem eiga eftir að taka út mikinn þroska. Þalöt hafa fundist í brjóstamjólk.





## Hætta á efnahvörfum í heimatilbúnu hreinsiefni

Nærri helmingur símtala til Eitrunarmiðstöðvar LSH er vegna hugsanlegrar eitrunar vegna efna.

„Efnin eru eins fjölbreytt og þau eru mörg en oft er hringt vegna efna sem notuð eru til heimilisþrifa,“ segir Helena Líndal hjá Eitrunarmiðstöð. „Fólk er mikið að blanda eigin hreinsunarefni heima við og vill vera umhverfisvænt.“

*Eru dæmi um að þetta fari illa?*

„Ég mæli alls ekki með slíku þar sem oft er hætta á að efnin hvarfist saman og myndi eitraðar loftgufur sem eru mjög hættulegar,“ segir hún.

## Er hægt að sulla með efnin út í fjöru?

Elva bendir fólki sem vill bæði taka tillit til heilsu og umhverfis á að reiða sig á umhverfisvottaðar vörur. „Þetta eru vörur sem við erum að nota á yfirborð fatnaðar og á mannslíkamann. Efnin fara á húðina á okkur og líka út í sjó. Við vitum að frárennsliskerfin okkar eru gróf. Við verðum að bera það traust til vörunnar að hvert og eitt okkar geti farið með brúsann og sullað úr honum beint út í fjöru. Þangað sem efnin fara á endanum,“ segir hún. „Það er langeinfaldast að reiða sig á umhverfisvottuðu merkin. En það er líka gott að nota einfaldar vörur, nota minna af efnum og draga úr neyslu,“ segir Elva.






# Nú eru allar 55 stöðvar Orkunnar þínar stöðvar.

Þú færð meiri afslátt eftir því sem þú mætir oftar.
**-7, -9 eða -11 krónur af hverjum lítra í hvert skipti***

Kynntu þér afsláttarþrep Orkunnar á orkan.is.

* Gildir eingöngu með kortum og lyklum Orkunnar. Gildir ekki á X-stöðvum Orkunnar.

ORKAN

# Minna er meira



Það er vandlifað nú til dags þegar svo mörg efni og efnasambönd eru allt í kring um okkur, sum hver meinlaus. Önnur talin valda skaða eins og bruna, ertingu, bólgu og svo jafnvel krabbameini. Þá er einnig oft rætt um að við getum með fæðuvali skapað okkur áhættu á krabbameini og er vel þekkt að nýlega er búið að merkja til dæmis neyslu á rauðu kjöti í óhófi sem krabbameinsvaldandi. Áfengi er talið geta stuðlað að krabbameini og ýmis önnur neysluvara til viðbótar.

Þá er ekki úr vegi að velta fyrir sér hvort eitthvað í þeim snyrtivörum eða efnum sem við notum í kremi eða áburði og viðlíka geti haft áhrif. Margir telja að mörg þeirra efna og efnasambanda sem eru í þess háttar vöru geti truflað hormónastarfsemi líkamans og þannig óbeint stuðlað að vexti. Við þekkjum æxli líkt og brjósta- og blöðruhálsmein sem og eggjastokkamein sem eru að hluta talin hormónanæm og meðferð að hluta byggir á að blokkera hormón í líkamanum til að hamla vexti þeirra og viðgangi.

Umræða um litarefni og hársnyrtivörur hefur verið hávær en erfitt er að benda á beint orsakasamhengi í rannsóknum, en yfir 5.000 efni eru notuð í snyrtivöruheiminum hvað varðar t.d. þessar vörulínur. Húðvörur ýmsar innihalda efni líkt og 1,4 díoxan en í rannsóknum vestanhafs sýndi sig að allt að 28% af slíkum vörum innihéldu það þekkta krabbameinsvaldandi efni. Sjampó, sápur, hrukkukrem og vörur sem eiga að draga úr öldrun húðar sýndu að í allt að 40% þeirra voru efni sem talin eru heilsuspillandi. Polyethylene, glycol-efni og ýmis önnur, þ. á m. parabenefni, hafa verið nefnd til sögunnar. Plastefni líkt og þalöt höfum við rætt einnig á undanförnum vikum.

Það verður að horfa til þess að efni sem við berum á okkur frásogast í gegnum húð og berast með þeim hætti í blóðrás og um líkamann. Eðlilega eru áhrifin að miklu leyti magnbundin og líklega í langflestum tilvikum lítilvæg. Það er þó engu að síður eðlilegt að benda á þá áhættu svo að neytendur séu vakandi fyrir því sem getur mögulega valdið heilsutjóni.

Margar vörur í gegnum tíðina hafa innihaldið formaldehýð, sem er vel þekktur skaðvaldur, og einnig asbest og tjara sem hafa verið notuð í snyrtivörur. Evrópa virðist vera lengra komin í þessum efnum en til dæmis Bandaríkin þar sem einungis 11 efni eru bönnuð þar en 1.328 í Evrópu vegna gruns um heilsuspillandi áhrif. Niðurstaðan gæti þá verið, a.m.k. þar sem neytandinn hefur ekki hugmynd um hvernig hann skuli almennt túlka innihald eða áhættu við hverja vöru fyrir sig, að velja evrópska framleiðslu. Við erum með þá löggjöf hér á Íslandi líka svo það er líklegt að við náum að verjast sæmilega. Aðalatriðið er að vera meðvitaður og líklega er orðatiltækið enska „less is more“ hér ágæt nálgun.

**Evrópa virðist vera lengra komin í þessum efnum en til dæmis Bandaríkin þar sem einungis 11 efni eru bönnuð þar en 1.328 í Evrópu vegna gruns um heilsuspillandi áhrif.**



Teitur Guðmundsson
læknir

Doktor.is

# Ekki nóg fjármagn til að mæla þungmálma

**Ólafur Reykdal og Helga Gunnlaugsdóttir hjá Matís segja skorta gögn og mælingar á óæskilegum efnum og næringarinnihaldi matvæla á Íslandi. Nýleg gögn séu ekki til. Stjórnvöld styðji ekki nægilega vel við slíkar rannsóknir.**

Matís rekur gagnagrunninn Ísgem. Hann er fyrst og fremst samansettur af upplýsingum um næringarefnin. Þungmálmarnir fljóta þó með. Markmiðið er að veita almenningi og atvinnulífi aðgang að bestu fáanlegu gögnum sem eru til á hverjum tíma. Vandamálið er að við höfum ekki haft fjármagn til að uppfæra gagnagrunninn í mörg ár, það er galli,“ segir Ólafur.

Helga tekur undir. „Við ættum ekki að vera í þessari stöðu, það eru mörg ár síðan grunnurinn var síðast uppfærður,“ segir hún og segir að það þurfi að gera reglulegar rannsóknir á mataræði þjóðarinnar og fjármagna slíkar kannanir og rannsóknir.

Síðasta landsrannsóknin á mataræði þjóðarinnar var gerð 2010. Ólafur segir samsvarandi gagnagrunna til í öllum nágrannalöndum Íslands. „Þeir eru í raun til í öllum þróuðum löndum og eru notaðir í lýðheilsurannsóknum,“ segir hann.

„Við erum að gera okkar besta hjá Matís. En því miður er lítill skilningur á forvarnargildi þessara rannsókna hjá stjórnvöldum og lítið fjármagn sett í lýðheilsurannsóknir af þessu tagi,“ segir Helga.

Á meðal þeirra þungmálma sem mældir hafa verið í fæðu eru kvikasilfur, arsen, kadmíum og blý.

„Við erum ekki með nýleg gögn um magn þessara efna í fæðu. En almennt séð, ef fólk borðar fjölbreytta fæðu úr öllum fæðuflokkum þá er það betur statt,“ segir Helga sem segir óþarfa fyrir neytendur að fyllast hræðslu gagnvart fæðuflokkum sem innihalda lítið magn þungmálma. „Það eru þessi sértilfelli þar sem há gildi mælast, svo sem í hákarli og fiski sem nær háum aldri. Arsen getur verið áhyggjuefni hjá börnum ef maturinn sem þau borða er byggður að miklu leyti á hrísgrjónum og hrísgrjónamjólk,“ segir Helga.

*Hvers vegna er mikilvægt að fylgjast með innihaldi óæskilegra efna í fæðu?*

„Þessi gögn verða að vera til staðar og við þurfum að geta metið útsetningu mismunandi hópa fyrir efnunum. Það verða að vera til gögn frá óháðum aðilum um bæði næringarefni og óæskileg efni í matvælum. Það er oft verið að tala um að íslensk matvæli séu heilnæm og ómenguð en gögn sem styðja það eru af skornum skammti,“ segir Helga.

*Hvað finnst ykkur að neytandinn ætti að vera meðvitaður um?*

„Þetta er yfirgripsmikil spurning. Það má þó segja að neytendur verða að vera vakandi fyrir því að upplýsingar um óæskileg efni og magn næringarefna sé til staðar,“ segir Helga. „Fólk getur líka fengið of mikið af næringarefnum, til dæmis A-vítamíni, seleni og fleiri efnum. Á sama tíma eigum við ekki að vera of hrædd, það getur farið út í öfgar. Í Bandaríkjunum var talað mikið um að túnfiskur innihéldi kvikasilfur og væri ekki örugg fæða fyrir konur og börn. Það varð til þess að með tímanum fékk þessi hópur of lítið af fjölómettuðum fitusýrum. Fólk stendur oft frammi fyrir ákveðnu áhættu- og ávinningsmati varðandi val á matvælum. Það er best að fylgja leiðbeiningum yfirvalda um mataræði og velja vel merktar vörur,“ segir hún.

kristjana@frettabladid.is

## Rannsókn leiddi í ljós hættu fyrir börn

Árið 2012 leiddi sænsk rannsókn á þungmálmum (blýi, arseni og kadmíni) og steinefnum (járni, kopar, mangani) í barnamat. Niðurstöðurnar sýndu að arsen finnst í hrísgrjónum og vörum framleiddum úr þeim, til að mynda hrísgrjónagrautum og drykkjum markaðssettum fyrir börn. Arsenið fannst óháð því hvort hrísgrjónin voru lífrænt ræktuð eða ekki. Allar vörurnar sem stofnunin rannsakaði innihéldu arsen. Í hluta sýnanna fundust fleiri þungmálmar. Til að mynda í vörum fyrir börn með sérstakar næringarþarfir vegna sjúkdóma. Í þeim fannst of mikið af mangani. Sænska matvælastofnunin mælti eindregið með því að foreldrar gættu að fjölbreytni í fæðuvali fyrir börn sín yngri en sex ára.

Það þyrfti að vernda börn yngri en sex ára fyrir skaðlegum áhrifum arsens og þungmálma.

Árið 2013 lögðu Matvælastofnun og Embætti landlæknis til að sænsku ráðleggingarnar yrðu teknar upp á Íslandi og foreldrum í kjölfarið ráðlagt að gefa ekki börnum undir sex ára aldri hrísgrjónadrykki.



## Blý í leirhlutum

Glerungur á leirhlutum getur innihaldið blý og kadmíum og ríkulega litskreyttir leirhlutir geta einnig gefið frá sér mikið magn af þungmálmum.

**Það er oft verið að tala um að íslensk matvæli séu heilnæm og ómenguð en gögn sem styðja það eru af skornum skammti.**

Helga Gunnlaugsdóttir, sérfræðingur á Umhverfisstofnun





## Kristall

Geymið ekki púrtvín eða önnur súr matvæli í kristalsflöskum. Kristall inniheldur allt að 24% blý og ef geymd eru súr matvæli í honum þá flæðir blý út í þau, því meira eftir því sem þau eru súrari.

## Rangar geymsluaðferðir og óæskileg efni í matvælum

Grímur Eggert Ólafsson starfar hjá Matvælastofnun og er með doktorspróf í matvælafræði. Hans sérsvið snýr að snertiefnum matvæla, fullyrðingum um mat og nýfæði.

„Það er til reglugerð um snertiefni matvæla og hvað mikið af þeim má berast í matvæli. Mér finnst vel að þessu staðið hjá Evrópusambandinu,“ segir Grímur um þennan þátt matvælaöryggis á Íslandi.

„Það að efni og hlutir í snertingu við matvæli séu örugg og beri ekki efnisþætti í magni sem gæti stofnað heilsu fólks í hættu,“ segir Grímur um áherslurnar.



„Matvælaöryggisstofnun Evrópu (EFSA) metur öryggið og hversu mikið snertiefna má berast í matvæli. Það eru alltaf gerðar smávegis breytingar á þessu á hverju ári,“ segir Grímur til marks um það hvað eftirlitið er gott.

Hann bendir á að röng notkun umbúða og íláta geti leitt til þess að óæskileg efni berist úr þeim í matvæli. Þetta geti gerst á heimilum fólks þegar fólk geymir matvæli í ísskáp eða frysti.

„Fólk ætti aðeins að nota ílát og umbúðir sem eru ætlaðar til að snerta matvæli. Alls ekki nota sorppoka eða innkaupapoka. Ég myndi til dæmis aldrei frysta kjöt eða fisk í burðarplastpoka. Hann er alls ekki ætlaður til að snerta matvæli í beinni snertingu. Eins ef fólk er með box af ís. Það ætti ekki að setja heitan mat í slíkt box. Það þarf að kæla matinn áður því slík box eru aðeins ætluð til að geyma í kæld matvæli,“ segir Grímur og bendir á að leiðbeiningar um þetta sé að finna á heimasíðu MAST.

SUPER 1

OPNUM BRÁÐLEGA
NÝJA MATVÖRUVERSLUN
VIÐ HALLVEIGARSTÍG 1

MJÖG GOTT
MJÖG GOTT
MJÖG GOTT
VERÐ

# TILVERAN



# Vikan

Í vikunni bar hæst veruleg launahækkun bankastjóra Landsbankans, Persónuvernd skar úr um að Reykjavíkurborg hefði brotið lög í aðdraganda kosninga, varaþingmaður Pírata sagði af sér eftir hótanir og Karólína Lárusdóttir er látin.

## Karólína Lárusdóttir er látin

Karólína Lárusdóttir myndlistarkona lést 74 ára að aldri á hjúkrunarheimilinu Sóltúni fyrir viku. Hún bjó og starfaði í Bretlandi um árabil og var myndlist hennar mótuð af meginstraumum breskrar myndlistarhefðar en myndheimur hennar var íslenskur. Myndefni sitt sótti hún ekki síst í æskuminningar sínar meðal annars af mannlífinu á Hótel Borg á árum áður og sömuleiðis af farþegum og starfsfólki um borð í MS Gullfossi. Karólína nam myndlist á Englandi, í Sir John Cass College á árunum 1964 til 1965. Að því loknu nam hún við Ruskin School of Fine Art í Oxford og útskrifaðist árið 1967.

**» Karólína varð félagi í Hinu konunglega félagi breskra vatnslitamálara, The Royal Watercolor Society, árið 1992.**

## Snæbjörn segir af sér eftir hótanir

Snæbjörn Brynjarsson sagði af sér sem varaþingmaður Pírata eftir að Fréttablaðið greindi frá því fyrsta miðla að hann hefði ausið svívirðingum yfir Ernu Ýri Öldudóttur, blaðamann á Viljanum og fyrrverandi formann framkvæmdaráðs Pírata, á Kaffibarnum. Hún sagði Snæbjörn hafa lýst því yfir að hann hataði hana og vildi berja hana. „Þetta var mjög óþægilegt og ógnandi,“ sagði Erna Ýr og sagðist hafa staðið á spjalli við tvo menn á reykingasvæði Kaffibarsins. Þetta upphlaup hafi komið henni verulega á óvart enda þekki hún Snæbjörn ekki persónulega og hafi aldrei talað við hann fyrr.

Í kjölfar fréttarinnar birti Erna Ýr endursögn af atburðum. Pírataþingmaðurinn Björn Leví Gunnarsson spurði þá hvort rétt væri haft eftir varaþingmanninum því hann hefði staðið Ernu Ýri að því að hafa rangt eftir honum innan gæsalappa. Blaðamanninum þótti það ósæmilegt af þingmanninum og undraðist að hann efaðist um frásagnir þeirra sem verða fyrir ruddaskap og ofbeldi.

„Sú hegðun sem ég sýndi umrætt kvöld er ekki sæmandi kjörnum fulltrúa. Ég mun axla fulla ábyrgð á gjörðum mínum og bið alla hlutaðeigandi afsökunar. Vona að sem minnstur skaði hafi hlotist af.“ (Úr yfirlýsingu Snæbjörns.)








## Hækka laun bankastjóra verulega

Bankaráð Landsbankans, sem er í ríkiseigu, hækkaði mánaðarlaun bankastjórans, Lilju Bjarkar Einarsdóttur, um 17 prósent í fyrra eða sem nemur 550 þúsund krónum í 3.800.000 krónur þann 1. apríl 2018. Hækkunin kom innan við ári frá annarri launahækkun bankastjórans upp á tæpar 1,2 milljónir á mánuði hinn 1. júlí 2017. Þá hafði ákvörðunarvald launa bankastjórans verið fært frá kjararáði til bankaráðs Landsbankans.

Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra, og Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra segja að hækkunin hafi verið taktlaus. Halldór Benjamín Þorbergsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, segir ákvörðunina óverjandi.

Ásmundur Einar Daðason, félags- og barnamálaráðherra, sagði á Facebook-síðu sinni „þessar eilífu hækkanir forstjóra ríkisfyrirtækja“ vera „óþolandi“.

„Ríkisbankinn fremstur í flokki að hækka laun á sama tíma og aðrir eru varaðir við vegna kjarasamninga. Bankasýsla ríkisins og bankaráð Landsbankans verða að sýna það í verki að þeim sé treystandi til að stýra fyrirtækjum í almannaeign. Ef ekki þá verða stjórnvöld að grípa inní með lagabreytingum. Í hreinskilni sagt þá fer þolinmæði mín þverrandi gagnvart þessu rugli.“

## Borgin braut lög

Persónuvernd segir að framkvæmd á verkefni Reykjavíkurborgar til að auka þátttöku í síðustu sveitarstjórnarkosningum hafi ekki verið í samræmi við lög. Smáskilaboð voru send út á kjördag. Persónuvernd telur að skilaboðin hafi verið gildishlaðin og til þess fallin að hafa áhrif á kosningahegðun.

„Miðað við þær upplýsingar sem lágu fyrir bentum við á að þetta gæti auðvitað varðað kosningalöggjöfina að einhverju leyti. Þar er eitt meginsjónarmiðið að þær eigi að vera frjálsar og án afskipta hins opinbera,“ segir Sigríður Á. Andersen dómsmálaráðherra.

Dagur B. Eggertsson borgarstjóri segir að nú þurfi borgin að fara yfir þessa niðurstöðu með sínum samstarfsaðilum.

# Fasteign vikunnar

úr Fasteignablaði Fréttablaðsins







**Amtmannshúsið á Arnarstapa er til sölu. Það er söguleg húseign sem upprunalega var byggð á árunum 1774-1787 fyrir dönsku konungsverslunina. Mögnuð staðsetning á 5.900 fermetra lóð með óhindruðu útsýni að ströndinni. Fjögur svefnherbergi og tvær stofur auk vinnustofu með snyrtingu og svefnlofti, hjallur, skemma og bátaskýli. Amtmannshúsið var upphaflega byggt á Arnarstapa, en var rifið og endurreist í Vogi á Mýrum árið 1849 þar sem það stóð til ársins 1983 þegar það var það tekið niður til viðgerðar. Húsið var reist aftur á Arnarstapa á árunum 1985-1986. Stapahúsið, eins og það er stundum kallað, er timburhús á tveimur hæðum á hlöðnum undirstöðum.**

# PIER

## FEGRUM SVEFNHERBERGIÐ



SÉRTILBOÐ!
REGINA SÓFAR
69.900,-
Verð áður: ~~99.900~~,-





KOMMÓÐUR
NÁTTBORÐ
SNYRTIBORÐ
BEKKIR
20%
AFSLÁTTUR



SÉRTILBOÐ!
LHUIS STÓLAR
12.990,-
Verð áður: ~~19.990~~,-

VEGAS náttborð ~~19.990~~,- 15.992,-
46x35x68cm



AUBREY bekkir ~~19.990~~,- 15.992,-
113x35xH46cm

NAVITA körfustóll
~~59.900~~,- 47.920,-





PÚÐAR OG KÖRFUR
25% AFSLÁTTUR



KÖRFUSTÓLAR
20%
AFSLÁTTUR

**www.pier.is**

SMÁRATORG - KORPUTORG - SELFOSS

Gildir 14. febrúar - 20. febrúar. *Gildir ekki með öðrum tilboðum.

# Í bankanum



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

Þjóðin kannast vel við hvatningarorð um nauðsyn þess að hún leggi sig fram við að sýna samfélagsábyrgð. Það þýðir til dæmis að hún á að stilla sig um að fara fram á of háar launahækkanir þar sem þær eru sagðar ógna stöðugleika og efla verðbólgudrauginn til dáða. Það vill auðvitað enginn. Samt er alls ekki ætlast til að allir leggist á eitt. Sumir eru greinilega alveg lausir við þá kvöð að þurfa að sýna samfélagsábyrgð. Það á ekki hvað síst við um forstjóra ríkisfyrirtækja sem fá með reglulegu millibili glaðning í formi ríflegrar launahækkunar, nú síðast var létt verulega undir með bankastjóra Landsbankans. Sá gjörningur varð á sama tíma og viðkvæmar kjaraviðræður standa yfir. Þessi launahækkun ber vott um veruleikafirringu og hroka. Það má jafnvel velta því fyrir sér hvort þeim einstaklingum sem tóku ákvörðun um hana sé sjálfrátt. Eitt er þó alveg víst og það er að þeir sömu eru illa læsir á samtíma sinn.

Félagsmálaráðherra, Ásmundur Einar Daðason, sagði á Facebook-síðu sinni að Bankasýsla ríkisins og bankaráð Landsbankans yrðu að sýna í verki að þeim sé treystandi til að stýra fyrirtækjum í almannaeign. Hann virðist efast um hæfni þeirra til þess. Hann er sannarlega ekki einn um efasemdir sínar.

Í barnslegri einlægni myndu kannski einhverjir ætla sem svo að bankar ættu að þjóna fólki. Þeir sem þar eru við völd virðast alls ekki sérlega áhugasamir um það. Bönkum virðist nánast ætlað að vera musteri. Höfuðstöðvar Arion banka í Borgartúni eru gott dæmi um það. Sá sem gengur þar inn og býst við því í hrekkleysi sínu að þar fari fram venjuleg þjónustustarfsemi og ætlar sér til dæmis að greiða reikning áttar sig samstundis á því að hann hefur rambað inn á sérkennilegan stað. Það fyrsta sem við honum blasir er veglegur gosbrunnur og gott ef bíósalur er ekki skammt undan. Umgjörðin er slík að hinn almenni borgari áttar sig samstundis á að þarna er honum alls ekki ætlaður staður og hrökklast út.

Í hjarta bæjarins er unnið ötullega að því að reisa annað musteri fyrir Landsbankann. Þar er víst ekkert til sparað og gera á enn betur en í fína Arion bankanum þar sem ekki er ætlast til að venjulegt fólk láti sjá sig. Meðan þjóðin er beðin um að sýna aðhald og sparnað skal bruðlað í bankakerfinu. Það er engu líkara en fjöldi einstaklinga hér á landi geti ekki beðið eftir að hefja nýjan hrunadans.

Í stað þess að þjóna viðskiptavinum sínum er eins og leitað sé allra ráða í bönkum landsins til að hafa sem mest af viðskiptavinunum. Gylfi Zoëga, prófessor í hagfræði, nefndi það nýlega í erindi á morgunverðarfundi Fjármálaeftirlitsins að erfitt sé fyrir almenning að skilja verðskrá bankanna. Það er rétt hjá honum. Eitt veit almenningur þó og það er að rukkunarkerfi bankanna einkennist af græðgishugsun, ekki þjónustulund. Það er helst að viðskiptavinurinn finni skjól hjá samviskusömum og velviljuðum þjónustufulltrúa, óspilltum af þeirri græðgishugsun sem gegnsýrir bankakerfið.

**Meðan þjóðin er beðin um að sýna aðhald og sparnað skal bruðlað í bankakerfinu.**

## Halldór







## Frá degi til dags

**Þar sem er reykur ...**
**Í öllum sínum aðgerðum ber stjórnvöldum að fylgja gildandi lögum og reglum. Þau sem fylgst hafa með Reykjavíkurborg undanfarna mánuði hafa séð að það gengur nú hálfbrösuglega hjá borginni. Trekk í trekk berast úr ráðhúsinu fregnir sem eru í besta falli aulalegar. Ítrekað lenda kjörnir fulltrúar í þeirri aðstöðu að þurfa að draga fram slökkvitækið og svara fyrir obbossí starfsmanna þar innanhúss auk sinna eigin axarskafta. Það getur ekki annað verið en að það hafi verið högg fyrir nýkjörna borgarfulltrúa að átta sig á því að samhliða kjörinu hafi þeir endað sem slökkviliðsmenn.**

**... þar er eldur**
**En þó að slökkvitækin séu á lofti virðast alltaf blossa upp bál hér og þar. Það hlýtur að þýða að annaðhvort sé Reykjavíkurborg svona ótrúlega óheppin eða að innan veggja ráðhússins leynist aðilar sem séu sífellt að gleyma potti á hellunni. Kannski væri ráð að skella starfsfólki á eldvarnanámskeið og ef það dugir ekki til að henda öfugum út þeim sem alltaf eru að setja kerti upp að gluggatjöldum.**
**joli@frettabladid.is**

# Stúdentspróf í tölvuleikjagerð



Lilja Alfreðsdóttir

Menntadagur atvinnulífsins er í dag en þá gefst stjórnvöldum og fyrirtækjum tækifæri til að bera saman bækur sínar og líta til framtíðar. Góð samvinna þessara aðila gerir okkur betur kleift að auka samkeppnishæfni Íslands. Dæmi um árangursríka samvinnu af því tagi er nýlegt samkomulag menntamálaráðuneytisins við Keili um nýja námsleið til stúdentsprófs í tölvuleikjagerð en þar komu Samtök iðnaðarins, Samtök leikjaframleiðenda og Samtök verslunar og þjónustu öll að borðinu. Námið er framfaraskref, þar sem það svarar áhuga ungs fólks á menntun í skapandi greinum og svarar ákalli atvinnulífsins eftir vel menntuðu og sérhæfðu starfsfólki í þeim geira.

Nýja námsleiðin er til marks um grósku í íslensku menntakerfi og er til þess fallin að styðja við hugverkadrifið hagkerfi framtíðarinnar. Tölvuleikjaiðnaðurinn hefur vaxið ört undanfarin ár en uppsöfnuð velta hans hér á landi nam um 68 milljörðum kr. á árunum 2009-2017. Innan iðnaðarins fyrirfinnast fjölbreytt, spennandi og verðmæt störf sem byggja á hugviti.

Að undanförnu hafa bæst við ýmsir nýir námskostir á framhalds- og háskólastigi hér á landi, námsbrautir framhaldsskóla hafa verið endurskoðaðar og skipulag námsins tekið talsverðum breytingum. Það er okkar að tryggja að menntakerfið geti sem best mætt fjölbreyttum nemendahópum og þörfum samfélagsins á hverjum tíma en það er eitt af markmiðum í þeirri vinnu sem nú stendur yfir við mótun menntastefnu Íslands til ársins 2030.

Áherslur stjórnvalda á nýsköpun, starfs- og tæknimenntun má glöggt sjá í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar og fjármálaáætlun hennar. Það verður spennandi að sjá hvaða viðtökur þessi nýja námsleið fær þegar skráning hefst síðar í vetur. Ég hvet alla til þess að kynna sér þá fjölbreyttu námskosti sem bjóðast í íslenskum skólum og vera vakandi fyrir þeim tækifærum sem opnast með aukinni menntun og nýrri þekkingu.

**Tölvuleikjaiðnaðurinn hefur vaxið ört undanfarin ár en uppsöfnuð velta hans hér á landi nam um 68 milljörðum kr. á árunum 2009-2017**

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR**: Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**RITSTJÓRAR:** Kjartan Hreinn Njálsson *kjartanh@frettabladid.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*, **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **FRÉTTABLAÐIÐ.IS:** Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is*.
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is*
**MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Bíðum með bankana

Í DAG



Þorvaldur Gylfason

Reykjavík – Við eðlilegar kringumstæður eða því sem næst væri nú einboðið að draga úr eignarhaldi ríkisins á viðskiptabönkum. Slík staða var uppi árin eftir 1990 þegar ljóst þótti að í bankamálum líkt og annars staðar ætti einkarekstur jafnan betur við en ríkisrekstur. Úti í heimi var einkabankarekstur reglan, en blandaður rekstur tíðkaðist þó sums staðar. Gömlu kommúnistaríkin í Austur-Evrópu settu þessi ár alla sína banka í hendur einkaframtaks, ýmist erlendra manna eða innlendra, enda var lítilli sem engri þekkingu á heilbrigðum bankarekstri til að dreifa í flestum þessara landa þegar þau losnuðu undan oki Sovétríkjanna 1989-1991.

Þegar Ísland var eitt eftir í okkar heimshluta með yfirgnæfandi ríkisbankarekstur féllust menn loksins á að tímabært væri að einkavæða gömlu ríkisbankana þrjá, Búnaðarbankann, Landsbankann og Útvegsbankann. Málið snerist um að dragast ekki aftur úr öðrum þjóðum í bankamálum. Málið snerist einnig um að draga rétta lærdóma af langri reynslu sem sýndi að ríkisbankarnir höfðu ekki gefizt vel. Útvegsbankinn hafði t.d. verið keyrður út á yztu nöf 1985 vegna viðskipta sem ríkir stjórnmálahagsmunir virtust bundnir við.

Ný gögn utan úr heimi bentu til að einkabankarekstur væri líkt og annar rekstur yfirleitt hagkvæmari en ríkisrekstur þar eð arður væri vænlegra leiðarljós í viðskiptum en atkvæði kjósenda. Öllu þessu o.m.fl. var haldið til haga í skýrslu sem ég samdi um málið fyrir viðskiptaráðuneytið í október 1992, *Úr ríkiseigu í einkaeign*. Hún birtist skömmu síðar í *Fjármálatíðindum*, tímariti Seðlabanka Íslands.

> **Við bætist að Landsbankinn er eini bankinn í álfunni sem er nú að byggja yfir sig nýjar höfuðstöðvar. Þær eiga að kosta jafnvirði um 100.000 kr. á hverja fjögurra manna fjölskyldu í landinu.**

### Fölnaðar fyrirmyndir

Ólíkt því sem virtist vera um 1990 eru nú ekki uppi eðlilegar kringumstæður, fjarri því. Tvennt hefur breytzt.

Í fyrsta lagi eru erlendar fyrirmyndir í bankamálum nú að ýmsu leyti varhugaverðar í ljósi þess sem gerzt hefur í bankaheiminum frá 2007. Bankar hrundu, aðrir römbuðu á barmi hengiflugs. Bankamenn reyndust hafa brotið lög í stórum stíl þótt stjórnmálamenn sem bankarnir höfðu stutt með fjárframlögum og einnig saksóknarar áræddu ekki að hræra hár á höfði þeirra. Stjórnmálamenn báru mikla ábyrgð á þessum hremmingum þar eð t.d. Bandaríkjaþing hafði aflétt eldri hömlum sem um margra áratuga skeið höfðu haldið bankarekstri í heilbrigðu horfi yfirleitt. Þar eð bankamönnum var ekki gert að sæta ábyrgð að lögum hafa þeir margir skotið sér undan að draga þá lærdóma af mistökum sínum sem vert væri.

### Misheppnuð einkavæðing

Í annan stað mistókst einkavæðing ríkisbankanna hér heima herfilega þótt til hennar væri stofnað á eðlilegum forsendum að því er virtist. Því var heitið að bankarnir myndu lúta dreifðu eignarhaldi. Við það var ekki staðið. Til stóð að laða traustan sænskan banka – banka sem hefur aldrei hlekkzt á – til starfa á Íslandi en við það var ekki heldur staðið. Tveir bankanna voru heldur afhentir innlendum einkavinum sem þurftu ekki nema nokkur ár til að keyra þá í þrot eins og Þórður Snær Júlíusson lýsir nú síðast í bók sinni *Kaupthinking*. Bókin fjallar um einn bankanna þriggja, en þeir voru allir eins í aðalatriðum svo sem skýrsla Rannsóknarnefndar Alþingis lýsir vel þótt umfang starfseminnar og þá um leið svikanna væri e.t.v. ólíkt.

Það kann m.ö.o. að hafa verið stigsmunur á bönkunum þrem en varla nokkur umtalsverður eðlismunur.

### Í réttri röð

Hér heima er nú uppi sami vandi og víða annars staðar þótt Ísland hafi þá sérstöðu að hafa dæmt bankamenn og fáeina aðra sökudólga hrunsins í samtals nærri 100 ára fangelsi. Vandinn er sá að enginn kannast við að bera nokkra ábyrgð á hruninu ef frá er talinn einn stjórnmálamaður og einn bankaeigandi sem sluppu bæði og báðust forláts. Forherðing sökudólganna, þ.m.t. þeir sjö menn sem Rannsóknarnefnd Alþingis taldi hafa sýnt af sér vanrækslu í skilningi laga, er svo að segja alger. Litlu virðist skipta þótt nýtt fólk hafi valizt til forustu í stjórnmálum og bönkum. Forherðingin virðist ganga í erfðir.

Tökum Landsbankann sem er nú ríkisbanki. Bankaráðið, skipað ungu fólki, hefur ákveðið að hækka svo laun bankastjórans að jafnvel Samtök atvinnulífsins hafa brugðizt ókvæða við. Bankaráðið slengir launahækkun bankastjórans eins og blautri tusku framan í launþega sem eiga í erfiðum samningum við vinnuveitendur um kaup og kjör. Við bætist að Landsbankinn er eini bankinn í álfunni sem er nú að byggja yfir sig nýjar höfuðstöðvar. Þær eiga að kosta jafnvirði um 100.000 kr. á hverja fjögurra manna fjölskyldu í landinu.

Gerum hlutina í réttri röð. Hreinsum fyrst til á Alþingi í þeirri von að nýju, skaplega skipuðu Alþingi verði betur treystandi til að laga til í Landsbankanum og víðar. Bankarnir verða þá fyrst tilbúnir til eigendaskipta að þeir sem falið er að halda utan um einkavæðinguna njóti trausts. Takist ekki að endurreisa Alþingi í tæka tíma mætti velja t.d. 20 manna eigendaráð af handahófi úr þjóðskrá og setja yfir bankasýsluna sem fer með hlut ríkisins í bönkunum.




Bílasalan Bílás, Akranesi, www.bilas.is, 431 2622
Bílasala Akureyrar, Akureyri, www.bilak.is, 461 2533
Bílaverkstæði Austurlands, Egilsstöðum, www.bva.is, 470 5070
IB ehf., Selfossi, www.ib.is, 480 8080
BL söluumboð, Vestmannaeyjum, 481 1313, 862 2516
BL ehf, Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík, 525 8000 / www.bl.is
B|L

# Til varnar femínisma



**Jón Baldvin Hannibalsson**
fyrrverandi formaður Alþýðuflokksins

**Málið er orðið hápólitískt. Það snýst ekki bara um kvenréttindi. Það snýst um mannréttindi.**

Nú er svo komið, að öfgafemínistar eru að koma óorði á femínismann, ekki bara á Íslandi heldur um heim allan. Við megum ekki láta þeim takast það. Reynum að læra af öðrum, t.d. af eftirfarandi dæmisögu frá Kanada.

Þetta byrjaði allt saman í University of British Columbia (UBC). Þjóðkunnur kanadískur rithöfundur, Steven Galloway að nafni, hafði kennt „creative writing“ (skapandi skrif) við góðan orðstír við háskólann. Frægasta bók hans, The Cellist of Sarajevo (2008), varð alþjóðleg metsölubók. Allt í einu spurðist það út, að hann hefði verið rekinn, fyrirvaralaust. „Óbrúanlegur trúnaðarbrestur,“ sagði rektor háskólans, Martha Piper.

En smám saman spurðist það út, að hinn skapandi rithöfundur væri sakaður um nauðgun. Hann átti að hafa nauðgað nemanda sínum. Rektor, og samstarfskonur hennar í deild skapandi lista, voru lofsungnar í fjölmiðlum fyrir að hafa rekið hann. Svona eiga sýslumenn að vera, var sagt. „Zero tolerance“ – ekkert umburðarlyndi – gagnvart ofbeldi gegn konum. Konurnar sem réðu lögum og lofum í Háskólanum í British Columbia voru sagðar vera öðrum til fyrirmyndar.

Sökudólgurinn sætti allsherjar fordæmingu. Bækur hans voru fjarlægðar úr hillum bókaverslana. Líka af bókasöfnunum. Honum var úthýst úr akademíunni. Hann var samkvæmt helstu álitsgjöfum og virtum fjölmiðlum orðinn „óalandi og óferjandi“ í siðaðra manna samfélagi.

Einstaka hjáróma raddir sungu ekki með í kórnum. Tveir fyrrum samstarfsmenn hins fordæmda voru tregir til að trúa áburðinum. Þeir spurðu sjálfa sig og aðra óþægilegra spurninga. Þeir spurðust fyrir um málsatvik. Þeir heimtuðu gögn. Spurðu hvar og hvenær? En stjórn UBC vísaði áleitnum spurningum á bug. Þær þögguðu niður efasemdaraddir. Þær sögðu, að svona tal bæri vott um lítilsvirðingu á konum. Eins og að konum væri ekki treystandi í svona málum. Dæmigert fyrir karlaveldið.

Smám saman fóru að heyrast raddir um að jafnvel hinn fordæmdi ætti sinn rétt: „Guilty because accused“ – að ákæran jafngilti sekt – meintur þolandi hafi alltaf rétt fyrir sér – stæðist varla mannréttindakröfur í réttarríki. „Condemnation without trial“ – dæmdur án réttarhalds – væri varla nógu gott heldur. Þar kom, að virtur hæstaréttarlögmaður, fyrrverandi dómari í Hæstarétti Kanada, Mary Ellen Boyd, var beðin að rannsaka málið. Hún tók sér góðan tíma. Aflaði gagna. Hafði uppi á vitnum og stýrði vitnaleiðslum. Rannsakaði málið ofan í kjölinn.

Niðurstaðan kom eins og þruma úr heiðskíru lofti: „Not guilty“. Hinn fordæmdi var saklaus. Það var engin nauðgun.

Kona, sem hafði haldið við kvæntan mann, laug þessu upp til að klekkja á honum. Sumir notuðu orðið „réttarmorð“. En þeir voru minntir á, að það var ekkert réttarhald. Brottrekstur mannsins var geðþóttaákvörðun „utan við lög og rétt – án dóms og laga. Konur, sem sumar hverjar böðuðu sig í sviðsljósi #metoo-hreyfingarinnar, höfðu í nafni kvenréttinda brotið mannréttindi á saklausum manni.

Þetta var „réttarmorð“. En utan við lög og rétt. Þær höfðu tekið sér ráðningarvald, ritskoðunarvald og sjálft dómsvaldið. Allt í nafni þess að „þolandinn“ hefði alltaf rétt fyrir sér. Samt ekki „þolandinn“ í þessu tilviki.

Eftir algera útskúfun úr samfélaginu og linnulaust níð í fjölmiðlum mánuðum saman varð niðurstaðan að lokum sú, að háskólanum var gert að borga Galloway 167 þúsund Kanadadollara í miskabætur (um 20 millur ísl.). En hverju var hann bættari? Líf hans var í rúst. Hann lýsti því svona með eigin orðum:

„Það vill enginn gefa út verkin mín. Dyr háskólanna standa mér lokaðar. Við skrimtum á tekjum konunnar. Ég á ekki lengur fyrir skuldum. Gjaldþrot blasir við. Þeir segja, að ég hafi unnið móralskan sigur. En það er sannkallaður „phyrrosarsigur“. Vinni ég annan slíkan, væri mér öllum lokið. Ofsækjendur mínir standa að vísu afhjúpaðir sem siðlaust hyski. En hverju er ég bættari? Líf mitt er í rúst. Ég vakna upp við sjálfsmorðsáráttu á hverjum morgni“.

Og hann bætir við: „Ég vaknaði upp einn daginn í alræðisríki, þar sem (tilhæfulaus) ásökun jafngildir sök. Útlægur úr mannlegu samfélagi.“

Þetta mál hefur klofið #metoo-hreyfinguna og akademíska samfélagið í Kanada í tvær andstæðar fylkingar. Með eða móti réttarríkinu. Málið er orðið hápólitískt. Það snýst ekki bara um kvenréttindi. Það snýst um mannréttindi.

# Almenningssamgöngur fyrir allt landið



**Sigurður Ingi Jóhannsson**
samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra

Skilvirkar samgöngur eru undirstaða verðmætasköpunar. Almenningssamgöngur eru stór liður í þeirri breytu ásamt því að ná settum markmiðum í umhverfismálum. Sterkt almenningssamgöngukerfi um land allt, sem tengir saman byggðakjarna landsins og höfuðborgarsvæðið við landsbyggðina, er forsenda þess að jafna stöðu landsmanna og færa okkur nær hvert öðru. Notkun á almenningssamgöngum verður ekki aukin nema að þjónustustigið taki mið af þörfum notandans þar sem lykilatriði er að hægt sé að rata um leiðakerfið með skjótum og einföldum hætti. Nýrri stefnu ríkisins um almenningssamgöngur sem mótuð hefur verið í fyrsta sinn er ætlað að tryggja að þær verði raunhæfur valkostur fyrir alla landsmenn.

### Jafnt aðgengi

Markmið núverandi ríkisstjórnar er að jafna aðgengi að þjónustu og til atvinnu. Í stjórnarsáttmálanum er lögð áhersla á að byggja áfram upp almenningssamgöngur um land allt, gera innanlandsflug að hagkvæmari kosti fyrir íbúa og að stutt verði við almenningssamgöngur á höfuðborgarsvæðinu. Nýsamþykkt samgönguáætlun á Alþingi kveður á um að almenningssamgöngur verði skipulagðar sem heildstætt kerfi og í byggðaáætlun er lögð áhersla á að skilgreina net almenningssamgangna á landinu öllu og reglur mótaðar um niðurgreiðslu fargjalda.

**Þar fyrir utan er Ísland eitt erfiðasta svæði í heimi til reksturs almenningssamgangna, en þær þrífast að jafnaði best í fjölmenni og ekki síst þar sem íbúaþéttleiki er hár.**

### Vandamálin víkja

Helstu viðfangsefni og vandamál í almenningssamgöngum hér á landi eru viðvarandi halli á rekstri almenningsvagna milli byggða, hátt farmiðaverð, rjómafleytingar einkafyrirtækja, skortur á yfirsýn og erfiðar tengingar milli samgöngumáta. Þar fyrir utan er Ísland eitt erfiðasta svæði í heimi til reksturs almenningssamgangna, en þær þrífast að jafnaði best í fjölmenni og ekki síst þar sem íbúaþéttleiki er hár. Núverandi skipulag almenningssamgangna í lofti, láði og legi milli byggða byggir á þróun sem hefur átt sér stað yfir áratuga skeið og hafa samgöngumátarnir þrír verið reknir að stærstum hluta hver á sinn hátt, án heildarsýnar.

### Eitt leiðakerfi og sameiginleg upplýsingagátt

Lykilatriði í nýju stefnumótuninni eru bætt þjónustustig, sameiginleg upplýsingaveita og þéttari tengingarnar svo ferðamátinn sé sem þægilegastur. Þá er lagt til að upplýsingar um áfangastaði og tímasetningar verði aðgengilegar og stefnt að því að öllum upplýsingum um leiðakerfi almenningssamgangna verði komið á einn gagnvirkan upplýsingavef. Fyrir farþega er lykilatriði að hægt sé að rata um leiðakerfið með skjótum og einföldum hætti. Sá sem ætlar að fara frá Vopnafirði til Ísafjarðar eða Kaupmannahafnar til Dalvíkur á ekki að þurfa að leita að fari nema í einni gátt. Upplifunin þarf að vera að eitt far sé pantað, óháð staðsetningu.

Ný drög að heildstæðri stefnu um almenningssamgöngur fara nú til umsagnar til almennings í samráðsgátt stjórnvalda. Stefnan er rökrétt framhald af nýrri samgönguáætlun sem Alþingi hefur samþykkt og verður leiðarljós að bættri þjónustu fyrir almenning. Ég hvet sem flesta til þess að kynna sér tillögurnar á vef samráðsgáttar – samradsgatt.island.is – og vænti þess að sú stefnumótun sem lögð er hér fram muni tryggja áreiðanlega og góða þjónustu til allra landsmanna, stuðla að bættum þjóðarhag og styrkja byggðir landsins í sessi.

# Stöndum saman – stöðvum svindl!





**Begga Rist**

**Sveinn Atli Gunnarsson**
eiga og reka hestaleiguna Íslenski hesturinn ehf.

Við hjónin höfum rekið hestaleigu í 8 ár, verið atvinnuskapandi, vandað okkur gagnvart landinu, hestunum, gestunum og starfsfólkinu. Frábærar viðtökur og umsagnir gesta bera þessu glöggt vitni.

Í góðæri síðustu ára hafa dúkkað upp alls kyns svindlarar sem stela launum starfsfólks. Í okkar starfsgrein misnota margir eigendur hestaleiga sér einlægan áhuga erlendra stúlkna (oftast stúlkur) á íslenska hestinum. Þær vilja upplifun og líta oft upp til eigendanna og eru því ekki fyrstar til að leita réttar síns. Blaðið Stundin hefur skjalfest hvernig fyrirtæki og eigendur þeirra fá ódýrt vinnuafl. Þeir fá nýjar stúlkur á nokkurra mánaða fresti, þannig að ef þú lesandi góður kannast við slíkt þá ættirðu að tilkynna það til yfirvalda.

Stúlkurnar eru ferðamenn í vinnu, það er lögbrot. Hvað með tryggingar ef þær sem leiðsögumenn slasast eða valda óhappi? Geta ferðamenn verið leiðsögumenn? Starfsheitið leiðsögumaður er ekki lögverndað, allir sem geta opnað munninn geta kallað sig leiðsögumenn, alveg óháð því hvað kemur út úr þeim munni! Þjóðin passaði landhelgina, hvað með landið og fólkið? Hvað með störf innan hestamennsku og ferðaþjónustu, m.a. í hópferðum og leiðsögn? Hvert beinum við viðskiptum? Hvað samþykkjum við?

Hverjir hafa hagsmuna að gæta við að hindra að gripið verði til aðgerða? Enn þá hefur því miður enginn í hestatengdri þjónustu boðið fram krafta sína í baráttuna.

**Starfsheitið leiðsögumaður er ekki lögverndað, allir sem geta opnað munninn geta kallað sig leiðsögumenn, alveg óháð því hvað kemur út úr þeim munni!**

Síðan við stofnuðum okkar fyrirtæki hefur aðilum í hestatengdri ferðaþjónustu fjölgað úr 54 árið 2009 í 166 nú. Eigendur hestatengdra svindlfyrirtækja virðast þó þrífast vel, hröð uppbygging og ýmiskonar eignamyndun bera því oft vitni. Margar þessara eigna ættu í raun að vera í eigu þeirra erlendu stúlkna sem sviknar hafa verið sem og íslenska ríkisins sem orðið hefur af réttmætum tekjum í mörg ár. Ríkinu ber að nálgast sinn hlut og stúlkurnar geta leitað réttar síns.

Eftirlitsaðilar hafa sofið á verðinum en peningarnir eru þarna, það þarf bara að sækja þá. Ef vilji er fyrir hendi gætu nokkrir starfsmenn ríkisins klárað málið og skilið eftir ágóða til samfélagsins. Af hverju er það ekki gert? Skattsvik, launaþjófnaður, félagsleg undirboð eru lögbrot. Eiga skattsvikarar að hafa óheft afnot af vega-, heilbrigðis- og menntakerfi? Er réttlátt að svindlfyrirtæki noti sömu reiðgötur og aðrir? Það þarf að kosta eigendur mikið að hafa kerfisbundið farið illa með fólk og brjóta niður samfélagið.

Svindlfyrirtækin fá augljóst samkeppnisforskot, sem líkja má við ríkisstyrk, allavega svo lengi sem ríkið aðhefst ekkert. Svindlararnir auðgast persónulega, með því að spara sér oft tugi milljóna í launakostnað á ári hverju. Vegna svindls er því á brattann að sækja hjá þeim sem gera hlutina rétt, því launakostnaður er yfirleitt stærsti liðurinn í fyrirtækjarekstri og því ótækt að standa í svindlkeppni.

Við hjónin ættum ekki að þurfa að vera í þessari baráttu, en við höfum ekkert val, svindlarar þvinga okkur á þennan stað en við mundum frekar kjósa að vera skellihlæjandi á hestbaki. En hér ríkir hvorki réttlæti né eðlileg samkeppni, svindlarar grafa undan íslensku atvinnulífi. Við höfum fengið mikla hvatningu og þykir vænt um það, en núna þurfum við aðgerðir. Þannig að ef það vill svo til, kæri lesandi, að þú hafir leitað til heilbrigðisstofnunar, gengið í skóla eða keyrt á vegum landsins og sérð hlutina í samhengi þá treystum við því að þú tilkynnir svindl.

Þetta er ekki einkamál okkar hjóna, það þarf viðhorfsbreytingu í öllum lögum samfélagsins. Launaþjófnaður er alvarlegur glæpur sem þarf að tilkynna og kemur öllum við. Við köllum eftir hugarfarsbreytingu, tilkynnið grun um svindl. Það er alveg óásættanlegt að næstum heill starfsvettvangur sé rekinn með svindli. Verum heiðarleg. Íslenski hesturinn er alltaf heiðarlegur og við sem umgöngumst hann eigum að vera það líka. Krefjumst þess að allir, ekki bara sumir, fari að lögum. Rjúfum þessa þöggun.

# BÓNUS

**BÓNUS VERÐ**




**798** kr. kg

**Stjörnugrís Grísahakk**
Ferskt, af nýslátruðu




**1.298** kr. kg

**SG Grísakótilettur**
Með hvítlaukspipar, af nýslátruðu

## Íslenskt GRÍSAKJÖT af nýslátruðu




**598** kr. kg

**Stjörnugrís Grísabógur**
Ferskur, af nýslátruðu




**1.598** kr. kg

**SG Grísalundir**
Kryddlegnar, af nýslátruðu

Verð gildir til og með **17. febrúar** eða meðan birgðir endast

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

NÝTT Í BÓNUS

# KETÓ RÉTTIR







**FYLGIR MEÐ**
Egils Kristall 2 l
með granateplum

**2.598**
kr. pk.

**20-30 Ketó Réttur**
Matur fyrir tvo í pakka, 2 teg.

# LÁGT VERÐ ALLA DAGA

**900g**




**1.495**
kr. 900 g

**ES Kjúklingabringur**
Frosnar, 900 g, danskar



VEGAN




**198**
kr. 150 g

**Yosa Grísk Hafrajógúrt**
með rabarbara og jarðarberjum,150 g




**259**
kr. 1 l

**Yosa Haframjólk Rich**
1 l

Verð gildir til og með **17. febrúar** eða meðan birgðir endast

# Fólk

FIMMTUDAGUR 14. FEBRÚAR 2019

Tíska



A capella sönghóparnir Lyrika og Barbari stilla saman strengi sína á Valentínusardag.

Tíska →4

LÍFIÐ ER Á FRETTABLADID.IS

Lífið á frettabladid.is fjallar um fólk, tísku, menningu, heilsu og margt fleira.






„París er tískuborg heimsins og mörg af þekktustu tískuhúsunum eru hér," segir Bergur Guðnason fatahönnuður sem býr og starfar í París.

# Tveir ólíkir heimar

**Undanfarið ár hefur Bergur Guðnason fatahönnuður starfað í París við ýmis spennandi og skemmtileg verkefni. Árið er búið að vera afar lærdómsríkt þar sem hann tók m.a. þátt í Paris Fashion Week í september á síðasta ári.**

París var alltaf efst á óskalistanum hjá fatahönnuðinum Bergi Guðnasyni þegar hann hóf að sækja um starfsnám eftir útskrift úr fatahönnun frá Listaháskólanum vorið 2017. Hann hefur dvalið þar undanfarið ár ásamt unnustu sinni, Margréti Rajani Davíðsdóttur, og starfað hjá tískuhúsinu Haider Ackermann og síðar hjá Acne Studios þar sem hann starfar í dag. Álagið er oft mikið en vinnan er um leið skemmtileg og lærdómsrík auk þess sem skötuhjúin njóta þessa að búa í heimsborginni París sem iðar af lífi allan sólarhringinn.

„Ég heimsótti París fyrst fyrir um níu árum og varð strax heillaður af borginni, t.d. sögunni, arkitektúrnum og menningunni. París er tískuborg heimsins og mörg af þekktustu tískuhúsunum eru hér. Eftir útskrift eyddi ég því allri minni orku í að komast í samband við þessi tískuhús og hönnuðina sem vinna þar. Tískuhúsin auglýsa sjaldan störf svo það eina sem virkar er að hafa beint samband við hönnuðina í hönnunarteymunum eða senda á ráðningarteymin. Það er ansi erfitt að fá svar til baka þegar maður er frá litla Íslandi en það hafðist þó að lokum. Gamli kennarinn minn úr Listaháskólanum, Linda Björg Árnadóttir, var einnig mjög hjálpsöm. Hún bjó lengi í París og aðstoðaði mig við að komast í samband við aðila í bransanum sem ég er mjög þakklátur fyrir."

## Ótrúleg upplifun

Fyrstu mánuðina í París starfaði Bergur hjá Haider Ackermann sem er einn af hans uppáhaldshönnuðum. „Það var því ótrúleg upplifun að vera í kringum hann daglega og vinna með honum. Hann hefur m.a. þá reglu að láta hönnunarteymið borða alltaf hádegismat saman. Þeim stundum mun ég seint gleyma, þar sem Haider fór alltaf á kostum í frásögnum sínum af frægum Hollywood vinum sínum, t.d. Kardashian fjölskyldunni og Önnu Wintour. Annars fóru fyrstu 2-3 mánuðirnir í að

Framhald á síðu 2 →

Starri Freyr Jónsson
starri@frettabladid.is



Framhald af forsíðu ➪

læra inn á bransann í París, hvernig hann virkar og hvernig maður á að beita sér. Tískubransinn er nefnilega mjög sérstakur í París og eru ákveðnar óskráðar reglur sem fólk fer eftir en erfitt er koma í orð hverjar eru.“

Að mörgu er að huga í hröðum heimi tískunnar, sérstaklega þegar kemur að undirbúningi á tískusýningu fyrir stærsta svið borgarinnar, Paris Fashion Week. „Við sýndum bæði herra- og dömulínuna á sömu sýningunni í september en það er í fyrsta sinn sem Haider gerir það. Það er ótrúlega sérstök tilfinning að vinna hörðum höndum dag og nótt og svo stendur sýningin yfir í um 15 mínútur. Meðan allir standa upp og klappa vorum við baksviðs í spennufalli, drukkum nokkur kampavínsglös og fórum síðan heim og sváfum í sólarhring.“

Verkefni Bergs hjá Haider voru eins misjöfn og þau voru mörg að hans sögn. „Ég var settur í þau verkefni sem þurfti að græja hverju sinni, allt frá því að búa til hugarheim og litapalettu fyrir línuna eða hlaupa á Hotel George V og pikka upp kjól fyrir Naomi Campbell.“

## Tvö ólík fyrirtæki

Í október á síðasta ári færði Bergur sig um set og hóf starfsnám hjá Acne Studios sem hann segir mun þekktara og aðgengilegra merki en Haider. „Þær vörur eru á viðráðanlegra verði og eru seldar í mun fleiri búðum auk þess sem Acne Studios er með eigin búðir út um allan heim. Það var góð reynsla að fá að starfa hjá svona ólíkum fyrirtækjum. Hjá Acne er t.d. séð mjög vel um starfsfólkið með alls konar fríðindum, enda skandinavískt. Hjá Acne hef ég aðallega verið að vinna að hönnun á úlpum og alls kyns yfirhöfnum svo ég nefni eitthvað. Ég hef stundum ferðast til höfuðstöðva þeirra í Stokkhólmi og sótt kynningarfundi með eiganda Acne Studios. Þessar ferðir hafa verið mjög lærdómsríkar og dýrmæt reynsla. Síðan ég byrjaði hjá Acne í október vann ég að haustlínu merkisins sem var frumsýnd fyrir stuttu í Palais de Tokyo. Nú erum við að vinna hörðum höndum að sumarlínu 2020. Sú vinna fer vel af stað og línan verður mjög skemmtileg.“

Hann segir fyrirtækin tvö vera mjög ólík, raunar eins og svart og hvítt. „Haider er mun minna fyrirtæki þar sem bara nokkrir starfsmenn starfa. Þar er meiri glamúr, dýrari flíkur og vörurnar meira nær hátísku. Það er líka minna vöruúrval hjá Haider og talsvert meiri vinna og pæling á bak við hverja einustu flík.“

## Kraftur á Íslandi

Hann segir erfitt að bera saman heimsborgina París og litla Ísland. „Það er kraftur í íslenskri tísku í dag. Það eru margir hæfileikaríkir fatahönnuðir en við erum bara svo fámenn þjóð. Markaðurinn er lítill og ekki mikið af starfsmöguleikum í boði. Mér finnst gaman að sjá að það eru þó nokkrir ungir fatahönnuðir á Íslandi að hanna sínar eigin vörur. Svo erum við auðvitað með flott fyrirtæki eins og 66°Norður. Annars er í raun ekki hægt að bera saman Reykjavík og París. Þetta eru gerólíkir heimar.“

> **Það er kraftur í íslenskri tísku í dag. Það eru margir hæfileikaríkir fatahönnuðir en við erum bara svo fámenn þjóð.**

## Með keppnisskap

Senn líður að lokum dvalar hans hjá Acne Studios og um þessar mundir er hann í miðju umsóknarferli fyrir næsta starfsnám. „Ég var í fótbolta til tvítugs þannig að ég hef mikið keppnisskap og hef bara verið að eltast við stóru þekktu húsin hér í París. Það er erfitt að komast í starfsnám þar sem hundruð fatahönnuða útskrifast um allan heim á hverju ári. Oft taka tískuhúsin bara einn til tvo starfsnema á ári, stundum enga, svo það er erfitt að komast að. Ég hef verið mjög heppinn og er óendanlega þakklátur fyrir að hafa fengið að komast í starfsnám tvisvar í röð í París. Það kitlar mig líka alltaf aðeins að koma heim og prófa að stofna mitt eigið merki og sjá hverjar viðtökurnar verða. Eins og staðan er núna er ekkert ákveðið heldur er ég að skoða möguleikana hér í París og í öðrum borgum.“

## Nýtir frítímann vel

Álagið getur verið mikið í tískubransanum og segir Bergur það koma fyrir, sérstaklega fyrir sýningar, að það sé unnið alla nóttina og ekkert sofið. „Inn á milli fæ ég þó frítíma en hann nýti ég mest með Margréti. Við erum dugleg að njóta borgarinnar, t.d. með því að fara á söfn og alls konar sýningar. Hér er alltaf eitthvað um að vera svo það er sannarlega erfitt að láta sér leiðast. Okkur finnst gaman að fara í hönnunarbúðir en þar fæ ég mikinn innblástur. Svo er frönsk matarmenning náttúrulega stórkostlega góð svo við erum dugleg við að fara út að borða hér í París.“



Bergur Guðnason fatahönnuður á góðri stundu í París með unnustu sinni, Margréti Rajani Davíðsdóttur.



Haider er mikill listamaður að sögn Bergs og eru sýningar hans oftar en ekki mjög áhugaverðar. Hér ganga öll módelin í hóp.



Hjá Acne Studios sérhæfir Bergur sig í hönnun á yfirhöfnum.



Sýnishorn úr línu Haider Ackermann sem Bergur og hönnunarteymið hjá Haider hannaði saman.




**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**Umsjónarmenn efnis:** **Sólveig Gísladóttir,** solveig@frettabladid.is s. 550 5762 | **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Brynhildur Björnsdóttir,** brynhildur@frettabladid.is, s. 550 5765 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@frettabladid.is, s. 550 5763 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is s. 550 5768

**Útgefandi:** Torg ehf | **Ábyrgðarmaður:** Kristín Þorsteinsdóttir | **Sölumenn:** **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 550 5657, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, **Jóhann Waage**, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, **Ruth Bergsdóttir**, ruth@frettabladid.is, s. 550 5653,

MOS MOSH

# NÝ SENDING!

Dragtir, skyrtur, toppar,
bolir, gallabuxur,
buxur og peysur.



# ÚTSÖLULOK!

**Síðustu dagar**

| | |
|---|---|
| Fimmtudagur | 10-18 |
| Föstudagur | 10-18 |
| Laugardagur | 10-16 |
| Sunnudagur | 12-17 |

60-80%
afsláttur

hjá Hrafnhildi

Engjateigi 5 // 581 2141 // hjáhrafnhildi.is













**Stefán Þór Þorgeirsson í Barbara og Ester Auðunsdóttir í Lyriku verða í Iðnó í kvöld að syngja ástarlög með sönghópunum sínum. Tilvaldir tónleikar fyrir ástfangið fólk og alla aðra sem trúa á ástina.** MYND/EYÞÓR

# Syngja um ástina

## A capella sönghóparnir Lyrika og Barbari stilla saman strengi sína á Valentínusardag og halda tónleika í Iðnó klukkan 21. Þau munu syngja um ástina í tilefni dagsins.

Ester Auðunsdóttir, ein af fjórum söngkonum Lyriku, og Stefán Þór Þorgeirsson í Barbara eru spennt fyrir Valentínusardeginum. Þau klæða sig vafalaust upp á í nafni ástarinnar og svara hér nokkrum lauflettum spurningum og skemmtilegum spurningum um tískuna.

### Stefán

*Hvernig myndir þú lýsa þínum stíl?*

Ég er oft að vinna með casual og þægileg föt. Rúllukragapeysur og prjónapeysur, sérstaklega yfir vetrartímann. Þær fara líka vel með Timberland eða jafnvel fínni skóm.

*Hvar kaupir þú fötin þín?*

Ég kaupi föt aðallega erlendis, ég er mest í Japan eða á Spáni þannig að fatavalið er fjölbreytt.

*Eyðir þú miklu í föt?*

Ég eyði ekki mjög miklu í föt heldur reyni að finna áhugaverðar flíkur á skikkanlegu verði.

*Hver er uppáhaldsflíkin þín?*

Uppáhaldsflíkin mín er svört peysa frá Osaka í Japan sem er heldur mínímalísk nema að á ermunum er plómu-emoji með Hipster skrifað á plómuna.

*Helsti veikleiki þegar kemur að tísku og útliti?*

Minn helsti veikleiki í tísku er líklega tilhneigingin til að vera í svörtu eða bláu, það væri gaman að vera litríkari. Ég á mér engar fyrirmyndir í tísku en það er mjög gaman að ganga um Harajuku hverfið í Tókýó og sjá allar flottu týpurnar.

*Hvað er fram undan?*

Fram undan er útgáfa á japanskri heimildaseríu sem ég tók síðasta sumar.

### Ester

*Hvernig myndir þú lýsa þínum stíl?*

Einhvers konar fusion stíll. Finnst mjög gaman að blanda saman mismunandi stílum og svo hef ég mjög gaman af fötum sem eru nógu ljót til að vera flott.

*Hvar kaupir þú fötin þín?*

Í rauninni bara alls staðar, upp á síðkastið hafa Spúútnik, Stefánsbúð og Húrra Reykjavík verið í uppáhaldi. Finnst samt mikilvægt að reyna að forðast fast fashion merki eftir bestu getu og kaupa frekar færri og betri flíkur.

*Eyðir þú miklu í föt?*

Ég held að ég eyði ekki mjög miklu í föt en útsölutíminn reynir á.

*Hver er uppáhaldsflíkin þín?*

Ég var að fá mér Henrik Vibskov buxur sem eru í miklu uppáhaldi einmitt núna.

*Uppáhaldshönnuður?*

Vivienne Westwood.

*Helsti veikleiki þegar kemur að tísku og útliti?*

Það tekur mig oft óþarflega langan tíma að setja saman outfit og stundum tek ég sénsa í tísku sem ganga ekki alveg upp.

*Hvað er fram undan?*

Eins og er þá er ég að taka starfsnám í gullsmíði hjá Anna María Design. En það sem er helst á döfinni þessa dagana eru Valentínusartónleikar sem sönghópurinn minn, Lyrika, heldur í Iðnó fimmtudaginn 14. febrúar ásamt kvartettinum Barbara.

# Netöryggi

FIMMTUDAGUR 14. FEBRÚAR 2019

Kynningar: Deloitte, Key of Marketing



Netglæpum fer óðum fjölgandi í takti við sívaxandi nettengingu fyrirtækja og heimila og það er því full ástæða til að hafa áhyggjur af auknu varnarleysi gagnvart netárásum og öryggisbrestum sem geta haft dýrkeyptar afleiðingar í för með sér. Mikilvægt er að starfsfólk og stjórnendur séu á verði og tileinki sér öflugar varnir gegn netglæpum og upplýsingaleka. MYND/ANTON BRINK

# Ísland ekki eyland þegar kemur að netglæpum

Samhliða auknu mikilvægi internetsins fyrir samfélagið færast netógnir hratt í aukana. Að huga að netvörnum er því mikilvægara nú en nokkru sinni fyrr, að sögn Þorvaldar Henningssonar, yfirmanns netöryggisþjónustu hjá Deloitte. →2

Framhald af forsíðu ➜

Á sama tíma og við treystum sífellt meira á tæknina í leik og starfi, verða netglæpamenn skipulagðari og úrræðabetri með hverjum deginum og þetta breytta landslag kallar á aukinn viðbúnað fyrirtækja jafnt sem einstaklinga. Það er því full ástæða til að hafa áhyggjur af auknu varnarleysi gagnvart netárásum og öryggisbrestum sem geta haft dýrkeyptar afleiðingar í för með sér. Þorvaldur Henningsson er yfirmaður netöryggisþjónustu hjá Deloitte.

*Ísland er lítið samfélag þar sem minna er um alþjóðleg stórfyrirtæki en víða erlendis. Eru netglæpir jafn raunveruleg ógn fyrir fyrirtæki hér á landi eins og annars staðar?*

„Já, þegar kemur að netglæpum er Ísland ekki eyland og má segja að smæðin geti í einhverjum tilvikum unnið gegn okkur með því að skapa falska öryggistilfinningu. Við lifum á spennandi tímum þar sem verið er að nýta tæknina á marga vegu til að auka lífsgæði fólks, svo sem innan heilsugæslu, löggæslu, framleiðslu og þjónustu. Þessi auknu þægindi koma því miður ekki að kostnaðarlausu því netglæpamenn reyna oft að misnota tæknina og upplýsingar sem liggja í upplýsingakerfum. Við ráðleggjum því okkar viðskiptavinum að beina sjónum sínum í auknum mæli að netöryggismálum sem og ábyrgri meðferð persónuupplýsinga.“

*Hvernig teljið þið íslensk fyrirtæki í stakk búin til að bregðast við auknum netógnum?*

„Heilt yfir geta fyrirtæki gert talsvert betur en við finnum fyrir því að stjórnendur eru farnir að veita málaflokknum aukna athygli enda gríðarlegir hagsmunir í húfi. Deloitte framkvæmdi á síðastliðnu ári netkönnun á meðal 200 stærstu fyrirtækja á Íslandi þar sem til að mynda kom í ljós að einungis 8% svarenda töldu sig ekki hafa orðið fyrir netárás á síðastliðnum 12 mánuðum og einungis um 35% sögðust vera með neyðaráætlun fyrir netöryggisbrot sem væri reglulega uppfærð. Það sem mestu skiptir er að fyrirtæki komi sér upp innviðum til að uppgötva innbrot og standa af sér netárásir.“

*Eru einhverjar tegundir netárása algengari en aðrar?*

„Það er af mörgu að taka en við sjáum að það er mjög algengt að glæpamenn eru að beita tölvupóstum í netárásum og eru slíkar árásir oft nefndar veiðipóstaárásir. Í veiðipóstum er gjarnan að finna vefslóð eða viðhengi og ef við smellum á slóðina eða opnum viðhengið, munu tölvuþrjótarnir reyna að plata okkur til að láta af hendi viðkvæmar upplýsingar. Einnig er algengt að veiðipóstar séu notaðir til að smita tölvur með gagnagíslatökubúnaði, sem dulkóðar allar skrár í tölvunni og heftir aðgang notenda að skrám sínum nema að glæpamönnunum sé greitt lausnargjald.

Með veiðipóstum er einnig hægt að lauma njósnabúnaði í tölvur og geta tölvuþrjótarnir þá haft aðgang að öllu efni sem notandinn er að nálgast á tölvu sinni, stolið lykilorðum hans, eða kveikt á myndavél og hljóðnema á viðkomandi tölvu og þar með horft og hlustað á allt sem notandinn er að gera. Niðurstöður áðurnefndrar könnunar gáfu til kynna að fjögur af hverjum fimm fyrirtækjum landsins hafa orðið fyrir veiðipóstaárás. Um níu af tíu þátttakendum í könnun Deloitte sögðust hafa lent í tilraun til stjórnendasvindls, en slíkt svindl gengur út á það að glæpamenn reyna að villa á sér heimildir með því að þykjast vera stjórnendur hjá tilteknu fyrirtæki og reyna t.d. að fá starfsmenn til að millifæra fjármuni af reikningum fyrirtækisins til glæpamannanna. Auðvitað er líka til í dæminu að glæpamenn séu að beita mun háþróaðri aðferðum til að brjótast inn í tölvukerfi fyrirtækja og höfum við séð dæmi þess hér á landi.“



Þorvaldur Henningsson, yfirmaður netöryggisþjónustu hjá Deloitte, segir mikilvægt að huga sérstaklega vel að netvörnum enda mikið í húfi bæði fyrir fyrirtæki og einstaklinga enda reyni netglæpamenn oft að misnota tæknina og upplýsingar sem fyrir liggi í upplýsingakerfum.



Netöryggi snýr ekki bara að aðgangi að mikilvægum gögnum heldur geta netþrjótar til dæmis virkjað vefmyndavélar og upptökubúnað á tölvum.



Netöryggi er gríðarlega mikilvægt þar sem æ stærri hluti af lífi okkar fer fram á netinu og það getur verið dýrkeypt að skilja tölvuna eftir óvarða.

*Hvernig geta fyrirtæki varið sig fyrir netárásum?*

„Það er mikilvægt að fyrirtæki skilgreini hvaða upplýsingar skipta starfsemi þess mestu máli og setji upp varnir í takt við það. Að sama skapi skiptir miklu máli að fyrirtæki séu að beita skipulögðum aðferðum við netvarnir sínar og séu í raun að setja sér netöryggisstefnu sem styður viðskiptastefnu fyrirtækisins. Þegar við höfum sviðsett veiðipóstaárásir fyrir fyrirtæki á Íslandi þá er algengt að 40% starfsmanna gangi í gildruna. Því er mikilvægt að fyrirtæki upplýsi og fræði starfsmenn um netógnir og setji skýrar reglur um notkun tölvubúnaðar. Eins er mikilvægt að fyrirtæki séu dugleg að framkvæma öryggisuppfærslur á tölvukerfum sínum.

Einnig má nefna að ný lög á sviði persónuverndar fela í sér auknar kröfur þegar kemur að meðferð persónuupplýsinga og viðbrögðum við öryggisbrestum. Þegar kemur að öryggismálum þurfa stjórnendur því að vera meðvitaðir um þær kröfur sem gerðar eru til meðferðar og öryggis persónuupplýsinga.“

*Myndir þú segja að almenningur og heimili séu jafn berskjölduð fyrir netógnum og fyrirtæki?*

„Líklega er óhætt að segja að sem samfélag erum við mjög berskjölduð. Það eru að miklu leyti svipaðar ógnir sem steðja að almenningi og fyrirtækjum þó svo að oft sé kannski eftir meiru að slægjast fyrir glæpamenn hjá fyrirtækjum. Við þreytumst seint á að benda almenningi á mikilvægi þess að hafa góðar vírusvarnir á tölvum, uppfæra hugbúnað reglulega, vera gagnrýnin á hverju hlaðið er niður af netinu og síðast en ekki síst að vera með sterk lykilorð og uppfæra þau reglulega.“

> **Það er mikilvægt að fyrirtæki skilgreini hvaða upplýsingar skipta starfsemi þess mestu máli og setji upp varnir í takt við það.**
>
> Þorvaldur Henningsson, yfirmaður netöryggisþjónustu hjá Deloitte

*Undanfarið hefur verið mikið rætt um nethegðun einstaklinga, þurfum við að endurhugsa hegðun okkar?*

„Við höfum undanfarið verið að fræða fólk, þar á meðal foreldra, um bætta nethegðun. Þar höfum við sérstaklega bent á að einstaklingar þurfa að setja sér mörk þegar kemur að hegðun á samfélagsmiðlum og þá kannski sérstaklega þegar kemur að börnum. Fólk virðist ekki hika við að deila myndum og jafnvel viðkvæmum persónuupplýsingum um börnin sín á samfélagsmiðlum. Oft deila foreldrar viðkvæmum upplýsingum í lokuðum hópum á samfélagsmiðlum en gleyma gjarnan að í slíkum hópum geta verið þúsundir meðlima. Fólk þarf að hugsa sig vandlega um áður en það skrifar færslur eða hleður inn myndum í slíku umhverfi, því við vitum aldrei hvaða áhrif slíkt getur haft til framtíðar,“ segir Þorvaldur Henningsson að lokum.

Deloitte veitir bæði opinberum aðilum og einkafyrirtækjum í fjölmörgum atvinnugreinum endurskoðunar-, skatta-, ráðgjafar- og fjármálaþjónustu. Alþjóðlegt sérfræðinet Deloitte tengir saman sérfræðinga í 150 löndum þannig að saman fari ítarleg staðbundin þekking og alþjóðleg hæfni, viðskiptavinum til hagsbóta.

Nánar á deloitte.is.

Útgefandi: Torg ehf | Ábyrgðarmaður: Kristín Þorsteinsdóttir | Sölumaður auglýsinga: Jóhann Waage, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, | Veffang: frettabladid.is



Ægir Hreinn Bjarnason og Oddur Jarl Haraldsson höfðu unnið saman að mörgum verkefnum þegar þeir ákváðu að leiða saman hesta sína hjá Key of Marketing. MYND/EYÞÓR

# Við gerum þetta rétt

**Key of Marketing er ný og framsækin stafræn auglýsingastofa sem sérhæfir sig í markaðssetningu á samfélagsmiðlum og því að koma fyrirtækjum á grípandi framfæri.**

Okkar aðalsmerki er frábær þjónusta, vönduð vinnubrögð og klæðskerasniðnar lausnir sem henta ólíkum fyrirtækjum til þess að sækja fram og vekja athygli á samfélagsmiðlum," segir Ægir Hreinn Bjarnason, sölustjóri hjá markaðsfyrirtækinu Key of Marketing sem byrjaði að fara á flug í nóvember og hefur fengið gríðargóðar viðtökur ánægðra viðskiptavina.

„Við sérhæfum okkur í að finna bestu leiðirnar fyrir fyrirtæki að markaðssetja sig á samfélagsmiðlum. Það er engin spurning að hagur fyrirtækja eykst við að nota þjónustuna okkar því við notum allar nýjustu aðferðirnar við að auglýsa á samfélagsmiðlum og setjum mikinn metnað í að tileinka okkur það nýjasta og bæta okkur enn frekar," segir Ægir sem hjá Key of Marketing sinnir þjónustu fyrir fyrirtæki af öllum toga.

„Við sjáum um auglýsingar á Facebook, Instagram, Google, YouTube og Email og notum hugbúnaðinn Facebook Pixel til að finna líklegustu kaupendurna. Þannig leggjum við mikla áherslu á að læra inn á viðskiptamódel hvers fyrirtækis fyrir sig og finnum út lokamarkmið þeirra. Markaðsplanið er því sérsniðið að hverju og einu þeirra," upplýsir Ægir.

## Reynsluboltar við stýrið

Key of Marketing tekur markaðs- og auglýsingamál fyrirtækja í fóstur og fylgir eftir hverju fótmáli.

„Það tekur tíma að læra inn á samfélagsmiðla og breytingar þar eru hraðar. Því þurfa langflest fyrirtæki leiðsögn um síbreytilegan frumskóg samfélagsmiðla og þá er þægilegt að hafa reynslubolta og kunnáttumenn eins og okkur til að sjá um það frá A til Ö og geta einbeitt sér að rekstrinum í staðinn," segir Ægir.

Key of Marketing býður upp á markaðssetningu á samfélagsmiðlum, myndbandsgerð, lógóhönnun, teiknimyndir (e. animation video) og vefsíðugerð, sem og grafíska hönnun, portrait-myndir, 3D-vinnu, plakót, albúm, tónlist fyrir auglýsingar, tölvupóstherferðir (e. email marketing) og allt sem tengist markaðssetningu fyrirtækja.

„Við veitum framúrskarandi þjónustu og vönduð vinnubrögð. Við búum að mikilli reynslu, erum með víðtækan bakgrunn í netverslunum, kóðunarvefsíðum og auglýsingum um allan heim og höfum á undanförnum árum unnið ötullega að markaðssetningu á samfélagsmiðlum."

## Einstakar lausnir sem virka

Key of Marketing var stofnað á haustmánuðum í fyrra. Fyrirtækið er í eigu Ægis og Odds Jarls Haraldssonar og nýlega bættust við þrír starfsmenn, þeir Svavar Sigursteinsson myndtökumaður, Þröstur Njálsson ljósmyndari og Axel Magnús Kristjánsson verkefnastjóri sem sér einnig um leikstjórn við myndbönd og er Google-sérfræðingur fyrirtækisins.

„Við Oddur höfðum unnið saman að mörgum verkefnum og fannst Key of Marketing vera besta leiðin til að samnýta krafta okkar," upplýsir Ægir um tilurð fyrirtækisins.

Key of Marketing stendur fyrir vinsælum námskeiðum í markaðssetningu á Facebook og Instagram og á döfinni eru námskeið í markaðssetningu á Google og YouTube. Næsta námskeið stendur yfir dagana 24. og 31. mars og eru aðeins sextán sæti laus.

> „Langflest fyrirtæki þurfa leiðsögn um síbreytilegan frumskóg samfélagsmiðla og þá er þægilegt að láta kunnáttumenn eins og okkur sjá um það frá A til Ö.
>
> **Ægir Hreinn Bjarnason**

„Fyrsta námskeiðið sló í gegn og allir voru mjög ánægðir með árangurinn. Á námskeiðinu kennum við frá grunni hvernig á að búa til auglýsingar á Facebook og Instagram. Það verður sífellt mikilvægara að vera með rétta markaðssetningu á samfélagsmiðlum, en öfugt við aðrar auglýsingaleiðir er hægt að beina auglýsingum að hárréttum aðilum og þarf ekki að eyða í það miklu fé. Á vinsælustu samfélagsmiðlunum liggja gríðarleg tækifæri og á leitarvélinni Google kennum við að komast að ofarlega í leitinni og að fyrirtækin fái réttu klikkin og borgi sem minnst fyrir sem mest," útskýrir Ægir sem hjá Key of Marketing hugsar ávallt út fyrir boxið og er sífellt að bæta við þekkingu til að mæta þörfum viðskiptavina með óvæntum, grípandi og skemmtilegum lausnum sem virka.

„Við erum einstakt fyrirtæki; ungt en reynslumikið. Við bjóðum ferskar lausnir og erum ákafir í að gera vel. Við tökum markaðsmálin að okkur fyrir fyrirtæki, búum til allt markaðsefni sem þau þurfa og fylgjum þeim áfram með veflausnum og auglýsingum," segir Ægir en nú þegar eru fjölmörg ánægð fyrirtæki í áskrift hjá Key of Marketing.

„Við förum djúpt í hvað virkar best fyrir hvert og eitt fyrirtæki því öll eru þau einstök og áherslurnar ólíkar; hvernig auglýsingar fá mesta athygli og hvernig á að lesa úr árangri þannig að fjármunir nýtist sem best. Það eru auðvitað margar leiðir til að gera þetta, en við gerum þetta rétt."

Það kostar ekkert að hafa samband við Key of Marketing og alltaf heitt á könnunni þegar komið er til skrafs og ráðagerða.

Key of Marketing er í Ármúla 6. Sími 891 6630. Netfang team@keyofmarketing.com. Sjá nánar á keyofmarketing.com.




## Ung börn og snjalltæki

Snjalltæki á heimilum geta veitt fjölskyldum margar nýjar upplifanir og möguleika til náms og sköpunar. Hvernig geta foreldrar stuðlað að því að barnið fari vel af stað með notkun tækjanna? Hverju þarf að huga að? Nýr bæklingur SAFT og Heimilis og skóla, Ung börn og snjalltæki – grunnur að góðri byrjun, inniheldur góð ráð og gátlista sem geta hjálpað foreldrum að rata hinn gullna meðalveg. Þar er m.a. rætt um að vera með barninu þegar það lærir á miðlana, huga að notkunarreglum á heimilinu, vera upplýst um þjónustu, innihald, tækni og aldurstakmörk og að kenna barninu góðar netvenjur. Hægt er að nálgast bæklinginn á saft.is og heimiliogskoli.is en einnig í þjónustumiðstöð Heimilis og skóla.



**Í skýrslu Oxfordháskóla frá því í apríl í fyrra kemur fram að eftir fundi með ýmsum aðilum í samfélaginu um netöryggistengd málefni skilaði skólinn 120 ráðleggingum til úrbóta.**

## 120 ráðleggingar

Ólíkt fjölda annarra glæpategunda einskorðast netglæpir ekki við tiltekna þjóðfélagshópa, aldursbil, kyn eða staðsetningu. Það er ekki orðum aukið að segja að enginn netnotandi er óhultur. Í skýrslu Oxfordháskóla frá því í apríl í fyrra kemur fram að eftir fundi með ýmsum aðilum í samfélaginu um netöryggistengd málefni skilaði skólinn 120 ráðleggingum til úrbóta. Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið og viðeigandi stofnanir hafa skipt á milli sín ábyrgð á því að bregðast við ráðleggingunum.

Í skýrslunni kemur fram að það sé mikilvægt að þessum 120 atriðum sé fylgt vel eftir, enda er rafræna innviði að finna í flestum kimum nútímasamfélags. Mikilvægt sé að tryggja að þjónustan sé sem öruggust og njóti trausts. Fyrirhugað er að Oxfordháskóli endurmeti stöðuna síðar, þannig að unnt sé að meta árangur þeirra aðgerða sem ráðist verður í á grunni ráðlegginganna.

# Þarf að bæta menntun

Helstu ráðleggingar Oxfordháskóla voru meðal annars að tryggja fjárveitingu, efla samvinnu og þá sé þörf á vitundarvakningu. Upplýsingar séu líka hnitmiðuð fræðsla fyrir viðkvæma hópa. Það þurfi að þróa reglur um upplýst samþykki notenda vegna söfnunar persónuupplýsinga. Hvetja til notkunar vefstaðla sem verndi notendur og koma á sameiginlegri tilkynningagátt vegna netatvika og afbrota og stuðla að notkun hennar. Þá þurfi þjóðarátak til betri vitundar um netöryggi, bæta menntun þeirra sem bera ábyrgð á menntun og fræðslu, meðal annars með því að kenna netöryggi sem fag á háskólastigi, ekki hafa bara sundurlaus námskeið, eins og segir í skýrslunni. Þrjú ráðuneyti koma að netöryggi á Íslandi. Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið fer með málefni sem varða netöryggi. Dómsmálaráðuneytið fer með mál er lúta að afbrotum tengdum netinu og utanríkisráðuneytið fer með formleg tengsl við önnur ríki, t.d. vegna netvarna.



**Sigurður Ingi Jóhannsson, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, fer með málefni sem varða netöryggi.**



# TAIFUN OG ÞÚ NÆRÐ LENGRA

## FYLGDU OKKUR Á FACEBOOK





BERNHARÐ
LAXDAL
SÍGILD KÁPUBÚÐ

**Skipholti 29b • Sími 551 4422 • www.laxdal.is**

# Særandi skór Katy Perry

Bandaríska poppdívan Katy Perry hefur sent frá sér yfirlýsingu vegna hönnunar sinnar á skóm. Skórnir þykja draga dám af „blackface“ en það er meira en hundrað ára gamalt hugtak sem á rætur að rekja aftur til þess tíma þegar hvítir leikarar máluðu andlit sitt svart og skopstældu blökkumenn.

Skórnir The Ora og The Rue fást bæði svartir og húðlitaðir. Á þeim eru augu, nef og varir. Katy segist sorgmædd yfir að hönnun hennar, blá augu og rauðar varir á svörtu leðri, hafi verið borin saman við meiðandi ímynd „blackface“. Skórnir séu hluti af línu sem hún sýndi síðasta sumar, fáist í níu litum og átti að daðra við nútímalist og súrrealisma.

„Við ætluðum engan að særa og höfum nú tekið skóna úr heildarlínunni og verslunum,“ sagði söngkonan í yfirlýsingu til fjölmiðla. Þar kom einnig fram að hönnunin væri alfarið hennar, innblásin af ferðalögum, kímnigáfu og einstöku hugmyndaflugi söngkonunnar.






Hönnuðurinn Emily Bode hannaði þessi föt fyrir Leon Bridges sem eru skreytt með minningum úr lífi hans. NORDICPHOTOS/GETTY

## Svalir á Grammy

Grammy verðlaunahátíðin var haldin á sunnudaginn var í Los Angeles í Bandaríkjunum. Eins og venjulega ríkir mikil spenna fyrir klæðaburði stjarnanna og ollu þær engum vonbrigðum í ár.

Tímaritið GQ tók saman nokkra vel klædda karlmenn sem þóttu bera af öðrum það kvöldið.



Swae Lee var svalur að vanda, hér í buxum frá Maxine Simoens og skóm frá Giuseppe Zanotti.



Post Malone skipti nokkrum sinnum um föt. Svona mætti kappinn til leiks, fagurbleikur og flottur.



Anthony Kiedis, Chad Smith og Flea úr Red Hot Chili Peppers mættir hressir og kátir eins og þeim er einum lagið.



# Smáauglýsingar

550 5055
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

## Bílar & Farartæki

### Hjólhýsi



**HOBBY HJÓLHÝSI 2019**

**STÓRSPARNAÐUR!**
Nú er rétti tíminn til að panta Hobby hjólhýsi fyrir vorið beint frá Evrópu. Við aðstoðum þig.

Allar fyrirspurnir sendist á:

kriben@simnet.is

s. 863 4449

## Þjónusta

### Pípulagnir

Pípulagningameistari getur bætt við sig verkefnum á viðhaldi og viðgerðum. Uppl. í s. 778 1604.

### Hreingerningar

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

### Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

### Málarar

**MÁLARAR.**
Faglærðir Málarar. Tökum að okkur alla almenna málningarvinnu. Sanngjarnt verð. S. 696 2748 / loggildurmalari@gmail.com

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Spádómar

Spái í spil,tek fólk heim. Tímapantanir. S. 891 8727. Stella. Geymið auglýsinguna

**ÖRLAGALÍNAN 908-1800**
Spáum í spil og ráðum drauma, andleg hjálp og ráðgjöf. Opið frá 20 -23 öll kvöld.

### Rafvirkjun

**RAFVIRKI**
Vantar þig rafvirkja strax í smáverk Gvendarbás ehf. - S. 853 1199

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, mynddyrasímar, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

## Keypt & Selt

### Til sölu

### Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
**jonogoskar.is s.552-4910**

**STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!**
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!

www.kaupumgull.is
**Opið mán - fös 11-16, Skipholt 27, 105**

**Upplýsingar í síma 782 8800**

STIGA



**ST 5266 PB snjóblásari**
B&S mótor, 250cc, rafstart
Kastar 1-12 metra
Vinnubreidd 66 cm.
Upphituð handföng og ljós
Frábær í erfiðan snjómokstur

VETRARSÓL Askalind 4, Kóp. Sími 564 1864 www.vetrarsol.is



mýranaut

Ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

## Skólar & Námskeið

### Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.



**FYRIR AÐSTOÐ INNANLANDS**
gjofsemgefur.is
**907 2002**
Hjálparstarf kirkjunnar

## Húsnæði

### Húsnæði í boði

**TIL LEIGU NÝLEGT 165 - 570 FM ATVINNUHÚSNÆÐI Í 116 REYKJAVÍK VERÐ FRÁ KR 990 FM**
165 og 285 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.
**Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000**

Stór 2ja herb. íbúð í Keflavík til leigu með nýjum húsgögnum og ísskáp, auk rafmagns,hita og net. Uppl. 869-6001.

### Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

## Atvinna

### Atvinna óskast

**STARFSMENN**
til fjölbreyttra starfa um lengri eða skemmri tíma

**PROVENTUS**
Starfsmannaþjónusta
**551 5000**
proventus@proventus.is
Ármúla 15, 108 Reykjavík
www.proventus.is

**Þú finnur draumastarfið á job.is**


Iðnaðarmenn


Heilbrigðisþjónusta


Veitingastaðir

GLÆNÝ OG FERSK STÖRF Í HVERRI VIKU
job.is

# Þjónustuauglýsingar

Sími 550 5055




**Varahlutir í vinnulyftur**
- JLG
- Genie
- SkyJack
- Ofl.tegundir

Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

**Ferðaþjónustuhús**



Vönduð hús sem henta vel í ferðaþjónustuna, afhendast fullkláruð.

Nánari uppl. reisum@simnet.is eða í síma 899 0913 Fríða www.reisum.is

**BIFREIÐAVERKSTÆÐI KÓPAVOGS**

TOYOTA ÞJÓNUSTA
ALLAR ALMENNAR BÍLAVIÐGERÐIR



SMIÐJUVEGUR 68 • KÓPAVOGUR
WWW.BIFREIDAVERKSTAEDI.IS
**S. 587 1350**



**Dáleiðsla**

Hætta að reykja, betri svefn, léttast/þyngjast, og láta sér líða betur á margan annan máta.

Ingibjörg Bernhöft hjúkrunarfr. og dáleiðslufræðingur
s. 864 2627 • bernhoft@gmail.com

**Geymsluskúrar /gestahús til sölu**



- Þrjár stærðir 7,5/9,5/14,9 fm.
- Veggjagrind út 45x95 timbri.
- Pappi og bárustál á þaki.
- Rofar og tenglar IP44 rakaheldnir.
- Skúrar sem þola veður og vinda.

Nánari uppls; reisum@simnet.is eða s. 899 0913 Fríða, www.reisum.is

**Bílvogur eh/f**

Bifreiðaverkstæði
Auðbrekka 17
200 Kópavogi

Láttu okkur gera bílinn kláran í vetraraksturinn.

Yfir 30 ára reynsla í öllum almennum bílaviðgerðum og smurþjónustu.

Sími 564 1180 • bilvogurmot@simnet.is • www.bilvogur.is

**Alla fimmtudaga og laugardaga**

arnarut@frettabladid.is gudruninga@frettabladid.is




3ja herb íbúð á jarðhæð m sérinngangi
84 fm að stærð með geymslu.
Sérmerkt stæði í bílskýli
Hús viðgert og málað sl sumar
Sér verönd / garður
Vel skipulögð íbúð, björt og falleg



Nánari upplýsingar veitir:
**Þórhallur Biering,** lögg. fasteignasali
thorhallurb@miklaborg.is **sími:** 896 8232

Verð :
**41,9 millj.**

FASTEIGNASALAN MIKLABORG **569 7000** Lágmúla 4 **www.miklaborg.is**
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -

Snyrti & nuddstofan Smart
Kirkjulundi 19 • 210 Garðabæ



**Indverskt höfuð og andlitsnudd, litun og plokkun á augabrúnir**
***Verð 7.000,-***

**Munið gjafabréfin okkar.**

Tímapantanir í síma 789 3031 & 897 3035, helgasig2@gmail.com
eða á facebook síðu: Facebook.com/snyrti og nuddstofan smart




» Ráðningarþjónusta

# Leitar þú að starfsmanni?

**HH Ráðgjöf** hefur vönduð vinnubrögð og fagmennsku að leiðarljósi. Við leggjum metnað okkar í að veita afburðarþjónustu og finna réttan einstakling fyrir þá aðila sem leita okkar aðstoðar við ráðningu starfsfólks.

» Kostir þess að nýta sér þjónustu HH Ráðgjafar eru m.a.:

- **Vinnusparnaður**
Við vinnum úr umsóknum, leitum í gagnagrunni okkar, tökum forviðtöl og öflum umsagna.
- **Markviss leit**
Sérskrifaður hugbúnaður gerir leit afar markvissa og tryggir að við finnum hæfasta einstaklinginn.
- **Þriggja mánaða ábyrgð**
Ef starfsmaður hættir störfum innan þriggja mánaða er ráðning í hans stað án endurgjalds.
- **Ekkert staðfestingargjald**
Við leggjum áherslu á að rækta árangursríkt og ánægjulegt langtímasamband við viðskiptavini okkar og því greiðir þú ekkert ef ekki verður af ráðningu.
- **Fjöldi hæfra umsækjenda**
Fjöldi umsækjenda er á skrá í almennum gagnagrunni okkar sem tryggir að við finnum rétta einstaklinginn fyrir starfið.
- **Fjölbreyttar þjónustuleiðir**
Í boði eru fjölbreyttar þjónustuleiðir sniðnar að þörfum og væntingum viðskiptavina okkar. Þú finnur lausnina hjá okkur.
- **Reynsla og þekking**
Hjá HH Ráðgjöf starfa sérfræðingar á sviði starfsmannamála sem búa m.a. yfir mikilli reynslu af ráðningum og hagnýtri menntun.
- **Sanngjarnt verð**
Bjóðum mjög hagstætt og samkeppnishæft verð á þjónustu okkar. Gerðu verðsamanburð!




**HH Ráðgjöf** er alhliða ráðningarþjónusta og við störfum okkur af því að veita framúrskarandi þjónustu hvort sem um ræðir ráðningu ófaglærðra, faglærðra eða sérfræðinga.

» Ráðgjafar okkar veita fúslega frekari upplýsingar í síma 561 5900 eða sendu okkur tölvupóst: hhr@hhr.is

HH RÁÐGJÖF
RÁÐNINGARÞJÓNUSTA

» HH Ráðgjöf • Fjarðargata 13 - 15 • 220 Hafnarfjörður • Sími: 561 5900 • Fax: 561 5909 • hhr@hhr.is • www.hhr.is

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

1kg




**1.598** kr. 1 kg

**Mexíkósk Kjúklingasúpa,** 1 kg
**Ungversk Gúllassúpa,** 1 kg
**Íslensk Kjötsúpa,** 1 kg

Umhverfisvænni
# UMBÚÐIR
Sömu góðu súpurnar

Matarmiklar súpur
# FULLELDAÐAR
Aðeins að hita



**395** kr. kg

**Spergilkál**
Spánn



**395** kr. kg

**Blómkál**
Spánn



**195** kr. kg

**Kínakál**
Pólland



**159** kr. kg

**Hvítkál**
Holland

250g



**195** kr. 250 g

**Kirsuberjatómatar**
Spánn, 250 g

1kg



**298** kr. 1 kg

**Gulrætur**
Danmörk, 1 kg

# BÓNUS EKKERT BRUÐL

**Opnunartími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00
**Bónus Smáratorgi:** Mánudaga-Fimmtudaga; 10:00-19:00 • Föstudaga-Laugardaga; 10:00-19:30 • Sunnudaga; 11:00-18:00

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS




**KOLVETNASKERT PRÓTEINBRAUÐ**
Aðeins 12 g kolvetni og 25 g prótein pr. 100 g

**398** kr. 400 g

**Bónus Próteinbrauð**
Kolvetnaskert, 400 g

**400g**




**398** kr. 400 g

**OS Smjör**
400 g




**159** kr. pk.

**Ömmu Heilkorna Flatkökur**
4 stk. í pakka

# SAMA VERÐ UM LAND ALLT

**GATORADE**
Best fyrir maí 2019




**98** kr. 500 ml

**Gatorade Lemon**
500 ml

**TAKMARKAÐ MAGN**




**98** kr. 190 g

**Pringles Sausage & Bacon**, 190 g
**Pringles Prosecco & Peppercorn**, 190 g

**120** hylki




**2.998** kr. stk.

**Protis Kollagen**
120 hylki

# BÓNUS EKKERT BRUÐL

**Opnunartími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00
**Bónus Smáratorgi:** Mánudaga-Fimmtudaga; 10:00-19:00 • Föstudaga-Laugardaga; 10:00-19:30 • Sunnudaga; 11:00-18:00

# Fiskirækt eða fiskeldi?


**Dr. Þorleifur Ágústsson**
fiskalífeðlisfræðingur


**Dr. Þorleifur Eiríksson**
dýrafræðingur

Veiðifélög á Íslandi og reyndar víðar berjast hatrammri baráttu gegn uppbyggingu laxeldis í sjó. Telja veiðifélögin að verið sé að tefla hinum villta íslenska laxi í mikla hættu og það muni enda með algjöru hruni hans.

En skoðum málið aðeins nánar. Langflest veiðifélög landsins stunda ræktun á fiski úr eigin ám til sleppinga. En spurningin er þessi, er þetta á einhvern hátt til bóta fyrir lífríki ánna – eða það sem kallað er viðhald líffræðilegs fjölbreytileika?

Málið er nefnilega ekki einfalt. Lengi hefur verið á það bent og rannsóknir sýnt hvernig eldi á villtum laxi til sleppingar og ræktunar á ám hefur í för með sér breytingar á erfðasamsetningu laxa í ánni – nokkuð sem ekki var ætlunin, sem dæmi er þekkt grein eftir Frankham 2008.

Því má segja að þessi ræktunaraðferð sé í raun fiskeldi – þar sem verið er að velja fyrir ákveðnum eiginleikum. Þetta var undirstrikað í ágætum þætti, „Landanum“, þar sem rætt var við nokkra aðila varðandi ræktun á laxi fyrir Laxá í Kjós (Landinn, 29.01. 2019), en þar kom fram að þeir velja markvisst fyrir stórum fiski – svo að veiðimenn fái eitthvað fyrir peninginn – stórlaxi. Þetta gera þeir þrátt fyrir að segja að áin sé sjálfbær. Hér er því markvisst verið að minnka líffræðilegan fjölbreytileika árinnar og slík ræktun því enginn „genabanki“ eins og þeir kjósa að kalla það í Kjósinni. Einungis val fyrir stórlöxum og þeirra arfgerðum.

Hér er því um grundvallarmisskilning að ræða hjá veiðiréttarhöfum, þetta er atvinnugrein sem margir njóta góðs af, en ekki til þess gert að halda hinum íslenska laxastofni í góðu jafnvægi með þann líffræðilega fjölbreytileika sem þarf til að stofninn geti lifað og dafnað um ókomna tíð.

Þessi aðferð, að rækta upp ár, er ekki ný af nálinni og er víða framkvæmd. Hún þjónar þeim tegundum sem eru í bráðri útrýmingarhættu og ekki annar kostur í boði. En hjá hinum eru áhrifin þau, sem rannsóknir hafa sýnt, að neikvæð áhrif á stofnana eru alvarleg. Hér ber þá fyrst að nefna neikvæð erfðafræðileg áhrif, stofninn verður einsleitur (líkt og er í hefðbundnu fiskeldi þar sem valið er fyrir ákveðnum eiginleikum, s.s. hröðum vexti), hæfileiki til aðlögunar getur minnkað og þar með geta til að lifa af við síbreytilegar náttúrulegar aðstæður, breytingar á stofngerð viðkomandi tegundar og þetta fylgir því því að velja út einstaklinga sem veiðiréttþafar vilja hafa í ánum sínum – stórlaxa.

Þetta leiðir á endanum til þess að villti laxinn er bara ekki eins villtur og menn vilja meina – og á jafnvel erfitt uppdráttar þar sem hann hefur tapað þeim eiginleikum sem honum eru nauðsynlegir til þess að geta þrifist í ánni þar sem foreldrarnir „fæddust“, En vel að merkja, val fyrir stórlöxum þýðir jú að þeir eru veiddir sérstaklega og því miklar líkur á að foreldrafiskurinn sé einmitt afkvæmi slíks eldis.

Af framangreindu má því vera ljóst að þetta er ekki iðja sem stuðlar að varðveislu íslenska laxins. Eina leiðin til að svo megi vera er að alfriða íslenska laxinn eða stunda „ræktun“ undir ströngustu kröfum um að allir eiginleikar – allar svipgerðir fái að njóta sín og þar með reynt að halda hinum mikilvæga líffræðilega fjölbreytileika. Kannski er einfaldasta leiðin að veiða með fullkomna sjálfbærni að leiðarljósi – en þá er nú líklegt að raunverulega náttúrulegum laxveiðiám á Íslandi myndi snarfækka og ansi margar ræktaðar ár myndu fá nafn með rentu, „eldisveiðiár“.

En hefur þessi markvissa stórlaxaræktun bara áhrif á villta laxinn? Er möguleiki að með þessari ræktun séu veiðiréttþafar að auka enn á þá áhættu sem þeir berjast gegn – blöndun við eldislax?

Rannsóknir hafa sýnt að eldislax á erfitt uppdráttar í náttúrunni og afkvæmi eldislax og villts lax hafa mun hærri dánartíðni en afkvæmi villts lax. Þetta er ekkert skrítið enda hefur eldislax verið markvisst ræktaður síðustu 12 kynslóðir með það að markmiði að ná fram eiginleikum sem henta fyrir framleiðslu á matfiski í vernduðu umhverfi og hefur hann því að sama skapi fjarlægst hinn náttúrulega lax. Um það hafa verið skrifaðar vísindagreinar í hundraðatali.

En hvað gerist þegar eldislaxi og ræktuðum laxi er æxlað saman? Niðurstöður rannsókna sýna að afkoman verður mun betri, en þegar æxlað er saman villtum og ræktuðum laxi (Hagen 2019). Hættan á að eldislax geti valdið tjóni á villtum laxi verður því raunverulegri. Hér eru því ræktunaraðferðir stangveiðimanna í raun að vinna gegn þeirra eigin hagsmunum og ekki til þess fallnar að tryggja afkomu villta laxins. Miðað við það magn sem sleppt er af ræktuðum laxi í íslenskar laxveiðiár á hverju ári bendir það til að ræktaður lax sé í miklum meirihluta í ánum nú þegar – hann sé einfaldlega meginuppistaða laxins í mörgum ám á Íslandi og því séu veiðiréttþafar hugsanlega þegar búnir að valda skaða – skaða sem þeir berjast svo mikið gegn sjálfir í ræðu og riti.

Laxveiði er atvinnugrein, en fiskirækt er landbúnaður, aðeins önnur tegund landbúnaðar en fiskeldi, en engu að síður landbúnaður.

Þetta er kjarni málsins.



# Af hverju viltu búa í mygluðu húsi?



**Hildur Þórðardóttir**
fyrrverandi forsetaframbjóðandi

**Við eigum nýja stjórnarskrá sem hæfir alvöru lýðræðisríki og tilurð hennar var líka eins lýðræðisleg og hægt var.**

Einu sinni var maður sem bjó í gömlu, margsprungnu, mosagrónu húsi. Hann hugsaði smá um að byggja sér nýtt hús, keypti sér meira að segja teikningar að draumahúsinu, en ákvað síðan frekar að breyta bara gamla húsinu í staðinn. Hann byggði bíslag hér og útskot þar, breiddi lök fyrir einfalt glerið í gluggunum, tróð dagblöðum inn í sprungur, skóf mesta mosann af og málaði yfir myglubletti.

En það var sama hvernig hann tróð, skóf og málaði, húsið varð aldrei eins og draumahúsið, myglan hélt áfram að dreifa sér og trekkurinn og kuldinn alveg að drepa hann. Samt bjó hann áfram í gamla húsinu, af þrjóskunni einni saman.

Svona er sagan um lýðræðisríkið okkar. Það er sama hvernig þingmenn reyna að staga, bæta og mála yfir mygluna, það verður aldrei nútímalegt og lýðræðislegt vegna þess að grunnurinn er gallaður. Það er ekki hægt að þróa alvöru lýðræði með þá fornaldarstjórnarskrá sem nú er í gildi.

Við eigum nýja stjórnarskrá sem hæfir alvöru lýðræðisríki og tilurð hennar var líka eins lýðræðisleg og hægt var.

Við völdum 25 hæfa einstaklinga til að semja stjórnarskrá, klæðskerasniðna að þörfum þjóðarinnar: Dreifa valdinu þannig að ráðherrar sitji ekki á þingi; hafa auðlindir í þjóðareign svo hægt sé að standa straum af heilbrigðiskerfi, menntakerfi, samgöngukerfi o.s.frv.; að þjóðin sjálf hafi málskotsrétt; minnka vald stjórnmálaflokka og leyfa einstaklingsframboð.

Þetta voru ekki einhverjir ómerkingar að rissa upp óraunhæf drög. Þetta var þjóðkjörið fólk sem nýtti nótt og dag til að afla sér upplýsinga um hvernig önnur lönd höfðu sína stjórnarskrá, hvaða ákvæði væru ný, hver væru nauðsynleg fyrir lýðræðisríki, hvað hafði virkað vel í öðrum löndum og hvernig best væri hægt að tryggja réttindi hins almenna borgara. Saman fundu þau lausnir sem hentuðu allri þjóðinni.

En þegar kom að því að samþykkja stjórnarskrána voru ráðamenn ekkert tilbúnir að dreifa valdinu, því þeir vildu halda áfram að semja eigin leikreglur. Auðlindirnar þurftu að vera áfram í einkaeigu til að standa straum af eigin kosningabaráttu og áróðri til að halda völdum; og að einhverjir Gummar úti í bæ gætu gefið kost á sér til þings var bara fáránleg hugmynd.

Því gerðu þeir nýju stjórnarskrána tortryggilega, sögðu að hún væri ófullkomin, óskýr, ómerkileg drög; draumórar þeirra sem skorti raunsæi og visku. Að málskotsréttur myndi bara skapa vandræði því almenningur væri ekki nógu gáfaður til að fara varlega með hann og það væri ekki hægt að taka auðlindir bara si svona af réttmætum eigendum þeirra. Það skipti engu þótt þjóðin hefði samþykkt hina nýju stjórnarskrá með meirihluta atkvæða.

Stjórnarskrá er ekki draumórar, heldur mikilvægur hlekkur í þróun samfélagsins. Hún er grunnur sem lög byggja á. Þú byggir ekki draumahúsið á brotnum, mosagrónum fornaldargrunni sem er allt of lítill.

Stjórnarskrá á ekki að vera ítarlegt plagg, heldur rammi utan um önnur lög sem gefur til kynna hvernig samfélag við viljum hafa og hvert við viljum stefna sem lýðræðisríki. Stjórnarskrá tekur breytingum eftir því sem samfélagið vitkast og þroskast og því er ekkert sem heitir „fullkomin stjórnarskrá“. En ramminn þarf að ríma við það stjórnskipulag sem við viljum. Það er ekki hægt að breyta fornaldarstjórnarskrá í nútímastjórnarskrá, ekki frekar en þú getur breytt gallabuxum í hvíta skyrtu.

Hversu lengi sættum við okkur við að búa í gömlu mygluðu samfélagi með trekk, þar sem vald og auðlindir eru á fárra höndum? Viljum við ekki frekar komast í nútímann, nota teikningarnar sem við eigum nú þegar og byggja draumahúsið?

Kjósum fulltrúa sem hyggjast koma nýju stjórnarskránni í gegn óbreyttri. Tvisvar.




# Af hverju ekki akstursgjöld?



**Bjarni Gunnarsson**
umferðarverkfræðingur

Fyrir síðustu kosningar voru flestir frambjóðendur sammála um að gera þyrfti átak í vegaframkvæmdum á landinu til að auka umferðaröryggi og minnka umferðartafir.

Ekki voru landsmenn upplýstir um að bifreiðaeigendur ættu að borga þessar framkvæmdir, en með nýsamþykktri samgönguáætlun stefnir í að bifreiðaeigendur eigi að borga átakið með veggjöldum.

Alþingismenn hafa rætt veggjöldin undanfarið og m.a. sagt að með því séu þeir að borga fyrir vegagerðina sem nota vegina, sérstaklega íbúar á höfuðborgarsvæðinu.

Þá var rætt að setja þyrfti upp mörg veggjaldahlið og að veggjaldið gæti verið frá 50 til 250 kr. við hvert hlið, en þar sem umferð væri lítil tæki því ekki að innheimta veggjöld.

Einnig ræddu þingmenn að gefa þyrfti alls konar afslætti á veggjöldum, t.d. þeim sem keyrðu daglega vegna vinnu, barnafólki að keyra börn í tómstundir o.fl. Undirritaður telur að veggjöldin myndu enda sem mikið bákn sem allir væru óánægðir með.

Svo má spyrja um stórar fyrirhugaðar framkvæmdir úti á landi. Teigsskógarvegur upp á um 7 milljarða króna, Seyðisfjarðargöng og margt fleira, þar verður umferðin það lítil að lítið fæst upp í framkvæmdakostnaðinn með veggjöldum og hver borgar þá ? Jú, umferðin á og við höfuðborgina.

Í umræðunni undanfarið hefur varla verið minnst á akstursgjöld og hvort ekki sé kominn tími til að rafmagnsbílar borgi fyrir að keyra á vegum landsins. Allir eru sammála um að rafmagnsbílar séu framtíðin, en enginn þorir að setja fram tillögur um að þeir borgi fyrir notkun veganna fyrir utan að þeir munu borga fyrirhuguð veggjöld eins og aðrar bifreiðar.

Undirritaður telur að akstursgjöld séu réttlát og einföld innheimta fyrir notkun bifreiðaeigenda á vegum landsins. Bifreiðareigandinn borgar þá fyrir hvern kílómetra sem hann ekur, burtséð frá því hvort hann er á ferð um Vestfirði eða að keyra nálægt höfuðborgarsvæðinu og akstursgjaldið fer eftir þyngd viðkomandi bifreiðar. Akstursgjaldið leggst á allar bifreiðar og leysir þar með vandamálið með rafmagnsbílana sem keyra nú frítt á vegum landsins.

Til að lýsa þeim kostnaðarmun sem er nú á því að keyra venjulegan fólksbíl og rafmagnsbíl er hér dæmi um bíltúr frá höfuðborgarsvæðinu „austur fyrir fjall“ eða upp í Borgarfjörð og er hann 150 km langur.

Venjulegur fólksbíll er að eyða um 10 lítrum af eldsneyti (bensín eða olía) í bíltúrnum sem kostar þá um 2.200 kr. sem eru þannig tilkomnar (sbr. Bensínvakt Kjarnans) :

- Bensíngjöld 715 kr.
- Kolefnisgjald 80 kr.
- Innkaupsverð 580 kr.
- Álagning 400 kr.
- Virðisauki 425 kr.

Undanfarin ár hafa um ⅔ af bensíngjaldi og kolefnisgjaldi farið til vegagerðar, eða um 530 kr. í umræddum bíltúr, en ríkið hefur tekið til sín ⅓ af bensíngjaldi og kolefnisgjaldi (265 kr.) og svo virðisaukann (425 kr.), samtals 690 kr. Ef veggjöld verða sett á gætu þau verið nálægt 500 til 600 kr. í bíltúrnum miðað við umræðuna á Alþingi undanfarið sem er nálægt nefndum 530 kr. til vegagerðar og því væri verið að tvöfalda upphæðina til vegagerðar.

Skoðum nú rafmagnsbíl sem fer í þennan sama 150 km bíltúr. Orkukostnaður hans í ferðinni er u.þ.b. þessi samkvæmt athugun undirritaðs:

- Rafmagnsverð 450 kr.
- Virðisauki 108 kr.

Samtals 558 kr. (tæpar 4 kr./km)

Hér fer ekki króna til vegagerðar og ríkið fær 108 kr. í virðisaukaskatt. Með veggjöldum á leiðinni væri rafmagnsbíllinn að borga líka um 600 kr. í veggjöld og væri þá rafmagnsbíllinn að greiða helmingi minna til vegagerðar miðað við hefðbundinn fólksbíl í umræddum bíltúr.

Ef þessar tölur eru margfaldaðar með 100 er kominn 15.000 km akstur sem er u.þ.b. ársakstur flestra bíla. Eigandi hins hefðbundna fólksbíls er að greiða með eldsneytisnotkun sinni um 53 þ.kr. til vegagerðar og um 69 þ.kr. til ríkisins á meðan eigandi rafmagnsbílsins er að greiða 0 kr. til vegagerðar og um 11 þ.kr. til ríkisins. Er þetta sanngjarnt til frambúðar ?

Ef akstursgjald kæmi til í staðinn fyrir bensíngjöld gæti umrætt dæmi um 150 km bíltúr (10 lítrar af eldsneyti) litið svona út og fyrst er það hefðbundni fólksbíllinn :

- Akstursgjald 600 kr.
- Kolefnisgjald 200 kr.
- Innkaupsverð 580 kr.
- Álagning 400 kr.
- Virðisauki 427 kr.

Samtals 2.207 kr. (tæpar 15 kr./km). Hér myndi bensínlítrinn kosta 98 kr. plús virðisauka, en aksturs- og kolefnisgjald (80 kr. plús virðisauki) yrði innheimt með öðrum bifreiðagjöldum.

*Rafmagnsbíllinn :*

- Akstursgjald 600 kr.
- Rafmagnsverð 450 kr.
- Virðisauki 252 kr.

Samtals 1.302 kr. (tæpar 9 kr./km)

Í þessu dæmi væri ársakstur hefðbundna fólksbílsins að greiða 60 þ.kr. til vegagerðar á ári og um 63 þ.kr. til ríkisins, en rafmagnsbíllinn væri að greiða 60 þ.kr. til vegagerðar og um 25 þ.kr. til ríkisins. Er þetta ekki sanngjarnara en núverandi ástand ?

Að lokum má benda á að Svíar ætla að taka upp akstursgjöld á næstunni, hafa mögulega séð að veggjöld Norðmanna eru ekki besta lausnin.

Því er spurt nú þegar breyta á gjaldtöku á vegum landsins, af hverju eru ekki tekin upp akstursgjöld og veggjöld bara sett á vegna sérstaklega hentugra framkvæmda eins og t.d. Hvalfjarðargöngin voru.

# Leyndarhjúpur laskar traust til lífeyrissjóða



**Hallgrímur Óskarsson**
verkfræðingur

Af hverju skyldi einhver treysta bankakerfinu, spurði Gylfi Zoëga hagfræðiprófessor, á morgunverðarfundi Fjármálaeftirlitsins í vikunni. Þetta er réttmæt spurning, enda mælist traust almennings á bankakerfinu mjög lágt. Á svipuðum stað – jafnvel lægra – er traust almennings til lífeyrissjóða og mætti því með sama hætti einnig spyrja af hverju skyldi einhver treysta lífeyriskerfinu? Ástæða þess að bankakerfið skorar örlítið hærra en lífeyriskerfið í mælingum á trausti er að fólk á þar peninga og getur séð skýrar upplýsingar um inneign m.v. inngreiðslur. Lífeyriskerfið er hins vegar sveipað svo miklum þokuhjúp að þrátt fyrir stöðugar inngreiðslur í hverjum mánuði, áratugum saman, veit varla nokkur hvort hann muni fá mikið eða lítið í lífeyri. Hvernig verður tilveran á efri árum, spyrja margir sig? Verður lambalæri á sunnudögum eða skinkusamloka, eins og hina dagana?

Lög í landinu skylda alla til að greiða mikla fjármuni inn í lífeyrissjóði í hverjum mánuði. Á móti ætti lífeyriskerfið að endurgjalda almenningi – herrum sínum – með auðlæsilegum upplýsingum um allt sem lýtur að meðhöndlun fjárins. Allir ættu að geta fengið læsilegar upplýsingar eins og þessar:

- Hver er heildarávöxtun lífeyrissjóða? Hvernig er röð þeirra frá ári til árs?
- Hverjar eru mínar inngreiðslur í krónutölu frá upphafi, hvernig hefur gengið að ávaxta þær, frá ári til árs?
- Í hvaða verkefnum fjárfesta sjóðir? Hvaða verkefni skila ábata og hver ekki?
- Hefur minn lífeyrissjóður tapað fé vegna verkefna þar sem fjárfestar fengu sína umbun en lífeyrissjóðir tóku tapið?
- Hversu mikill er kostnaður sjóða? Heildarlaun? Með bónusgreiðslum? Hvað greiða þeir mikið til banka og verðbréfafyrirtækja í fjárfestingagjöld?

Það napurlegasta í þessu samhengi er að fólk hefur nær ekkert aðgengi að þessum eðlilegu upplýsingum. Kerfið er umvafið leyndarhjúp og samanburður á milli sjóða er eitthvað sem íslenskum lífeyrissjóðum þykir vont að þurfa að taka þátt í. Samt er slíkur samanburður algengur í flestum nágrannalöndum.

Það þurfti „menn útí bæ“ nú í desember til að taka saman ávöxtun sjóða síðustu 20 ár af því að lífeyrissjóðir voru enn að þráast við að birta þær upplýsingar á aðgengilegu formi fyrir almenning. Í fljótu bragði er erfitt að ímynda sér lægra stig þjónustu: Sjóðir fá um milljarð á dag frá almenningi en telja sig samt þess umkomna að neita almenningi um upplýsingar hvort gangi vel eða illa að ávaxta þetta fé! Þarna er komin of mikil eigendahugsun í stað þjónustuhugsunar. Hættan við það er að lífeyrissjóðir verði tregir til að taka þátt í verkefnum sem almenningur hefur beina hagsmuni af. Að fókusinn fari í aðrar áttir.

Það er því eðlilegt að almenningur beri lítið traust til lífeyrissjóða, slíkur er leyndarhjúpurinn sem sveipaður hefur verið um margt í starfsemi þeirra, árangur, ávöxtun, fjárfestingar og kostnað. Og ekki er það til að opna glufu á þennan hjúp að heyra talsmann lífeyrissjóðakerfisins ræða í útvarpi, rétt fyrir áramót, og segja að lífeyrissjóðir aðhyllist svo sannarlega gagnsæi í sínum störfum því slíkt gagnsæi er erfitt að koma auga á. Tregða til að birta upplýsingar er hins vegar um of til staðar. Það er því ljóst að margt þarf að breytast í hugsun, stefnu og skilaboðum lífeyrissjóða áður en þeir geta vænst þess að þoka sér upp þann kvarða er mælir traust.



Við kynnum nýja og glæsilega vorlínu!
Bylgjan verður í beinni ásamt Siggu Kling sem gleður gesti með skemmtilegum gjöfum í Kringlunni í dag frá 13 til 16! Gleðjum einnig heppna gesti á Glerártorgi!
20-50%
afmælisafsláttur af ÖLLUM VÖRUM!
Opnum kl 09:00 í dag!
Í Kringlunni og á Glerártorgi!
Fyrstu 30 sem versla fá veglegan kaupauka:
- Bíómiða á myndina The Wife
- Hlýrabol í lit að eigin vali
- Páskaegg frá Nóa Síríus
AFMÆLISHÁTÍÐ!
Dagana 14-18.febrúar - Opið í dag til 21 í Kringlunni og til 18:30 á Glerártorgi
ZIKZAK
TÍSKUHÚS
TÚNIKA ÁÐUR 6.990 NÚ 1.990 st. 36-54
KJÓLL ÁÐUR 5.990 NÚ 4.792 st. S-XXXL
PEYSA ÁÐUR 4.990 NÚ 1.990 st. S-XXL
KJÓLL ÁÐUR 5.990 NÚ 4.792 st. S-XXXL
KJÓLL ÁÐUR 4.990 NÚ 2.490 st. S-XXXL
SKYRTA ÁÐUR 7.990 NÚ 1.990 st. S-XXXL
KJÓLL ÁÐUR 5.990 NÚ 4.792 st. S-XXXL
KJÓLL ÁÐUR 5.990 NÚ 4.792 st. S-XXXL
SKYRTA ÁÐUR 5.990 NÚ 2.490 st. S-XXXL
Skoðaðu úrvalið og pantaðu á ZIKZAKVERSLUN.IS
- 20-50% afsláttur af ÖLLUM VÖRUM -
KJÓLL ÁÐUR 5.990 NÚ 4.792 st. S-XXXL
KJÓLL ÁÐUR 5.990 NÚ 4.792 st. S-XXXL
KJÓLL ÁÐUR 5.990 NÚ 4.792 st. S-XXXL
KJÓLL ÁÐUR 5.990 NÚ 4.792 st. S-XXXL
www.zikzakverslun.is
Tískuhús Zik Zak
Kringlan 551-1314
Glerártorg 559-1314

bauhaus.is

# BAUHAUS®

## MIKIÐ ÚRVAL, GÆÐI OG LÁGT VERÐ, ALLTAF!

Ertu í framkvæmdahug?

## Gluggar á góðu verði!



29.996,-

~~39.995,-~~

**Fastur topphengdur gluggi úr óméðhöndluðum viði**
Með þéttilista úr áli. Stærð: 55 x 112 cm.



**Óméðhöndlaður opnanlegur gluggi**
Með þéttilista úr áli.
Stærð: 55 x 110 cm.

29.996,-

~~39.995,-~~

**25% afsláttur** af gluggum frá Genua Group



**Topphengdur gluggi, hvítmálaður**
Með þéttilista úr áli. Stærð 55 x 55 cm.

26.996,-

~~35.995,-~~



**Opnanlegur tvöfaldur gluggi, hvítur**
Með þéttilista úr áli. Stærð: 112 x 110 cm.

50.996,-

~~67.995,-~~

## Mikið úrval af inni- og útihurðum

- alltaf til á lager!

Okkar besta verð!



**Easy innihurð**
Easy GW. Stærð 70/80/90 x 200 cm. Karmasett og húnar fylgja ekki.

11.995,-



**Innihurð Style**
Style 04. Pressumót 70/80/90 x 200 cm.

22.500,-

~~30.000,-~~



**Innihurð Style**
Style 03. Pressumót. 70/80/90 x 200 cm.

41.246,-

~~54.995,-~~

Verð gildir frá fimmtudeginum 14.febrúar til og með sunnudeginum 17.febrúar.



# 20% AFSLÁTTUR
af sérvöldu Timberman parketi

**20%** afsláttur af Timberman parketi

**25%** afsláttur af Parador parketi

3ja stafa

PARKET

**Viðarparket 3060 hvíttaður 3ja stafa askur**
Þykkt 13 mm, plankastærð 185 x 2200 mm. Verð á m².

TIMBERMAN

**4.421-**

~~5.895-~~

3ja stafa

PARKET

**Viðarparket 3060 eik 3ja stafa**
Þykkt 13 mm, plankastærð 185 x 2200 mm. Verð á m².

Trendtime Parket 25 ára Gæðaábyrgð

PARADOR

**3.446-**

~~4.595-~~

LOGOCLIC

**Logoclic korkur**
Undirlag úr náttúrulegum korki með góða, alhliða eiginleika. 10 x 1 m.

**5.395-**



LOGOCLIC

**XPS parket undirlag**
Rúlla með 16,5 m². Rásað. B: 1,1 m, L: 15 m. Þykkt 2,2 mm. Verð á rúllu.

**2.895-**



LOGOCLIC

**XPS plata**
Hljóðdeyfandi undirlag með góðri trommuhljóðsdeyfingu. 2,2 mm, 15 m². Verð á pakka.

**3.495-**



LOGOCLIC

**XPS gólfundirlagsplata**
Þykkt 5 mm. Rásað. 7 m².

**2.195-**



LOGOCLIC

**1000 ml Logoclic parkethreinsir**
Til að þrífa harðparket.

**995-**



## OPNUNARTÍMAR: VIRKA DAGA 8-19 / UM HELGAR 10-18

BAUHAUS REYKJAVÍK – Lambhagavegur 2-4 – 113 Reykjavík – 515-0800 – upplysingar@bauhaus.is – www.bauhaus.is

## Komnar í bikarúrslit í fyrsta sinn



Danielle Rodriguez átti frábæran leik þegar Stjarnan tryggði sér sæti í úrslitaleik Geysisbikars kvenna með sigri á Breiðabliki, 82-103, í gær. Rodriguez skoraði 33 stig, tók tólf fráköst og gaf níu stoðsendingar. Þetta er í fyrsta sinn sem Stjarnan kemst í bikarúrslit í kvennaflokki. Þar mætir liðið Val sem sigraði Snæfell, 83-72, í hinum undanúrslitaleiknum. Valskonur hafa aldrei áður orðið bikarmeistarar kvenna. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Sigursælustu liðin mætast

**Bikarvikan í körfubolta heldur áfram í kvöld en þá ræðst hvaða lið leika til úrslita í karlaflokki. Þar mætast fyrst Stjarnan og ÍR síðdegis og svo Njarðvík og KR, sigursælustu lið keppninnar, um kvöldið.**

**KÖRFUBOLTI** KR og Njarðvík eru sigursælustu félögin í bikarkeppninni, en KR-ingar hafa lyft bikarnum 12 sinnum, síðast árið 2017, og Njarðvík átta sinnum, síðast árið 2005.

Stjarnan hefur hins vegar átt góðu gengi að fagna í keppninni undanfarinn áratug, en liðið hefur orðið bikarmeistari þrisvar sinnum á síðustu tíu árum. Fyrst árið 2009, síðan árið 2012 og loks árið 2015. ÍR státar svo af tveimur bikarmeistaratitlum (2001 og 2007).

Stjarnan mætir til leiks með gott gengi liðsins eftir síðustu þrjá mánuði tæpa í farteskinu. Síðan liðið tapaði fyrir Njarðvík um miðjan nóvember á síðasta ári hefur það farið með sigur af hólmi í tíu leikjum í röð. Arnar Guðjónsson, þjálfari Stjörnunnar, ítrekaði það hins vegar í samtali við Fréttablaðið að tölfræði, saga og fyrri afrek myndu ekki hjálpa liðinu á nokkurn hátt í leiknum gegn ÍR í dag.

„Stjörnunni hefur vissulega gengið vel í bikarkeppni undanfarin ár og það hefur verið flottur bragur á okkar undanfarið. Það gefur okkur hins vegar ekkert forskot þegar út í þennan leik er komið. Við þurfum að eiga góðan dag til þess að fara í úrslitaleikinn sem er að sjálfsögðu stefnan. Við breytum engu í okkar rútínu frá hefðbundnum deildarleik sem er í mjög föstum skorðum. Það þarf andlegan og líkamlegan styrk til þess að vinna svona leik og ég tel okkur hafa það í okkar vopnabúri,“ segir Arnar.

Borche Ilievski, þjálfari ÍR, sem hefur háð nokkrar rimmur við



**Fulltrúar liðanna fjögurra í undanúrslitum Geysisbikars karla. Frá vinstri: Tómas Þórður Hilmarsson (Stjörnunni), Kristófer Acox (KR), Jeb Ivey (Njarðvík) og Sigurður Gunnar Þorsteinsson (ÍR).** MYND/KKÍ

Arnar og Stjörnumenn á leiktíðinni hefur hins vegar verið að glíma við það að þó nokkur meiðsli hafa verið í leikmannhópi liðsins í vetur. Af þeim sökum hefur ekki náðst mikill stöðugleiki í spilamennsku liðsins.

„Leikmenn sem hafa verið meiddir í vetur eru að skríða saman og leikurinn við Val á dögunum er sá fyrsti þar sem við erum með alla þá leikmenn sem við viljum stilla upp heilum á sama tíma. Við erum með sterkt lið sem er til alls líklegt ef allir leikmenn hitta á góðan leik. Það verður að gerast ef við ætlum að leggja sterkt lið Stjörnunnar að velli,“ sagði Borche.

Njarðvík og KR hafa marga hildina háð í gegnum tíðina og það eru margar fallegar sögur og tengingar á milli liðanna. Leikmenn liðanna, sem eru margir hverjir afar reynslumiklir, hafa mætt hvorir öðrum margoft á körfuboltavellinum og það verður líklega fátt sem mun koma á óvart í leik liðanna í kvöld.

„Leikmenn og þjálfarar þessara liða þekkjast mjög vel og til dæmis hafa Logi Gunnarsson og Jón Arnór Stefánsson bæði mæst og leikið saman í landsliðinu í fjölda mörg ár. Jeb Ivey var leikmaður Inga Þórs Steinþórssonar [þjálfara KR] þegar Snæfell varð Íslandsmeistari og fleira og fleira. Við erum með mjög sterkt lið á pappírnum og frammistaða liðsins hefur verið mjög góð heilt yfir í vetur. Mér finnst þetta lið jafn sterkt og mögulega sterkara en það sem var sigursælt undir minni stjórn síðast þegar liðið vann titla. Við þurfum hins vegar að standa okkur á ögurstundu til þess að geta borið okkur saman við það lið,“ segir Einar Árni Jóhannesson, þjálfari Njarðvíkur.

**»» KR og Njarðvík hafa samtals 20 sinnum orðið bikarmeistarar.**

Góðvinur hans Ingi Þór, sem er við stjórnvölinn hjá KR, hefur í þó nokkur skipti farið með lið í Laugardalshöllina í undanúrslit og úrslit í bikarkeppni. Hann segir þetta alltaf jafn skemmtilegt og hlakkar til .

„Við erum staðráðnir í að fara alla leið og vinna bikarinn, en til þess þurfum við að byrja á að vinna sterkt lið Njarðvíkur. Þeir fóru illa með okkur í deildarleik á dögunum og ég er búinn að liggja yfir þeim leik til þess að átta mig á því hvað fór úrskeiðis. Við munum breyta nálgun okkar í kvöld frá þeim leik, en það kemur svo í ljós hvort sú áherslubreyting dugar til sigurs,“ segir Ingi Þór um kvöldið.

**hjorvaro@frettabladid.is**

## Nýjast

### Geysisbikar kvenna

**Breiðablik - Stjarnan 82-103**

**Breiðablik:** Sanja Orazovic 27, Ivory Crawford 16/9 fráköst, Ragnheiður Björk Einarsdóttir 13, Sóllilja Bjarnadóttir 9, Björk Gunnarsdóttir 4, Hafrún Erna Haraldsdóttir 4, Telma Lind Ásgeirsdóttir 4, Maria Palacios 2, Þórdís Jóna Kristjánsdóttir 2, Birgit Ósk Snorradóttir 1.

**Stjarnan:** Danielle Rodriguez 33/12 fráköst/9 stoðs., Bríet Sif Hinriksdóttir 21, Ragna Margrét Brynjarsdóttir 16/10 fráköst, Jóhanna Björk Sveinsdóttir 14, Ragnheiður Benónísdóttir 7/12 fráköst/7 stoðs., Auður Íris Ólafsdóttir 5, Veronika Dzhikova 5, Sólrún Sæmundsdóttir 2.

**Valur - Snæfell 83-72**

**Valur:** Helena Sverrisdóttir 33/12 fráköst/7 stoðs., Heather Butler 27, Guðbjörg Sverrisdóttir 7, Hallveig Jónsdóttir 7, Ásta Júlía Grímsdóttir 4, Simona Podesvova 3/14 fráköst/6 stoðs., Dagbjört Dögg Karlsdóttir 2.

**Snæfell:** Kristen McCarthy 24/9 fráköst/7 stoðs./10 stolnir, Gunnhildur Gunnarsdóttir 15, Berglind Gunnarsdóttir 11, Katarina Matijevic 8, Angelika Kowalska 8, Björg Guðrún Einarsdóttir 3, Rebekka Rán Karlsdóttir 3.

*Stjarnan og Valur mætast í úrslitaleik Geysisbikars kvenna á laugardaginn klukkan 13:30.*

### Olís-deild kvenna

**HK - KA/Þór 28-29**

**Markahæstar:** Díana Kristín Sigmarsdóttir 9/3, Sigríður Hauksdóttir 6/1 - Martha Hermannsdóttir 8/3, Sólveig Lára Kristjánsdóttir 7, Aldís Ásta Heimisdóttir 5.

| Efri | | Neðri | |
|---|---|---|---|
| Valur | 26 | KA/Þór | 17 |
| Fram | 25 | Stjarnan | 11 |
| Haukar | 21 | HK | 7 |
| ÍBV | 17 | Selfoss | 4 |

### Meistaradeild Evrópu

**16-liða úrslit**

**Tottenham - Dortmund 3-0**

1-0 Son Heung-Min (47.), 2-0 Jan Vertonghen (83.), 3-0 Fernando Llorente (86.).

**Ajax - Real Madrid 1-2**

0-1 Karim Benzema (60.), 1-1 Hakim Ziyech (75.), 1-2 Marco Asensio (87.).



**Birna Berg á æfingu með íslenska landsliðinu.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Birna Berg til Þýskalands

**HANDBOLTI** Birna Berg Haraldsdóttir er gengin í raðir þýska úrvalsdeildarliðsins Neckarsulmer frá Århus United í Danmörku. Birna Berg skrifaði undir eins og hálfs árs samning við Neckarsulmer sem er í 11. sæti þýsku deildarinnar af 14 liðum. Næsti leikur liðsins er gegn Metzingen á laugardaginn.

Birna Berg, sem er 25 ára, hefur leikið sem atvinnumaður erlendis síðan 2013. Hún lék með Sävehof í Svíþjóð til 2015 þegar hún gekk í raðir Glassverket í Noregi. Birna færði sig svo yfir til Århus 2017.

Skyttan skotfasta byrjaði að spila með Århus eftir áramótin en hún hafði þá verið frá keppni síðan í mars vegna hnémeiðsla. – iþs

# Gerum meiri kröfur til okkar fólks í svigi en í stórsviginu

**SKÍÐI** Fulltrúar Íslands á Heimsmeistaramótinu í alpagreinum eru öll að keppa í dag þegar undankeppnin fyrir stórsvigið fer fram karlamegin og aðalkeppnin í stórsvigi fer fram í Åre í Svíþjóð. Alls eru átta fulltrúar frá Íslandi á mótinu, fjórir í karlaflokki og fjórir í kvennaflokki og hefja karlarnir leik klukkan 12.30 að íslenskum tíma í dag, en konurnar keppa klukkan 16.45.

Skráning í undankeppnina kvennamegin var ekki nægilega góð og var því ákveðið að hætta við hana sem þýðir að allar íslensku skíðakonurnar komust áfram. Í karlaflokki komast þeir 25 sem koma í mark á besta tímanum áfram í aðalkeppnina ásamt 25 manns sem verða með besta tímann frá hverri þjóð sem er ekki komin með fulltrúa inn í aðalkeppnina.

Fjalar Úlfarsson, aðalþjálfari Skíðasambandsins í ferðinni, segir að andinn í hópnum sé bara nokkuð góður og að það séu allir spenntir að byrja. „Loksins er stóri dagurinn runninn upp, stemmingin er góð og við höfum náð að æfa vel hérna úti í aðdragandanum,“ sagði Fjalar sem sagði að það hefði ekkert truflað undirbúninginn að undankeppnin hjá stelpunum var blásin af kvöldið áður.

„Það breytti aðeins plönunum okkar en þessi íþrótt er þannig að við erum öllu vön. Það eru alltaf einhverjar tilfærslur svo að við vorum undir þetta búin,“ sagði hann léttur.

Í dag verður keppt í stórsvigi en íslenska liðið horfir meira til keppninnar í svigi.

„Við Íslendingar höfum verið og erum enn sterkari í svigi en stórsvigi. Það er erfitt að æfa stórsvig á Íslandi því aðstæður bjóða varla upp á það. Á Íslandi er lögð meiri áhersla á svigið og grunnurinn kemur þaðan og fyrir vikið gerum við meiri kröfur til árangurs þar en það er ýmislegt við tæknina í stórsvigi sem er gott að læra.“

Fjalar segir markmiðin á mótinu fyrir hvern og einn einstakling vera mismunandi.

„Fyrsta markmið allra er að vera meðal efstu 60 og komast með því í seinni ferðirnar. Svo er það einstaklingsbundið hvað hver og einn er með sem markmið. Við setjum meiri kröfur en að komast í seinni ferðina hjá sumum einstaklingum.“ **– kpt**

**Fulltrúar Íslands á HM í alpagreinum:**

**Konur**
Andrea Björk Birkisdóttir
Freydís Halla Einarsdóttir
Hólmfríður Dóra Friðgeirsdóttir
María Finnbogadóttir

**Karlar**
Gísli Rafn Guðmundsson
Kristinn Logi Auðunsson
Sigurður Hauksson
Sturla Snær Snorrason



**Arnór Ingvi Traustason kom til Malmö í fyrra.** NORDICPHOTOS/GETTY

## Fá Chelsea í heimsókn

**FÓTBOLTI** Arnór Ingvi Traustason og félagar í Malmö mæta Chelsea í 32-liða úrslitum Evrópudeildarinnar á Swedbank Stadion í kvöld. Arnór Ingvi lék alla sex leiki Malmö í riðlakeppninni. Liðið lenti í 2. sæti I-riðils á eftir Genk. Chelsea vann L-riðil örugglega. Liðið vann Evrópudeildina síðast þegar það tók þátt í henni (2013).

Hitt enska liðið í Evrópudeildinni, Arsenal, sækir BATE Borisov heim. Blikinn Willum Þór Willumsson gæti verið á förum til hvítrússnesku meistaranna sem hafa aldrei komist lengra en í 32-liða úrslit Evrópudeildarinnar. Arsenal komst í undanúrslit keppninnar í fyrra.

Meðal annarra viðureigna í 32-liða úrslitunum má nefna að Jón Guðni Fjóluson og félagar í Krasnodar fá Bayer Leverkusen í heimsókn, Zürich og Napoli etja kappi, Inter mætir Rapid í Vín, Celtic og Valencia eigast við á Celtic Park og fimmfaldir Evrópudeildarmeistarar Sevilla taka á móti Lazio. **– iþs**

## Fyrsti leikur í deild hjá Heimi

**FÓTBOLTI** Heimir Hallgrímsson stýrir liði Al Arabi í úrvalsdeildinni í Katar í fyrsta sinn í dag þegar lærisveinar hans mæta Al Rayyan á útivelli. Deildarkeppnin í Katar er að hefjast á ný á morgun eftir tveggja mánaða pásu en Al Arabi vann þrjá af síðustu fjórum leikjum sínum fyrir áramót.

Heimir tók við liði Al Arabi þann 10. desember síðastliðinn og hefur stýrt liðinu í tveimur bikarleikjum til þessa. Hann hefur nýtt tímann vel í Katar og samdi við Victor Vazquez og Wilfried Bony í janúarglugganum sem gætu leikið fyrstu leiki sína fyrir félagið í dag. **– kpt**






## Merkisatburðir



**1945 Sýning er opnuð á málverkum Jóhannesar Kjarvals í Listamannaskálanum í Reykjavík.**

**1946** Tölvan ENIAC (Electronic Numerical Integrator and Computer) er gangsett við Pennsylvaníuháskóla.

**1952** Vetrarólympíuleikarnir 1952 hefjast í Ósló í Noregi.

**1962** Jacqueline Kennedy forsetafrú sýnir sjónvarpsáhorfendum Hvíta húsið.

**1980** Vetrarólympíuleikarnir 1980 hefjast í Lake Placid í New York-ríki í Bandaríkjunum.

**1987** Íslenska kvikmyndin Skytturnar, eftir Friðrik Þór Friðriksson, er frumsýnd.

**1989** Hið fyrsta af 24 gervitunglum í GPS-kerfinu er sett á braut um Jörðu.

**1992** Úkraína og fjögur önnur fyrrverandi Sovétlýðveldi hafna tillögu Rússa um að reka sameiginlegan her.

**1992** Samningurinn um evrópska efnahagssvæðið er undirritaður af fulltrúum Evrópusambandsins og EFTA.

**2005** YouTube, vefur þar sem notendur geta deilt myndskeiðum, fer í loftið.

**2015** Maður hefur skothríð í menningarhúsi í Kaupmannahöfn þar sem hinn sænski listamaður og aðgerðasinni Lars Vilks á að tala.



**„Þegar maður er kominn á eftirlaun er erfitt að segja hvað eru frístundir og hvað ekki,“ segir Vésteinn.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Manni fer nú ekkert fram

**Vésteinn Ólason, prófessor og fyrrverandi forstöðumaður Árnastofnunar, er áttræður í dag. Hann heldur góðri heilsu og lætur enn muna um sig í fræða- og útgáfustörfum.**

Það er ótrúlegt að þú sért áttræður,“ segi ég ósjálfrátt er ég hitti Véstein Ólason prófessor á heimili sínu og Unnar Alexöndru Jónsdóttur kennara við Klapparstíginn. „Já, þetta er samningur,“ segir hann kíminn. Hann er nýkominn inn frá því að viðra hundinn og Unnur tekur seppa í fangið svo hann verði ekki með gestalæti en við Vésteinn tyllum okkur í stofunni.

Vésteinn var forstöðumaður Árnastofnunar síðustu tíu ár starfsævinnar en þó svo henni hafi átt að ljúka fyrir tíu árum kveðst hann ekki sverja af sér að vera enn að stússast í fræðunum. „Ég vinn samt ekki fullan vinnudag, manni fer nú ekkert fram með aldrinum. En það sem ég er aðallega að fást við núna er að ljúka verkefni sem ég byrjaði á þegar ég var á Árnastofnun. Það er Konungsbók Eddukvæða. Við erum að gera rafræna útgáfu af henni sem er þannig að þar er hægt að gera alls konar rannsóknir, umfram þær sem gerðar verða með venjulegri bók. Henni fylgir svo bók með nákvæmum texta og þremur ritgerðum, þannig að það verður búið að lýsa henni betur og nákvæmar en nokkurri annarri bók á Íslandi. Þetta verkefni er alveg á lokasprettinum. Ég er að lesa prófarkir og vona að við komum bókinni út í vor. Svo er annað sem ég er að grípa í. Fyrir 20 árum kom út bók sem heitir Samræður við söguöld, hún kom út á ensku um leið en er uppseld. Nú er verið að gefa hana út í rafbók hjá Forlaginu því stúdentar hingað og þangað nota þær og geta nálgast á netinu.“

> **Erum svo vel staðsett að við erum fimm mínútur að labba í Hörpu og Þjóðleikhúsið. Svo fer hluti af tómstundunum í að hitta afkomendurna. Við eigum tvö börn, þrjú barnabörn og eitt barnabarnabarn.**

Notar þú rafbækur sjálfur? „Já, svolítið, ég er ekkert mjög spenntur fyrir því en unga fólkið bæði sparar sér fé með því og nær strax í bókina.“

Nú berst talið að tómstundum þeirra hjóna. „Þegar maður er kominn á eftirlaun er erfitt að segja hvað eru frístundir og hvað ekki,“ segir Vésteinn brosandi. „En við göngum með hundinn, ferðumst stundum og eigum bústað austur í Grímsnesi sem við förum í, sérstaklega á sumrin, en líka að vetrinum um helgar. Svo förum við á tónleika. Erum svo vel staðsett að við erum fimm mínútur að labba í Hörpu og Þjóðleikhúsið. Svo fer hluti af tómstundunum í að hitta afkomendurna. Við eigum tvö börn, þrjú barnabörn og eitt barnabarnabarn.“

Vésteinn segir eitt og hálft ár síðan þau hjón fluttu á Klapparstíginn eftir að hafa búið í sama húsinu vestur í bæ í 45 ár. „Þetta er ágætt, aðeins minna pláss og útsýnið gott yfir flóann.“

Ætlarðu að halda upp á daginn? forvitnast ég. „Við erum að gera það í smáskömmtum. Héldum svolítið stórt upp á sjötugsafmælið en nú erum við að fá fjölskylduna hingað heim í smá hópum. Það verður lítið um að vera á afmælinu sjálfu, en einhverjir koma. Við erum alltaf með heitt á könnunni, líka fyrir okkur sjálf, ég er óttalegur kaffisvelgur og vil hafa það sterkt!“ **gun@frettabladid.is**

---



✝

Faðir minn, tengdafaðir, afi og vinur,

**Finnur Bergsveinsson**

rafvirkjameistari
frá Gufudal,
Laugarnesvegi 90,

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi mánudaginn 11. febrúar. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju mánudaginn 18. febrúar kl. 11. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Slysavarnafélagið Landsbjörg.

**Martha Finnsdóttir**
**Sigurður Gíslason**
**Finnur M. Sigurðsson**
**Ágústa B.K. Kristjánsdóttir**
**Elínborg Guðjónsdóttir**

---



✝

Ástkær móðir okkar og amma,

**Þóra Steina Þórðardóttir**

lést þann 04.11. 2018 á heimili dóttur sinnar á Gran Canaria.
Bálför hefur farið fram ytra.
Minningarathöfn verður haldin í Keflavíkurkirkju 14. febrúar 2019 kl. 13.00.

**Sigríður Ásta Geirsdóttir**
**Anna Björg Geirsdóttir**
**Hekla, Katla og Alma**

---



✝

Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Halldór G. Björnsson**

fyrrverandi verkalýðsleiðtogi,

sem lést föstudaginn 8. febrúar á Hrafnistu í Reykjavík, verður jarðsunginn frá Digraneskirkju mánudaginn 18. febrúar kl. 15.

**Grímur Halldórsson**
**Hildur M. Blumenstein**
**Guðrún E. Halldórsdóttir**
**Guðmundur Kr. Jóhannesson**
**Ketill Arnar Halldórsson**
**Jóhanna H. Oddsdóttir**
**Hrafnhildur Halldórsdóttir**
**Smári Ríkarðsson**
**og fjölskylda.**

---



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Alda Sigmundsdóttir**

Nesvöllum 6, Reykjanesbæ,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja föstudaginn 1. febrúar.
Útförin fer fram frá Keflavíkurkirkju þriðjudaginn 19. febrúar kl. 13. Innilegar þakkir færum við starfsfólki HSS fyrir góða umönnun og hlýju, sem og öllum sem reyndust henni vel.

**Bragi Bjarnason**
**Anna Klara Hreinsdóttir**
**Kristinn Bjarnason**
**Sigrún Sigvaldadóttir**
**Sigmundur Bjarnason**
**Bjarklind Sigurðardóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

**Sigríður Sigurjónsdóttir**

húsmóðir,

lést á Hrafnistu í Hafnarfirði mánudaginn 11. febrúar sl. Útför hennar fer fram frá Háteigskirkju miðvikudaginn 20. febrúar kl. 13.00.

**Önundur S. Björnsson**
**Kristjana Þráinsdóttir**
**Sigurjón Björnsson**
**Jóhanna Björnsdóttir**
**Gísli Gíslason**
**Björn Sveinn Björnsson**
**Súsanna Lind Björnsson**
**Tómas Björnsson**
**og aðrir aðstandendur.**




Leyfðu okkur að aðstoða þig!

GARÐHEIMAR

540 3320 • gardheimar.is
blomabud@gardheimar.is

# Tjáðu þig!



**Rósir, 7 stk.**

**1.290,-**

**Tilfinningatertan**
Pralínsúkkulaðimús með mangó-ástaraldinkjarna og brownie-botni

**1.990,-**

*Þú velur úr úrvali skilaboða til að líma á tertuöskjuna!*



© Inter IKEA Systems B.V. 2019

**Verslun opin 11-21 alla daga** - Veitingasvið opið 9:00-20:30 - **IKEA.is**

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Fimmtudagur

Suðvestan kaldi eða strekkingur en allhvass vindur fyrir austan. Lægir smám saman er líður á daginn með lítils háttar éljum en bjartviðri NA-lands. Frost 0 til 5 stig, en hiti 0 til 5 stig við suður- og suðausturströndina. Heldur kólnandi veður.




## Föstudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 0° | -5° | -4° |
| 1 | 2 | 1 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| -2° | -1° | -7° |
| 3 | 5 | 3 |

## Laugardagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| -2° | -2° | -5° |
| 5 | 2 | 2 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| -1° | -1° | -9° |
| 4 | 5 | 3 |

### LÉTT

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 1 | 7 | 2 | | | | 6 | |
| | | 4 | | | 6 | 7 | | 5 |
| | 9 | | | 3 | | | | |
| | | 9 | | | | | | |
| 4 | 6 | | | | | 3 | 8 | |
| 2 | | | 4 | | | 9 | | |
| 7 | 5 | | 1 | 9 | 2 | 8 | | |
| | 3 | 8 | | | | 1 | | |
| 1 | | | 8 | 7 | | | | |

### MIÐLUNGS

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 5 | | | 6 | | 3 |
| | 1 | | 8 | | 6 | | | 4 |
| 8 | | 7 | | 3 | | | | |
| | 4 | 2 | | | 7 | | | 6 |
| 1 | 3 | | | | 9 | 2 | | |
| | | 8 | | | | | | |
| | | | 1 | | | 5 | | |
| | | 1 | | | | 8 | | |
| 6 | 9 | | | 2 | 8 | | 3 | |

### ÞUNG

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 1 | | 6 | | |
| | 3 | 6 | | | 8 | | | 2 |
| | | 9 | | | | | | 5 |
| | | | | | | 8 | | |
| 3 | 1 | 8 | | | 2 | 9 | | |
| | | 7 | 3 | | | | 6 | |
| 4 | | | 7 | | 5 | | 1 | |
| | 9 | 5 | | 4 | | | | |
| | 8 | | | | | | | |

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
1. flækja
5. málmur
6. íþróttafélag
8. nísta
10. tveir eins
11. of lítið
12. spotti
13. beisli
15. stofnæð
17. hneta

**LÓÐRÉTT**
1. lofa
2. jafnt
3. leyfi
4. að baki
7. handverk
9. slarka
12. íþrótt
14. háma
16. óð




**LÁRÉTT: 1.** vefja, **5.** eir, **6.** fh, **8.** gnísta, **10.** ss, **11.** van, **12.** band, **13.** múll, **15.** aðalæð, **17.** akarn.
**LÓÐRÉTT: 1.** vegsama, **2.** eins, **3.** frí, 4. aftan, **7.** handiðn, **9.** svalla, **12.** blak, **14.** úða, **16.** ær.

## Skák Gunnar Björnsson

Bragi Þorfinnsson (2.438) átti leik gegn Halldóri Grétari Einarssyni (2.272) í sjöttu og næstsíðustu umferð Skákhátíðar MótX. **18. ... Hxf6! 19. gxf6 Bg4!** Hvíta drottningin fellur því bæði 20. Dh4 og Dg5 er svarað með 20. ... Rf3+. Halldór lék 20. Bg5 en gafst upp eftir 20. ... Da5+ 21. Bd2 Db6. Bragi er í 2.-4. sæti með 4½ vinning ásamt Guðmundi Kjartanssyni og Jóni L. Árnasyni. Hjörvar Steinn Grétarsson er efstur með 5½ vinning. Mótinu lýkur á þriðjudaginn. **www.skak.is:** NM í skólaskák hefst á morgun.

**Svartur á leik**



| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 3 | 2 | 6 | 4 | 7 | 5 | 1 | 9 |
| 9 | 4 | 5 | 1 | 2 | 3 | 8 | 6 | 7 |
| 1 | 6 | 7 | 8 | 5 | 9 | 2 | 3 | 4 |
| 2 | 5 | 8 | 9 | 6 | 4 | 1 | 7 | 3 |
| 3 | 7 | 9 | 2 | 8 | 1 | 6 | 4 | 5 |
| 6 | 1 | 4 | 3 | 7 | 5 | 9 | 8 | 2 |
| 4 | 2 | 6 | 5 | 3 | 8 | 7 | 9 | 1 |
| 5 | 9 | 3 | 7 | 1 | 6 | 4 | 2 | 8 |
| 7 | 8 | 1 | 4 | 9 | 2 | 3 | 5 | 6 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 9 | 5 | 1 | 3 | 6 | 2 | 4 | 7 |
| 4 | 1 | 6 | 8 | 2 | 7 | 3 | 5 | 9 |
| 2 | 3 | 7 | 4 | 9 | 5 | 8 | 6 | 1 |
| 5 | 4 | 8 | 2 | 7 | 1 | 6 | 9 | 3 |
| 3 | 6 | 9 | 5 | 8 | 4 | 1 | 7 | 2 |
| 7 | 2 | 1 | 9 | 6 | 3 | 4 | 8 | 5 |
| 6 | 8 | 3 | 7 | 5 | 2 | 9 | 1 | 4 |
| 9 | 7 | 4 | 3 | 1 | 8 | 5 | 2 | 6 |
| 1 | 5 | 2 | 6 | 4 | 9 | 7 | 3 | 8 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 2 | 1 | 5 | 7 | 3 | 6 | 8 | 4 |
| 6 | 4 | 7 | 2 | 8 | 9 | 5 | 1 | 3 |
| 8 | 3 | 5 | 1 | 4 | 6 | 7 | 2 | 9 |
| 2 | 5 | 6 | 3 | 9 | 7 | 8 | 4 | 1 |
| 4 | 1 | 3 | 8 | 5 | 2 | 9 | 7 | 6 |
| 7 | 8 | 9 | 4 | 6 | 1 | 2 | 3 | 5 |
| 1 | 6 | 8 | 9 | 2 | 4 | 3 | 5 | 7 |
| 5 | 7 | 4 | 6 | 3 | 8 | 1 | 9 | 2 |
| 3 | 9 | 2 | 7 | 1 | 5 | 4 | 6 | 8 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman








Garndagar
7. – 17. febrúar
20%
afsláttur af öllu garni
og hannyrðavörum
A4 Kringlunni / A4 Skeifunni / A4 Smáralind / A4 Hafnarfirði / A4 Akureyri / A4 Egilsstöðum / A4 Selfossi
www.a4.is / Þú getur einnig fylgt okkur á Facebook, pinterest.com/a4fondur og á instagram.com/a4verslanir
A4

# Tvenn verðlaun iF Design Award til Hyundai

Á verðlaunahátíð iF Design Award 2019 hlaut Hyundai Motor nýlega tvenn hönnunarverðlaun, annars vegar fyrir nýja sjö sæta jepplinginn Palisade, sem ætlaður er mörkuðum Norður-Ameríku, og hins vegar fyrir hugmynd sína um sportbílinn Le Fil Rouge.

**Voldugur Palisade**

Palisade er byggður á nýjum undirvagni og fyrir allt að átta farþega. Hann er búinn öllum fremsta þægindа- og öryggisbúnaði Hyundai, m.a. hinu háþróaða HTRAC fjórhjóladrifi, 3,8 lítra sex strokka og tæplega 300 hestafla bensínvél við átta gíra sjálfskiptingu. Palisade var frumsýndur í fyrra á bílasýningunni í Los Angeles.

**Le Fil Rouge**

Hyundai Le Fil Rouge var frumsýndur á bílasýningunni í Genf í fyrra og endurspeglar framúrskarandi sportlega hönnun sem vísar til hugmyndar Hyundai frá 1974 þegar fyrirtækið kynnti Hyundai Coupé Concept sem Ítalinn Giorgetto Giugiaro hannaði. Hönnun Le Fil Rouge ber ákveðið yfirbragð hugmyndar Giugiaro í útliti enda þótt öll helstu og veigamestu atriðin hafi verið uppfærð í samræmi við nútímakröfur.

**Heiður fyrir Hyundai**

Verðlaunin að þessu sinni marka fimmta árið í röð sem Hyundai Motor vinnur til fyrstu verðlauna í flokki bílgreina hjá iF Design. Verðlaunin eru mikill heiður fyrir hönnuði Hyundai og fyrir fyrirtækið sjálft sem hefur það m.a. að markmiði að gefa neytendum færi á bílum í háum gæðaflokki á mjög viðráðanlegu verði.





Hyundai Palisade jeppinn að neðan og Le Fil Rouge tilraunabíllinn að ofan, en báðir voru þeir verðlaunaðir fyrir hönnun.



Rivian-pallbíllinn er með risastórar 180 kWh rafhlöður og eru ekki dæmi um svo stórar rafhlöður í rafmagnsbíl.

# GM og Amazon að kaupa hlut í Rivian

Rivian hefur framleitt fyrsta rafmagnspallbíl heims sem er 800 hestöfl, með 650 km drægi og er aðeins 3 sekúndur í hundraðið.

Finnur Thorlacius
finnurth@frettabladid.is



General Motors og Amazon eru í viðræðum við Rivian Automotive LLC um kaup á hlut í þessum bandaríska rafmagnsbílaframleiðanda. Þessi kaup eru ekki hugsuð til að ná yfirráðum í Rivian, heldur væri um að ræða minnihlutaskerf í fyrirtækinu. Rivian, sem er með höfuðstöðvar í Plymouth í Michigan-ríki, er fyrsti rafmagnsbílaframleiðandi heims sem smíðað hefur rafmagnspallbíl og það ekki af aflminni gerðinni, heldur er Rivian R1T 800 hestafla rafmagnspallbíll sem er 3 sekúndur í 100 km hraða.

**RIVIAN-PALLBÍLLINN ER MEÐ RISASTÓRAR 180 KWH RAFHLÖÐUR OG ERU EKKI DÆMI UM SVO STÓRAR RAFHLÖÐUR Í RAFMAGNSBÍL SEM EKKI TELST STÓR FLUTNINGABÍLL.**

**Risastórar rafhlöður**

Rivian-pallbíllinn er með risastórar 180 kWh rafhlöður og eru ekki dæmi um svo stórar rafhlöður í rafmagnsbíl sem ekki telst stór flutningabíll. Rivian-pallbíllinn er byggður að stórum hluta úr áli og er með lægsta þyngdarpunkt sem nokkur pallbíll státar af og hann er með 52/48 þyngdardreifingu á öxla bílsins og því ekki ósvipaður sportbílum hvað það varðar. Bíllinn er sannkallaður lúxusbíll og innrétting hans með því flottasta sem sést hefur.

**Er með 650 km drægi**

Rivian R1T er að auki með 650 km drægi vegna þeirra stóru rafhlaða sem í bílnum er. Rivian ætlar að bjóða þrjár stærðir af rafhlöðum í bílnum, þ.e. einnig 130 kWh og 100 kWh rafhlöður. Dýrasta útgáfa bílsins með stærstu rafhlöðurnar verður á um 90.000 dollara, eða tæplega 11 milljónir króna, en útgáfan með minnstu rafhlöðurnar mun kosta um 70.000 dollara, eða 8,4 milljónir króna. Ef samningaviðræður GM og Amazon við Rivian ganga vel má búast við að tilkynnt verði um kaupin í þessum mánuði. Ef af kaupunum verður telja greinendur að virði Rivian Automotive LLC verði komið yfir einn milljarð Bandaríkjadala, eða yfir 120 milljarða króna.



Volvo XC40 jepplingurinn var kynntur í Bretlandi í janúar og seldist vel.

# Volvo gekk frábærlega í Bretlandi í janúar

Sala Volvo-bíla í Bretlandi jókst um heil 80% í Bretlandi í janúar. Á meðan þurftu þýsku lúxusbílasmiðirnir Audi og Porsche að horfa uppá 27% og 42% söluminnkun. Erfiðleikar heimamerkjanna Jaguar og Land Rover voru þó á undanhaldi í janúar en sala Jaguar bíla minnkaði um 2,4% og Land Rover um 1%. Í heildina minnkaði sala bíla í Bretlandi um 1,6% í janúar og markaði mánuðurinn þann fimmta í röð þar sem salan er minni en í sama mánuði árið áður. Í heildina voru 161.000 nýir bílar skráðir í Bretlandi í janúar.

**Frá dísilbílum til umhverfisvænni**

Svo virðist sem bílkaupendur í Bretlandi séu að færa sig úr dísilknúnum bílum í umhverfisvænni bíla og það á vafalaust sinn þátt í velgengni Volvo-bíla nú um stundir en að auki var Volvo að kynna XC40 bíl sinn í Bretlandi í janúar og selst hann þar gríðarvel. Sala dísilbíla minnkaði í mánuðinum um 20,1% á meðan sala bensínbíla jókst um 7,3%. Sala umhverfisvænna bíla, þ.e. tengiltvinnbíla, rafmagnsbíla og Hybridbíla, jókst hins vegar um 26,3% á milli ára.

# BMW X4 M og BMW X3 M af árgerð 2020 verða 503 hestafla villidýr

Það er ekki að spyrja að atorkusemi M-sportbíladeildar BMW. Þar á bæ streyma hestaflabúntin í röðum og nýjustu afurðir hennar eru þessir BMW X4 M og BMW X3 M 503 hestafla orkuboltar af árgerð 2020. Bílarnir tveir verða með 3,0 lítra V6 vél með tveimur forþjöppum þar sem kreist verða út fleiri hestöfl en almennt finnast í jepplingum. Allt þetta afl gerir þá aflmestu jepplinga sem fá má nú um stundir.

Bílarnir verða einnig í boði í 473 hestafla útgáfum sem eru 4,2 sekúndur í hundraðið en aflmeiri gerðin fer sprettinn á 4,1 sekúndu. Báðir eru bílarnir fjórhjóladrifnir og með sömu 8 gíra sjálfskiptingu og finna má í BMW M5 sportbílnum. Það ríkir því enn mikið hestaflastríð á milli M-deildar BMW, AMG-deildar Mercedes-Benz og S og RS-bíla Audi. Hér er þó BMW að slá rækilega við sínum helstu keppinautum hvað afl varðar.



Bílarnir eru fjórhjóladrifnir og með sömu 8 gíra sjálfskiptingu eins og BMW M5.

**BÍLARNIR VERÐA EINNIG Í BOÐI Í 473 HESTAFLA ÚTGÁFUM SEM ERU 4,2 SEKÚNDUR Í HUNDRAÐIÐ.**

# FRÁBÆR HELGARTILBOÐ Í NETTÓ!

**Grísabógsteik**
Úrbeinuð og kryddsmjörsfyllt
**995** KR/KG
**ÁÐUR:** 1.659 KR/KG
-40%






-40%

**Dry Aged Hamborgarar**
8x120 g
**1.199** KR/PK
**ÁÐUR:** 1.998 KR/PK



-26%

**Kjúklingalundir**
Ísfugl
**1.997** KR/KG
**ÁÐUR:** 2.698 KR/KG



-23%

**Lambalæri**
Með íslenskum lambakryddum
**1.384** KR/KG
**ÁÐUR:** 1.798 KR/KG



-30%

**Bleikjuflök**
2 flök
**2.099** KR/KG
**ÁÐUR:** 2.998 KR/KG

## Gerðu vel við elskuna á Valentínusardaginn!

**Skare Striploin**
**2.999** KR/KG
**ÁÐUR:** 4.998 KR/KG

*Heillaðu með góðri steik!*



-40%



-28%

ÓDÝRT!

**Saltkjöt**
Kjötsel
**597** KR/KG
**ÁÐUR:** 829 KR/KG




**Konudags ostakaka**
**1.359** KR/PK



-40%

**Súkkulaði croissant**
**119** KR/STK
**ÁÐUR:** 199 KR/STK



-50%

**Jarðarber**
250 g askja
**299** KR/PK
**ÁÐUR:** 598 KR/PK



nettó
Lægra verð – léttari innkaup



**VERSLAÐU Á NETINU**
**www.netto.is**

**Tilboðin gilda 14.-17. febrúar 2019**
Tilboðin gilda meðan birgðir endast • Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl • Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.



Eirún og Jóní fyrir framan vídeóverkið af óperusöngkonunni. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Við erum eins og vatnið

**Eirún Sigurðardóttir og Jóní Jónsdóttir sýna verk sín í Hverfisgalleríi. Hafa unnið í áratugi sem Gjörningaklúbburinn.**

Nýjasta testamentið er heiti sýningar Gjörningaklúbbsins í Hverfisgalleríi. Í Gjörningaklúbbnum eru myndlistarkonurnar Eirún Sigurðardóttir og Jóní Jónsdóttir en þær hafa unnið saman frá árinu 1996, allt frá því þær útskrifuðust úr Myndlista- og handíðaskóla Íslands. Þær hafa sýnt í söfnum og galleríum um allan heim þar á meðal í ARoS listasafninu í Danmörku, MoMA samtímalistasafninu í New York, Kunsthalle Vienna í Austurríki, Schirn Kunsthalle og samtímalistasafninu Hamburger Bahnhof í Þýskalandi, Amos Anderson listasafninu í Helsinki og Lilith Performance Studio í Svíþjóð.

**Tákn fyrir vatnið**

Öll verkin á sýningunni eru ný. Eitt aðalverkið er Aqua María sem er vídeóverk. Listakonurnar sömdu samnefnt ljóð árið 2017, að þeirra eigin sögn þegar Aqua María birtist þeim fyrst og fengu svo Ólaf Björn Ólafsson tónskáld til að gera remix af Ave Maríu eftir Schubert og Ave Maríu Sigvalda Kaldalóns, við ljóðið.

„Á myndbandinu syngur óperusöngkona Aqua María. Það er eins og hún sé í óræðu rými og þegar líður á myndbandið fer vatn að dropa af henni,“ segir Jóní og bætir við: „Í verkinu erum við að fjalla um það hvernig við mannfólkið, og þá sérstaklega konur, erum eins og vatnið, við rísum alltaf einhvers staðar upp. Aqua María er tákn fyrir vatnið sem finnur alltaf leið.“

**Gömul hugmynd sprengd upp**

Meðal annarra verka á sýningunni eru vatnslitaverk sem heita Pissed off! og voru fyrst sýnd í gjörningi í Neskirkju á boðunardegi Maríu á síðasta ári. „Þetta eru pissumálverk, uppreisnar- og mótmælaverk, og við gerð þeirra pissum við á vatnslitapappír,“ segja listakonurnar. Á sýningunni er líka verkið Samþykki sem er gert er úr sokkabuxum og ull og annað sem nefnist Uppreisnarpokinn en þar er að finna ýmsa hluti eins og hamar, heklunál og varalit.

Verk á sýningunni heitir, eins og sýningin sjálf, Nýjasta testamentið. „Þarna er um að ræða hljóðbók þar sem við lesum sjálfar upp,“ segir Eirún: „Þetta er brot úr gjörningi sem við frömdum í Neskirkju þar sem við vorum að skila eldgamalli skömm til Guðs fyrir hönd Maríu meyjar. Hann fékk engil til að segja henni að hún væri ólétt en láðist að biðja um samþykki hennar. Því er lýst sem fallegri stund þegar engillinn tilkynnir henni að hún sé barnshafandi en í ljósi tímans er það ekki svo fallegt. Við erum að sprengja upp þessa gömlu hugmynd. Þessi sýning er hluti af þeirri endurskoðun sem á sér stað um allan heim undir #metoo.“

**ÞESSI SÝNING ER HLUTI AF ÞEIRRI ENDURSKOÐUN SEM Á SÉR STAÐ UM ALLAN HEIM UNDIR #METOO.**

Spurðar um hina nánu og sterku samvinnu sína í myndlistarheiminum segir Eirún: „Við erum eins og vatnið, við höfum farið í gegnum þennan tíma saman og finnum alltaf leið. Að vinna saman getur verið eins og foss eða lækur eða lind.“ Og Jóní bætir við: „Eða eins og hver eða ísnálar, það eru alls konar tilfinningar í vatninu og samvinnunni í listinni.“

## Í leit að heimahögum

**LEIKHÚS**

**Velkomin heim**

★★★★☆

**Trigger Warning í samvinnu við Þjóðleikhúsið**

**Leikkona og höfundur:** María Thelma Smáradóttir
**Meðhöfundur, leikstjóri og dramatúrg:** Andrea Elín Vilhjálmsdóttir og Kara Hergils
**Leikmynda- og búningahönnuður:** Eleni Podara
**Tónlist og hljóðmynd:** Ragnheiður Erla Björnsdóttir og Ingibjörg Ýr Skarphéðinsdóttir
**Ljósahönnun:** Hafliði Emil Barðason og Kjartan Darri Kristjánsson

Heima er hverfult hugtak og persónubundið. Heima getur verið staður, manneskja eða tilfinning. Heima getur verið litrík íbúð í Kópavoginum á Íslandi, matarlyktin á götum Bangkok í Taílandi eða hvort tveggja. Manneskjan er þeim einstöku hæfileikum búin að þola hugrænt misræmi þar sem tvær mjög ólíkar hugmyndir starfa samtímis. Einstaklingar af blönduðum uppruna á Íslandi, sem og annars staðar, feta flókin skref til að brúa bilið á milli menningarheima sem eru oftar en ekki mjög ólíkir. Velkomin heim, frumsýnt í Þjóðleikhúsinu nýlega í boði sviðslistahópsins Trigger Warning í samvinnu við leikkonuna Maríu Thelmu Smáradóttur, fjallar um uppruna og leitina að samastað, fjölbreyttar fjölskyldur og sköpun sjálfsmyndar.

Handrit og úrvinnsla Velkomin heim er einkar vel leyst að flestu leyti. Hreinskilið og áhugavert, persónulegt og pólitískt, framsækið hvað efnistök varðar en hugar líka að forminu. Andrea Elín Vilhjálmsdóttir og Kara Hergils, í samvinnu við Maríu Thelmu, finna þessari sögu góðan farveg, þræða saman þrjár kynslóðir kvenna, ýta undir sértæk efnistök en gæta þess að framvindan leysist ekki upp í sjálfhverfu. Miðpunkturinn er María Thelma og hennar sýn á sögu móður sinnar skreytt með sinni eigin reynslu, þá sérstaklega upplifun hennar sem leikkona af blönduðum uppruna.

María Thelma er tiltölulega nýtt andlit á leiksviðinu en hún hefur fjölmargar sögur að segja; sögur sem byrja á fæðingu móður hennar, ferðalaginu til Íslands, uppeldisárunum í úthverfunum og alla leið í samtímann. Hún heldur áhorfendum í hendi sér með berskjaldaðri túlkun á textanum. Bæði María Thelma og móðir hennar, Vala Rún Tuankrathok, hafa barist við mótlæti í formi fordóma og halda áfram



„Handrit og úrvinnsla er einkar vel leyst að flestu leyti.“ MYND/OWEN FIENE

að berjast enn í dag. Hlutverkin sem Maríu Thelmu bjóðast eru til dæmis af skornum skammti enda litrófið á leiksviði landsins takmarkað, sem og ímyndunaraflið hvað varðar hlutverkaskipan. Þrátt fyrir að hún sé fædd og uppalin á Íslandi segir hún frá því að vera ekki nægilega skandinavísk fyrir kvikmyndaheiminn en að sama skapi er hún ekki nægilega asísk heldur. Oftast er umræðan um fordómana og fáfræðina vel heppnuð af hendi Maríu Thelmu, full af innsýn og með dass af húmor. Einn af fáum göllum handritsins er atriðið um fyrirmyndir sem byggist að stórum hluta á Emmy-ræðu leikkonunnar Violu Davis. Gallinn er ekki tengdur innihaldinu heldur frekar vegna þess að senan er illa saumuð inn í sýninguna. Annaðhvort hefði þurft að sleppa henni algjörlega eða umbreyta framsetningunni.

Leikmynd Eleni Podara er snilldarsmíð, einföld og fagurfræðilega skýr. Svið Kassans er upphækkað, veggirnir svartir að venju og í bakgrunni er breiður skjár sem sýnir myndbrot tengd sýningunni. En það er sviðið sjálft sem skín, bókstaflega, klætt biksvörtum dansdúk og á honum þrír hrísgrjónahaugar sem leika stórt hlutverk í þessari litlu sýningu. Ragnheiður Erla Björnsdóttir og Ingibjörg Ýr Skarphéðinsdóttir þræða fallega hljóðmynd inn í framvinduna, upptökurnar af Völu Rún sjálfri virka afskaplega vel og gefa henni tækifæri til að færa sína eigin rödd inn í sýninguna. Minna fer fyrir ljósahönnun Hafliða Emils Barðasonar og Kjartans Darra Kristjánssonar en þeir gera vel að skapa ljóslifandi ramma utan um Velkomin heim.

Vala Rún er hugrekkið og eljan uppmáluð. Hún, eins og mannfólkið almennt, er auðvitað ekki fullkomin, en hennar saga er áhrifarík og eftirminnileg. María Thelma skilar sögu móður sinnar af alúð og lipurð með hjálp frá öflugu listrænu teymi. Trigger Warning er einn áhugaverðasti sviðslistahópur landsins starfandi í dag. Síðustu augnablik sýningarinnar kristalla það sem á undan hefur komið einstaklega vel; veröldin og við sem þar búum erum síbreytileg blanda af einstaklingum og menningarlegum áhrifum sem hafa einstakar og hjartnæmar útkomur. Velkomin heim er vel staðsett í Þjóðleikhúsinu þar sem raddir allra landsbúa eiga að heyrast.

**Sigríður Jónsdóttir**

**NIÐURSTAÐA:** Persónuleg og töfrandi sýning.

# Hvað? Hvenær? Hvar? Fimmtudagur

hvar@frettabladid.is

## 14. FEBRÚAR 2019

### Viðburðir

**Hvað?** The 6 teas of China
**Hvenær?** 17.30
**Hvar?** Stofa VHV-007 í kjallara Veraldar, húss Vigdísar
Yabei Hu er með B.Sc. í tefræðum frá Hunan Agricultural University og MBA frá Lingnan Sun Yat-Sen University í Guangzhou. Hún mun fjalla um námið og einnig flytja erindi á ensku sem heitir „The 6 teas of China“ og fjallar um hinar 6 mismunandi tegundir af tei sem til eru, fræg afbrigði af hverri tegund, hvað er te og hvað er ekki te, hvernig te er ræktað og unnið. Hvar það er ræktað. Hvernig á að þekkja gott te og boðið verður upp á að smakka þessar 6 tegundir. Þessi viðburður er á vegum Kínversk-íslenska menningarfélagsins og Konfúsíusarstofnunarinnar Norðurljósa, sem býður einnig upp á ókeypis veitingar. Næg frí bílastæði eru við bygginguna.



**Hvað?** Knattspyrna á afreksstigi
**Hvenær?** 12.10-13.10
**Hvar?** Háskólinn í Reykjavík, stofa V101
Mario Tomljnovic fjallar um mikilvæg atriði í þjálfun afreksliða í knattspyrnu. Í fyrirlestri sínum ætlar Mario Tomljnovic að fjalla um mikilvæg atriði þegar kemur að þjálfun og utanumhaldi afrekslíða í knattspyrnu. Er mikilvægt að leggja áherslu á að nota hátækni til hins ýtrasta þegar kemur að því að skara fram úr?

**Hvað?** Norðurskautsráðið og þróun milliríkjasamninga
**Hvenær?** 12.00-13.00
**Hvar?** Lögberg, stofa 101, Háskóli Íslands
Í þessu erindi fjallar Dr. Natalia Lukacheva um áhrif Norðurskautsráðsins, bæði aðkomu þess að bindandi milliríkjasamningum sem þegar eru í gildi, og möguleika þess á að hafa áhrif á þróun nýrra samninga.

### Sýningar

**Hvað?** Ertu alveg viss?
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Grófin, Borgarbókasafnið
Í innsetningu Gagarín á sýningunni í Borgarbókasafninu í Grófinni verður notuð myndgreiningartækni til að greina svipbrigði og tengja þannig við tilfinningar fólks við lestur Brennu-Njáls sögu. Tæknin sem notast er við er algengt markaðstól og verður sífellt vinsælla. Hér gefst tækifæri til að sjá hvernig slík tækni virkar í hlutlausu umhverfi bókasafnsins.

**Hvað?** Frumsýning: Vesalings elskendur
**Hvenær?** 18.00
**Hvar?** Háskólabíó
Bræðurnir Óskar og Maggi eru báðir rólegir í tíðinni, en eiga erfitt með náin sambönd, en þeir fást við þetta vandamál hvor á sinn hátt. Óskar reynir að forðast tilfinningaleg tengsl, en Maggi fer í hvert sambandið á fætur öðru. Fjarlægur faðir þeirra á í svipuðum vandamálum, en hefur á einhvern ótrúlegan hátt náð að hanga í sambandi með Guðrúnu en hann hitti hana eftir að fyrri eiginkona hans, barnsmóðir hans, lést þegar drengirnir voru litlir. Dýralæknirinn Anna stendur frammi fyrir mikilvægri ákvörðun, og verður fyrir áhrifum frá Óskari. Unga listaspíran Ingibjörg reynir að vaxa úr grasi eins hratt og hún getur og vinirnir 13 ára, þeir Danni T og Danni M, halda áfram að lifa sínu venjulega lífi, og dvelja sífellt meira heima hjá Óskari.




## Borgarleikhúsið

568 8000 • borgarleikhus.is

### Matthildur — Stóra sviðið



| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Þri 12.03 | Kl 19:00 | UF | Fim 21.03 | Kl 19:00 | U | Mið 03.04 | Kl 19:00 | U | Þri 16.04 | Kl 19:00 | Ö |
| Mið 13.03 | Kl 19:00 | UF | Fös 22.03 | Kl 19:00 | U | Fös 05.04 | Kl 19:00 | U | Mið 24.04 | Kl 19:00 | U |
| Fim 14.03 | Kl 19:00 | UF | Lau 23.03 | Kl 19:00 | U | Sun 07.04 | Kl 19:00 | Ö | Fim 25.04 | Kl 19:00 | Ö |
| Fös 15.03 | Kl 19:00 | U | Sun 24.03 | Kl 19:00 | U | Mið 10.04 | Kl 19:00 | U | Fös 26.04 | Kl 19:00 | U |
| Lau 16.03 | Kl 19:00 | U | Mið 27.03 | Kl 19:00 | U | Fös 12.04 | Kl 19:00 | U | Sun 28.04 | Kl 19:00 | U |
| Sun 17.03 | Kl 19:00 | U | Fim 28.03 | Kl 19:00 | U | Lau 13.04 | Kl 13:00 | U | Þri 30.04 | Kl 19:00 | U |
| Mið 20.03 | Kl 19:00 | U | Sun 31.03 | Kl 19:00 | U | Sun 14.04 | Kl 19:00 | U | | | |

### Elly — Stóra sviðið



| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fös 15.02 | Kl. 20:00 | U | Lau 23.02 | Kl. 20:00 | U | Fös 08.03 | Kl. 20:00 | Ö |
| Lau 16.02 | Kl. 20:00 | U | Fös 01.03 | Kl. 20:00 | Ö | Lau 09.03 | Kl. 20:00 | Ö |
| Fös 22.02 | Kl. 20:00 | U | Lau 02.03 | Kl. 20:00 | Ö | Lau 30.03 | Kl. 20:00 | Ö |

### Ríkharður III — Stóra sviðið



| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Sun 17.02 | Kl. 20:00 | U | Fim 21.02 | Kl. 20:00 | Ö | Sun 03.03 | Kl. 20:00 | U |

### Fólk, staðir og hlutir — Litla sviðið



| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fim 14.02 | Kl. 20:00 | U | Fös 22.02 | Kl. 20:00 | U | Fim 28.02 | Kl. 20:00 | U | Fim 07.03 | Kl. 20:00 | Ö |
| Fös 15.02 | Kl. 20:00 | U | Lau 23.02 | Kl. 20:00 | U | Fös 01.03 | Kl. 20:00 | U | Fös 08.03 | Kl. 20:00 | Ö |
| Lau 16.02 | Kl. 20:00 | U | Sun 24.02 | Kl. 20:00 | U | Lau 02.03 | Kl. 20:00 | U | | | |
| Mið 20.02 | Kl. 20:00 | U | Mið 27.02 | Kl. 20:00 | U | Mið 06.03 | Kl. 20:00 | Ö | | | |

### Kvenfólk — Nýja sviðið



| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fim 14.02 | Kl. 20:00 | U | Fös 22.02 | Kl. 20:00 | U | Lau 02.03 | Kl. 20:00 | Ö |
| Lau 16.02 | Kl. 20:00 | U | Sun 24.02 | Kl. 20:00 | Ö | Fös 08.02 | Kl. 20:00 | Ö |
| Sun 17.02 | Kl. 20:00 | U | Fös 01.03 | Kl. 20:00 | Ö | Lau 09.03 | Kl. 20:00 | Ö |

### Kæra Jelena — Litla sviðið



| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fös 12.04 | Kl. 20:00 | U | Þri 16.04 | Kl. 20:00 | U | Sun 28.04 | Kl. 20:00 | U | Sun 05.05 | Kl. 20:00 | Ö |
| Lau 13.04 | Kl. 20:00 | U | Mið 25.04 | Kl. 20:00 | U | Fim 02.05 | Kl. 20:00 | U | Mið 08.05 | Kl. 20:00 | Ö |
| Sun 14.04 | Kl. 20:00 | U | Fim 26.04 | Kl. 20:00 | U | Fös 03.05 | Kl. 20:00 | U | | | |

### Kvöldvaka með Jóni Gnarr — Litla sviðið



| | | |
|---|---|---|
| Lau 13.04 | Kl. 20:00 | Ö |

### Ég dey — Nýja sviðið



| | | |
|---|---|---|
| Fös 15.02 | Kl. 20:00 | U |

### Allt sem er frábært — Litla sviðið



| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Lau 04.05 | Kl. 20:00 | Ö | Fim 09.05 | Kl. 20:00 | Lau 11.05 | Kl. 20:00 | |

## Þjóðleikhúsið

551 1200 • leikhusid.is

### Ronja Ræningjadóttir — Stóra sviðið



| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Sun. 17.02 | kl. 13:00 | U | Sun 10.03 | kl. 13:00 | U | Sun 31.03 | kl. 13:00 | U | Sun 28.04 | kl 13:00 | Ö |
| Sun. 17.02 | kl. 16:00 | U | Sun 10.03 | kl. 16:00 | U | Sun 31.03 | kl. 16:00 | U | Sun 28.04 | kl. 16:00 | U |
| Sun 24.02 | kl. 13:00 | U | Sun 17.03 | kl. 13:00 | U | Sun 07.04 | kl. 13:00 | U | Sun 05.05 | kl. 13:00 | Ö |
| Sun. 24.02 | kl. 16:00 | U | Sun 17.03 | kl. 16:00 | U | Sun 07.04 | kl. 16:00 | U | Sun 05.05 | kl. 16:00 | U |
| Sun. 03.03 | kl. 13:00 | U | Sun 24.03 | kl. 13:00 | U | Sun 14.04 | kl. 13:00 | U | Sun. 12.05 | kl 13:00 | Ö |
| Sun 03.03 | kl. 16:00 | U | Sun 24.03 | kl. 16:00 | U | Sun 14.04 | kl. 16:00 | U | Sun. 12.05 | kl. 16:00 | Ö |

### Einræðisherrann — Stóra sviðið



| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fös. 15.02 | kl. 19:30 | Ö | Lau. 23.02 | kl. 19:30 | Ö | Lau. 09.03 | kl 19:30 | Ö |
| Lau. 16.02 | kl. 19:30 | U | Lau. 02.03 | kl. 19:30 | U | Lau.23.03 | kl 19:30 | |
| Fös. 22.02 | kl 19:30 | Ö | Fös. 08.03 | kl 19:30 | Ö | Fös. 29.03 | kl 19:30 | |

### Jónsmessunæturdraumur — Stóra sviðið



| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Mið. 27.02 | kl. 19:30 | F | Fim. 07.03 | kl. 19:30 | U | Fös. 22.03 | kl. 19:30 | Ö | Fös. 12.04 | kl 19:30 | |
| Fim. 28.02 | kl. 19:30 | Ö | Fös. 15.03 | kl 19:30 | Ö | Lau. 30.03 | kl 19:30 | Ö | | | |
| Fös. 01.03 | kl. 19:30 | U | Lau. 16.03 | kl. 19:30 | U | Lau. 06.04 | kl. 19:30 | Ö | | | |

### Þitt eigið leikrit — Kúlan



| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fim 14.02 | kl. 18:00 | U | Fös 01.03 | kl. 18:00 | U | Lau 09.03 | kl. 15:00 | U | Lau 23.03 | Kl. 17:00 | U |
| Fös 15.02 | kl. 18:00 | U | Lau 02.03 | kl. 15:00 | U | Lau 09.03 | Kl. 17:00 | U | Sun. 24.03 | kl 15:00 | U |
| Lau 16.02 | kl. 15:00 | U | Lau 02.03 | KL. 17:00 | U | Sun. 17.03 | kl. 15:00 | U | Sun. 24.03 | kl 17:00 | Ö |
| Fim 21.02. | kl. 18:00 | U | Fim.07.03 | kl. 18:00 | Au | Sun. 17.03 | kl. 17:00 | U | Lau. 30.03 | kl 15:00 | |
| Lau 23.02 | kl. 15:00 | U | Fös. 08.03 | kl. 18:00 | U | Lau 23.03 | kl 15:00 | U | Sun.31.03 | kl 17:00 | |

### Súper — Kassinn



| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Lau. 16.03 | kl. 19:30 | U | Fös. 22.03 | kl. 19:30 | U | Lau. 30.03 | kl. 19:30 | U | Fim 11.04 | kl. 19:30 | Ö |
| Mið. 20.03 | kl. 19:30 | U | Mið 27.03 | kl. 19:30 | U | Mið. 03.04 | kl. 19:30 | U | Fös. 12.04 | kl. 19:30 | Ö |
| Fim. 21.03 | kl. 19:30 | U | Fim. 28.03 | kl. 19:30 | U | Fim.04.04 | kl. 19:30 | U | | | |

### Velkomin heim — Kassinn



| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fös. 15.02 | kl. 19:30 | Ö | Lau. 16.02 | kl. 19:30 | Sun. 17.02 | kl. 19:30 | sun 24.04 | kl. 19:30 |

### Mið-Ísland — Leikhúskjallarinn



| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fim. 14.02 | kl. 19:30 | U | Lau. 16.02 | kl. 19:30 | U | Fös.22.02 | Kl. 22.00 | U | Fim. 28.02 | kl. 19:30 | U |
| Fim.14.02 | Kl. 22.00 | U | Lau. 16.02 | Kl. 22.00 | U | Lau 23.03 | kl. 19:30 | | | | |
| Fös. 15.02 | kl. 19:30 | Ö | Fim. 21.02 | kl. 19:30 | Ö | Lau 23.03 | Kl. 22.00 | Ö | | | |
| Fös. 15.02 | Kl. 22.00 | U | Fös. 22.02 | kl. 19:30 | U | Sun. 24.02 | kl.21:00 | | | | |

### Improv — Leikhúskjallarinn



| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Mið. 20.02 | kl. 20:00 | Ö | Mið. 27.02 | kl. 20:00 | Mið. 06.03 | kl. 20:00 | Mið. 13.03 | kl. 20:00 |

### Bara góðar — Leikhúskjallarinn



| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Sun. 17.02 | kl. 20:00 | U | Sun. 03.04 | kl. 20:01 | Sun.17.03 | kl. 20:02 | |




GOTT KVÖLD Í BÍÓ PARADÍS
HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19 ★ NÁNAR Á BIOPARADIS.IS

| | | | |
|---|---|---|---|
| Planeta Singli 3 (POLISH W/ENG SUB) | 17:50 | Heavy Trip // Hevi Reissu (ENG SUB) | 20:00 |
| Transit (GERMAN & FRENCH W/ENG SUB) | 18:00 | Shoplifters//Búðaþjófar (ENG SUB) | 22:00 |
| Tryggð // The Deposit (ENG SUB) | 18:00 | Diablo (POLISH W/ENG SUB) | 22:00 |
| One Cut of the Dead (ICE SUB) | 20:00 | Damsel (ENGLISH-NO SUB) | 22:20 |






# Æ sér gjöf til gjalda

KVIKMYNDIR

**Tryggð**

★★★★☆

**Leikstjórn:** Ásthildur Kjartansdóttir
**Aðalhlutverk:** Elma Lísa Gunnarsdóttir, Enid Mbabazi, Raffaella Brizuela Sigurðardóttir, Claire Harpa Kristinsdóttir.



Ólíkum menningarheimum lýstur saman í húsi í Reykjavík með hádramatískum afleiðingum í Tryggð.

Tryggð er stórmerkileg kvikmynd sem maður hefur einhvern veginn á tilfinningunni að allt of margir séu að láta fram hjá sér fara. Það væri mikið glapræði þar sem hér er á ferðinni ákaflega vönduð og vel gerð kvikmynd sem á brýnt erindi við okkur öll.

Ásthildur Kjartansdóttir leikstýrir og skrifar handritið og skilar stórgóðri kvikmynd upp úr skáldsögunni Tryggðarpantur eftir Auði Jónsdóttur. Bók Auðar kom út 2006 og sjálfsagt ber það spádómsgáfu rithöfundarins skýrt vitni að sagan á enn frekar erindi nú en þá.

Elma Lísa Gunnarsdóttir leikur Gísela, mátulega hrokafulla blaðakonu og íslenska forréttindapíu sem hefur það býsna gott í húsi sem hún erfði eftir ömmu sína. En ekki er allt sem sýnist og fjárhagurinn þrengist fljótt þegar hún segir upp í vinnunni.

Þá grípur hún á lofti tækifæri til þess að skrifa grein um aðstæður innflytjenda á Íslandi og kynnist þannig Mariu, frá Suður-Ameríku, og Abebu sem er hingað komin frá Úganda ásamt ungri dóttur sinni, Lunu.

Af misskilinni og skilyrtri hjartagæsku hvítu konunnar býður hún konunum að búa hjá sér og allt fer voða vel af stað. Gísella fyllir upp í andlegt og veraldlegt tómarúm með nýju leigjendunum en þegar efnahagur hennar þrengist og nýju „vinkonurnar“ vilja fá sjálfsagt athafnafrelsi súrnar sambúðin fljótt.

Myndin er ákaflega áferðarfögur, kvikmyndatakan er á köflum frábær og sviðsmyndin heillandi en mynda þó aðeins ramma um marglaga mannlegan harmleik utan um ágenga sögu.

Upphaf, ris og endalok myndarinnar smella saman í firnasterka heild sem hálfpartinn bítur í halann á sjálfri sér þegar aðalpersónan er annars vegar.

Hin vel upplýsta, vel meinandi, hvíta, vestræna „góðmennska“ okkar í garð „hinna“ sem deila jörðinni með okkur kristallast í míkrókosmósinum sem hús Gísellu er.

Konurnar sem hún hýsir af hjartagæsku og á eigingjörnum forsendum hafa hrakist hingað undan fátækt, styrjöldum og annarri óáran sem er ekki síst afleiðing ofbeldis og vestræns yfirgangs í þeirra heimshluta árhundruðum saman.

Hin vestræna sektarblandna hjálpfýsi og góðmennska gagnvart þessu ógæfusama fólki („ekki segja „þetta fólk!““) persónugerist dásamlega í Gísellu sem er í raun holdgervingur allra okkar hvítu, vestrænu forréttinda.



Mikið mæðir á Elmu Lísu í aðalhlutverkinu sem hún skilar með miklum glæsibrag.

Ljóst litaraftið og þjóðernið, sem opnar nánast hvaða dyr sem er, gerir Gísellu mögulegt að hætta í fússi í vinnunni sem henni leiðist í, taka sér góðan tíma til að „fara yfir málin“, láta sér leiðast í tómu, barnlausu húsi, sulla í rauðvíni og setja saman lausleg plön um að skrifa grein um fátæka innflytjendur.

Allt þetta getur hún leyft sér á sama tíma og vextir hlaðast ofan á lánin og gjaldþrot vofir yfir. Samt lúxus sem Abeba getur ekki einu sinni látið sig dreyma um þar sem hún stritar myrkranna á milli til þess að hafa þak yfir höfuð sitt og dóttur sinnar.

Smátt og smátt verður áhorfendum ljóst að samkennd Gísellu með konunum bágstöddu nær einungis svo langt sem konurnar samþykkja yfirburði hennar og halda sig við fyrirframgefin hlutverk sín sem konur sem eiga bágt og þurfa aðstoð.



Enid Mbabazi og Claire Harpa Kristinsdóttir eru dásamlegar í hlutverkum mæðgna frá Úganda sem fá að kenna á gestrisni Gíselu sem Elma Lísa leikur.

Það er til dæmis ekki vel séð að eiga kærasta, reykja sígarettur eða að benda Gísellu á að hún eigi eftir að vinna húsverk. Samskipti Gísellu og leigjendanna eru í rauninni míkrókosmós af ofríki nýlenduherra gagnvart hinum undirsettu; ráðríki hennar gagnvart skjólstæðingunum ágerist eftir því sem líður á myndina án þess að hún verði þess vör. En það er einmitt svoleiðis sem hvít forréttindi virka; þau eru svo sjálfsögð, alltumlykjandi og mynda svo þéttofið net um veruleikann. Ein skýrasta birtingarmynd þess í myndinni er hve sjálfsagt Gísellu þykir að slá eign sinni á Lunu, dóttur Abebu, undir formerkjum velvildar. Þetta mynstur er býsna vel þekkt og nær mörg hundruð ár aftur í tímann þar sem hvítum konum sem tilheyrðu yfirstétt nýlenduherranna þótti sjálfsagt að taka börn af svörtum ambáttum sínum sem eins konar sambland af lítilli manneskju og gæludýri.

Innflytjendur á Íslandi voru einmitt að mótmæla kröppum kjörum sínum hérna í gær. Pæliði aðeins í því og drífið ykkur svo í bíó að sjá Tryggð. **Þórarinn Þórarinsson**

**NIÐURSTAÐA:** Falleg en átakanleg bíómynd sem á brýnt erindi við íslenskan samtíma og okkur öll. Mynd sem er ekki síður mikilvægt að allir sjái en Lof mér að falla. Við erum öll ein fjölskylda. Er þetta eitthvað flókið?

# Sólveigar Anspach minnst á Frönsku kvikmyndahátíðinni

Franska kvikmyndahátíðin er í fullum gangi í Háskólabíói og Veröld – Húsi Vigdísar. Þetta er í nítjánda sinn sem hátíðin er haldin í Reykjavík og sem fyrr er lögð áhersla á að gefa mynd af fjölbreytni franskrar kvikmyndagerðar með úrvali nýrra mynda af öllu tagi.

Á dagskránni eru gamanmyndir, drama, spennumyndir, teiknimyndir, sögulegar og klassískar myndir þannig að allir ættu að geta fundið eitthvað fyrir sinn smekk. Allar hafa myndirnar fengið mikla aðsókn og lof í Frakklandi og víða um lönd, ekki síst á þekktum kvikmyndahátíðum. Myndirnar eru sýndar ýmist með íslenskum eða enskum texta.

Minning kvikmyndagerðarkonunnar Sólveigar Anspach verður heiðruð á hátíðinni í kvöld þegar verðlaun í nafni hennar verða afhent í þriðja sinn í Háskólabíói kl. 18.

Verðlaunin eru veitt fyrir frumraun í stuttmyndagerð og er skilyrðið að leikstjórinn sé kona og að myndin sé á frönsku eða íslensku. Að þessu sinni sendu 60 kvikmyndagerðarkonur, frá Íslandi, Frakklandi, Alsír, Kanada, Kongó, Malí, Senegal og Sviss myndir í keppnina.

Dómnefnd skipuð Degi Kára Péturssyni, Helgu Rakel Rafnsdóttur, Ísold Uggadóttur, Valérie Leroy og Sjón sem var formaður, valdi þrjár sem verða sýndar í kvöld og ein þeirra hlýtur verðlaunin sem Eliza Reid forsetafrú afhendir.



Sólveig Anspach lést 2015 langt fyrir aldur fram og hennar er nú minnst í þriðja sinn á Frönsku kvikmyndahátíðinni sem nú fer fram í Reykjavík.

Myndirnar þrjár eru ólíkar og hver er sögð bera sín sterku einkenni; ljóðræna sýn, vísindaskáldskap, fjölskyldusögu. Myndirnar kanna dýpsta samband okkar við þau sem okkur standa næst og minna á hve ímyndun og dagdraumar skipta miklu máli í lífinu.

Athöfninni lýkur með sýningu á Tunglferðinni eftir Georges Méliès. Myndin er frá fyrstu árum kvikmyndagerðar, tekin árið 1902, og er 15 mínútna löng. Hún er um leið fyrsta framtíðar- eða vísindamynd sem sögur fara af.


rýmingarsala
40-60%
afsláttur
GILDIR AÐEINS Í KÚNÍGÚND LAUGAVEGI
DAGANA 14.-16. FEBRÚAR
KÚNÍGÚND
sérverslun með vandaðar gjafavörur

## Bókmenntir á Rás 1




### Kvöldsaga - Ör
Eftir Auði Övu Ólafsdóttur
Mán.-mið. og fös. kl. 21.30

Ör er ný kvöldsaga Rásar 1. Auður hlaut bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs 2018 fyrir skáldsöguna sem kom út árið 2016 og er hennar fimmta skáldsaga.



### Orð um bækur
Laugardaga kl. 16.05

Í þættinum er rætt við rithöfunda og skáld, sagt frá nýjum og gömlum bókum, spjallað og spurst fyrir um rannsóknir á sviði bókmennta, kennslu þeirra og dreifingu.



### Bók vikunnar
Sunnudaga kl. 10.15

Í hverri viku er valin bók á Rás 1 sem bókmenntasérfræðingar rásarinnar rýna í á sunnudögum ásamt gestum.

RÁS 1 fyrir forvitna




# DAGSKRÁ

# Fimmtudagur

## RÚV SJÓNVARP

**13.00 Úr Gullkistu RÚV. Útsvar 2012-2013 Grindavíkurbær - Hafnarfjörður**
**14.00 Úr Gullkistu RÚV. 360 gráður**
**14.30 Úr Gullkistu RÚV. Taka tvö Erlendur Sveinsson**
**15.20 Úr Gullkistu RÚV. Popppunktur 2010 Hjaltalín - KK band**
**16.20 Úr Gullkistu RÚV. Landinn 2010-2011**
**16.50 Heilabrot**
**17.20 Úr Gullkistu RÚV. Ferð til fjár**
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 KrakkaRÚV**
**18.01 Anna og vélmennin**
**18.23 Bitið, brennt og stungið**
**18.38 Strandverðirnir**
**18.50 Krakkafréttir**
**19.00 Fréttir**
**19.25 Íþróttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
**19.50 Menningin**
**20.05 Ferðastiklur Frá Rauðanesi í Vopnafjörð** Frá örófi alda hefur umhverfi og náttúru verið gefið nafn og sum nöfn eru meira lýsandi en önnur. Þegar nes kallast Rauðanes eða dalur Fagridalur vekur það forvitni um hvers vegna svo sé. Lára Ómarsdóttir fer ásamt föður sínum frá Rauðanesi í Þistilfirði um Langanes og þaðan í Vopnafjörð. Á leiðinni skoða þau áhugaverða og fallega staði og heyra sögur af fólki og fyrirbærum.
**20.55 Rabbabari Young Nazareth** Í þessum þætti höldum við áfram að kynnast mönnunum á bak við tónlistina. Að þessu sinni tékkum við á Arnari Inga, eða Young Nazareth sem hefur unnið lög á borð við Já ég veit og Joey Cypher. Arnar segir okkur alla sólarsöguna, hvernig hann fór frá því að spila á trompet í Skólahljómsveit Kópavogs til þess að eiga hlut í vinsælustu lögum landsins. Í þætti dagsins fáum við meðal annars að sjá hvernig lagið Út í geim með Birni varð til.
**21.10 Gæfusmiður** Önnur syrpa þessara bresku þátta um rannsóknarlögreglumanninn og spilafíkilinn Harry Clayton og armbandið hans sem veitir honum yfirnáttúrulega gæfu. Þegar Harry hittir hina dularfullu Isabellu, sem á sams konar armband, kemur hún öllu því sem hann hélt að hann vissi um armbandið sitt í uppnám.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veður**
**22.20 Luther**
**23.15 Ófærð** Fólkinu í bænum er meinað að nota kranavatn eftir að dauðir fiskar fundust í vatninu uppi á heiði. Fulltrúi erlenda álfyrirtækisins mætir til að skoða framkvæmdir við virkjunina en atburðir undanfarinna daga geta haft áhrif á áform um álverið.
**00.10 Kastljós**
**00.25 Menningin**
**00.35 Dagskrárlok**

## GOLFSTÖÐIN

**08.15 AT&T Pebble Beach**
**13.15 Golfing World**
**14.05 Champions Tour Highlights**
**15.00 Diamond Resorts Tournament of Champions**
**17.45 Golfing World**
**18.35 Inside the PGA Tour**
**19.00 Genesis Open** Bein útsending frá Genesis Open á PGA mótaröðinni.
**23.00 Champions Tour Highlights**

## SJÓNVARP SÍMANS

**08.00** Dr. Phil
**08.45** The Tonight Show
**09.30** The Late Late Show
**10.15** Síminn + Spotify
**12.00** Everybody Loves Raymond
**12.20** King of Queens
**12.40** How I Met Your Mother
**13.05** Dr. Phil
**13.50** Younger
**14.15** The Biggest Loser
**16.00** Malcolm in the Middle
**16.20** Everybody Loves Raymond
**16.45** King of Queens
**17.05** How I Met Your Mother
**17.30** Dr. Phil
**18.15** The Tonight Show
**19.00** The Late Late Show
**19.45** The Kids Are Alright
**20.10** Trúnó
**20.45** A Million Little Things
**21.35** The Resident
**22.20** How to Get Away with Murder
**23.05** The Tonight Show
**23.50** The Late Late Show
**00.35** NCIS
**01.20** NCIS Los Angeles
**02.05** Law & Order. Special Victims Unit
**02.50** The Truth About the Harry Quebert Affair
**03.35** Agents of S.H.I.E.L.D.
**04.20** Síminn + Spotify
**06.00** Síminn + Spotify

## RÚV RÁS EITT

**06.45 Morgunbæn og orð dagsins**
**06.50 Morgunvaktin**
**07.00 Fréttir**
**07.30 Fréttayfirlit**
**08.00 Morgunfréttir**
**08.30 Fréttayfirlit**
**09.00 Fréttir**
**09.45 Morgunleikfimi**
**10.00 Fréttir**
**10.03 Veðurfregnir**
**10.13 Á reki með KK**
**11.00 Fréttir**
**11.03 Mannlegi þátturinn**
**12.00 Fréttir**
**12.02 Hádegisútvarp**
**12.20 Hádegisfréttir**
**12.40 Veðurfregnir**
**12.50 Dánarfregnir**
**12.55 Samfélagið**
**14.00 Fréttir**
**14.03 Á tónsviðinu**
**15.00 Fréttir**
**15.03 Flakk Flakk - Um Guðjón Samúelsson arkitekt**
**16.00 Síðdegisfréttir**
**16.05 Víðsjá**
**17.00 Fréttir**
**17.03 Lestin**
**18.00 Spegillinn**
**18.30 Útvarp Krakka RÚV**
**18.50 Veðurfregnir**
**18.53 Dánarfregnir**
**19.00 Óperukvöld Útvarpsins Lucia di Lammermoor**
**22.00 Fréttir**
**22.05 Veðurfregnir**
**22.10 Samfélagið**
**23.05 Lestin**
**00.00 Fréttir**
**00.05 Næturútvarp Rásar 1**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**12.20** The Fits
**13.35** Hitch
**15.30** Going in Style
**17.10** The Fits
**18.25** Hitch
**20.25** Going in Style
**22.00** Popstar. Never Stop Never Stopping
**23.30** Sully
**01.05** Estranged
**02.40** Popstar. Never Stop Never Stopping

## STÖÐ 2

**07.00** The Simpsons
**07.25** Two and a Half Men
**07.50** Friends
**08.10** The Middle
**08.30** Ellen
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** Anger Management
**10.00** Jamie Cooks Italy
**10.50** Nettir Kettir
**11.35** Heimsókn
**12.00** Ísskápastríð
**12.35** Nágrannar
**13.00** Dragonheart
**14.50** Murder, She Baked. A Chocolate Chip Cookie Mystery
**16.15** Major Crimes
**17.00** Bold and the Beautiful
**17.20** Nágrannar
**17.45** Ellen
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.55** Ísland í dag
**19.10** Sportpakkinn
**19.20** Veður
**19.25** The Big Bang Theory
**19.50** Splitting Up Together
**20.10** NCIS
**20.55** The Blacklist
**21.40** Magnum P.I
**22.25** Counterpart
**23.20** Room 104
**23.50** Real Time With Bill Maher
**00.50** Springfloden
**01.35** Mr. Mercedes
**02.25** Alex
**03.10** Alex
**03.55** Luck
**04.45** Luck
**05.30** Luck

## STÖÐ 3

**19.05** Modern Family
**19.30** Silicon Valley
**20.00** Seinfeld
**20.25** Friends
**20.50** The New Girl
**21.15** Supergirl
**22.00** Arrow
**22.45** Game of Thrones
**23.45** The Simpsons
**00.10** Bob's Burgers
**00.35** American Dad
**01.00** Silicon Valley
**01.30** Seinfeld
**01.55** Friends
**02.20** Tónlist

## STÖÐ 2 SPORT

**07.10** Stoke - WBA
**08.50** Football League Show
**09.20** Girona - Huesca
**11.00** Leganes - Real Betis
**12.40** Spænsku mörkin
**13.10** Ajax - Real Madrid
**14.50** Tottenham - Dortmund
**16.30** Meistaradeildarmörkin
**17.00** Evrópudeildin - fréttaþáttur **17.50** Lazio - Sevilla Bein útsending.
**19.55** Malmö - Chelsea Bein útsending
**22.00** Premier League World
**22.30** BATE - Arsenal

## STÖÐ 2 SPORT 2

**07.15** Athletic Club - Barcelona
**08.55** Sassuolo - Juventus
**10.35** Liverpool - Bournemouth
**12.15** Wolves - Newcastle
**13.55** Premier League Review
**14.50** Selfoss - ÍBV
**16.20** Seinni bylgjan
**17.50** BATE - Arsenal Bein útsending.
**19.55** Celtic - Valencia Bein útsending
**22.00** UFC Unleashed
**22.50** UFC 234. Whittaker vs. Gastelum

## ÚTVARP

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 102,9** Lindin |
| **FM 89,5** Retro | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 99,4** Útvarp Saga | |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 95,7** FM957 | **FM 97,7** X-ið | **FM 100,5** K100 | |

# MARKAÐURINN.IS

## NÝR VEFUR FYRIR VIÐSKIPTALÍFIÐ




**30 DAGA**
**PRUFUÁSKRIFT**
**+ TVÆR SKÝRSLUR**
**AÐ EIGIN VALI!**

## PRÓFAÐU FRÍTT Í ÞRJÁTÍU DAGA OG FÁÐU TVÆR FRÍAR SKÝRSLUR AÐ EIGIN VALI.

- INNLENDAR OG ERLENDAR VIÐSKIPTAFRÉTTIR
- GENGI HLUTABRÉFA OG GJALDMIÐLA
- ÁVÖXTUN SJÓÐA OG SKULDABRÉFA
- HVAÐ ER Á DÖFINNI Í VIÐSKIPTALÍFINU
- KAUP Á ÁRSSKÝRSLUM OG UPPLÝSINGUM ÚR HLUTHAFASKRÁ

FRÉTTABLAÐIÐ LÍFIÐ

# Náttúrulegt, smokey og svart

Við höldum áfram að skoða förðunartrend vorsins sem styttist óðum í. Hér er það náttúruleg húð, sjóðheit klassísk smokey augnförðun og svartar neglur.

Helga Kristjáns förðunarritstjóri Glamour skoðaði hvað er um að vera hjá stærstu tískuhúsunum til að fá innblástur fyrir lesendur varðandi það sem er heitast í förðunartískunni í vor og mælir með réttu snyrtivörunum í verkið.

**bjork@frettabladid.is**



Fyrirsætur Tom Ford skörtuðu svörtu naglalakki.




Gris Obscur frá Chanel er flottur dökkur litur.

## NÚ ER ÞAÐ SVART

Við getum stólað á Tom Ford þegar kemur að því að skapa sexí heildarútlit. Hér má sjá svart naglalakk baksviðs á vortískusýningunni hans. Okkur finnst það skemmtileg andstæða við ljósa og kvenlega fatahönnun vorsins.



Kaia Gerber með gyllt smokey, baksviðs hjá Tom Ford.

## SJÓÐHEIT SMOKEY

Smokey-augnförðunin fer aldrei úr tísku (hjúkk!). Ef þig vantar innblástur að smart útfærslu geturðu leitað til Tom Ford en það var förðunarmeistarinn Diane Kendal sem gerði gyllt smokey í anda áttunda áratugarins á augu fyrirsætanna en ein þeirra var Kaia Gerber, dóttir ofurfyrirsætunnar Cindy Crawford, sem hér sést.




Augnskuggapallettan Golden Mink frá Tom Ford er tilvalin í verkið.



Hönnuðurinn Prabal Gurung lagði mikið upp úr því að húð fyrirsæta hans væri sem fallegust.

## NÁTTÚRULEGT

Hjá Prabal Gurung fengu fyrirsæturnar mikið dekur áður en þær mættu í hár og förðun. Húðin var algert aðalatriði og mikið lagt upp úr húðrútínunni áður en farði var borinn á. Förðunarmeistarinn Diane Kendal ýkti ljómandi húðina með örlitlum highlighter, setti nærandi varasalva á varirnar og nuddaði brúnum augnblýanti í kringum augun.

Sá sem var notaður heitir Coffee og er dökkbrúnn litur og fæst hjá MAC en við mælum einnig með Teddy, sem er hlýtóna brúnn litur sem gerir kraftaverk fyrir hvaða augnlit sem er.




Augnblýanturinn Coffee frá MAC var notaður í kringum augu fyrirsætanna.

Ef þú leitar að pallettu á örlítið viðráðanlegra verði er Masterpiece Nude-pallettan frá Max Factor í litnum Rose Nudes tilvalin og fæst úti í næsta apóteki.



# FULL BÚÐ AF NÝJUM SPORTVÖRUM






BIÐSTOFAN



Syrusson skrifstofuvörur

Síðumúla 33 | Sími: 588-4555 | www.syrusson.is | syrusson@syrusson.is

Slakaðu á með Slökun

Einkenni magnesíum-skorts

- Lítil orka
- Þróttleysi
- Veik bein
- Hormóna ójafnvægi
- Svefntruflanir
- Vöðvakrampar, kippir og spenna
- Kölkun líffæra
- Óreglulegur hjartsláttur
- Kvíði
- Streita
- Pirringur




Mamma Veit Best
HREIN HEILSA

www.mammaveitbest.is

KEBE
Hvíldarstólar
Tegundir: Rest og Fox



Opið virka daga 11-18 laugardaga 11-15

Komið og skoðið úrvalið

NÝFORM
HÚSGAGNAVERSLUN

Strandgötu 24 | 220 Hafnarfjörður | Sími 565 4100 | nyform.is



Anna Gréta segist alltaf vera með augun opin fyrir nýjum snyrtivörum en hún tekur engar vörur inn í vefverslunina nema hún hafi fyrst reynt þær á eigin skinni. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Loksins sátt í eigin skinni án eiturefna

**Anna Gréta Oddsdóttir** hefur reynt á eigin skinni hversu illa efnamengaðar snyrtivörur fara með viðkvæma húð. Eftir alls konar tilraunir á sjálfri sér fann hún frelsi með náttúrlegum snyrtivörum og opnaði í kjölfarið vefverslunina elba.is sem merkilegt nokk er nefnd eftir sjálfum Idris Elba.

Sálfræðimenntaða flugfreyjan og jógakennarinn Anna Gréta Oddsdóttir opnaði nýlega vefverslunina elba.is þar sem hún selur náttúrlegar húðvörur sem hún hefur reynt á eigin skinni.

„Ég var með mjög slæma húð og það hafði mikil áhrif á sjálfstraust mitt og líðan og það hefur svo margvísleg áhrif á líf manns ef manni líður ekki vel með sjálfan sig,“ segir flugfreyjan og jógakennarinn Anna Gréta Oddsdóttir sem opnaði nýlega vefverslunina elba.is, ekki síst af hugsjón.

„Ég hef þurft að kynna mér alls konar snyrtivörur og þegar ég var að prufa mig áfram fann ég að náttúrlegar snyrtivörur henta húð minni mjög vel og ef við veljum lífrænar snyrtivörur, sem eru jafnvel oft vegan og ekki prófaðar á dýrum, þá fer þetta allt saman. Að bera virðingu fyrir sjálfum sér, jörðinni og dýrunum.“

Þegar Anna Gréta fór að hugsa á þessum nótum fannst henni vanta einfalda leið fyrir fólk að kaupa sér snyrti- og húðvörur sem hvorki skaða það sjálft né umhverfið. „Húðin er náttúrlega stærsta líffærið okkar og við þurfum að hugsa vel um hana. Við erum mörg oft í ræktinni og vöndum okkur við að borða hollt og svo berum við kannski endalaust af eiturefnum á húðina. Og það bara passar ekki saman.“

Anna Gréta leggur einnig áherslu á að tilgangur snyrtivara eigi ekki að vera að breyta útlitinu. „Við eigum frekar að nota okkar innri ljóma og nota förðunarvörur sem ýta undir innri fegurð okkar. Þú átt aldrei að vera að fela neitt.“

Vefverslunin er nefnd eftir leikaranum Idris Elba en það var þó nokkuð þvingað. „Án gríns þá var ég búin að vera að leita að nafni sem stæði fyrir eitthvað sem er hreint og tært en Frigg og Mjöll voru frátekin af efna- og málningarverksmiðjum þannig að ég gat ekki notað þau. Þá datt mér Idris í hug en fólk misskildi það hægri vinstri þannig að þá hugsaði ég bara: „En hvað um Elba.is? Eins og Idris Elba. Þannig að síðan er í alvörunni nefnd eftir honum, enda er ekki hægt að segja neitt ljótt um Idris Elba. Hann er bara afar myndarlegur, flottur og góður leikari.“

**thorarinn@frettabladid.is**



Anna Gréta endaði með að nefna vefverslunina eftir leikaranum Idris Elba, enda ekkert slæmt hægt að segja um hann.

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jóhanna Helga Viðardóttir *johannahelga@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Svava O'Brien *svava@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5077:** Atli Bergmann *atli@frettabladid.is*, Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jóhann Waage *johannwaage@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ruth Bergsdóttir *ruth@frettabladid.is.* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Benedikt Bóas Hinriksson *benediktboas@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*, Guðrún Inga Grétarsdóttir *gudruninga@frettabladid.is*



# VERKFÆRA-VEISLA!

## 20-30% afsláttur

**Öll verkfærabox, rafmagns-, loft- og handverkfæri**

BOSCH · Einhell · RYOBI · TACTIX · LUX TOOLS · DREMEL · STANLEY · SKIL · BAHCO

# MARKAÐS-DAGAR

**ERU BYRJAÐIR**

*Komdu og gramsaðu!*

**Gerðu frábær kaup!**

Mikið úrval af vörum frá 50 kr. **Fjöldi annarra tilboða á Markaðsdögum.** Við bætum við nýjum vörum daglega.

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 50kr | 100kr | 200kr | 300kr | 400kr |
| 500kr | 600kr | 800kr | 1000kr | 1500kr |

ÍSLENSKA ÁNÆGJUVOGIN

## Ánægðustu viðskiptavinirnir 2. árið í röð!

*Skv. könnun Íslensku ánægjuvogarinnar 2017 og 2018 á ánægju viðskiptavina á byggingavörumarkaði.

**Takk fyrir!**




# Nýtt blað

á byko.is

**BYKO**

GERUM ÞETTA SAMAN

Auðvelt að versla á netinu

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **550 5000**

**Ritstjórn** 550 5070 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** 550 5050 auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja



ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.

Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.






FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.

Póst dreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is **Ef blaðið berst ekki** 800 1177


**BAKÞANKAR**


Þorbjargar Gunnlaugsdóttur




## Múrinn um matarkörfuna

Það er sjarmi að búa í svo fámennu samfélagi að við spjöllum við kunningja þegar við kaupum í matinn og nikkum til granna við kassann. Návígið hefur gert að ég raða í körfuna eftir ákveðinni aðferðafræði. Matarkörfunni fylgir nefnilega alltaf einhver feimni, því matarkarfa segir ákveðna sögu. Ég fel dömubindin í körfunni. Reyndar líka Bingókúlurnar (undir salatpoka) þrátt fyrir að það teljist kannski ekki fréttnæmt að fertugar konur kaupi dömubindi og að það sé lógískt skynsömu fólki að konur kaupa dömubindi einmitt á sama tíma og þær kaupa súkkulaði. Ég reyni að líta aldrei ofan í körfur annarra, ekki frekar en ég myndi lesa dagbók þó hún stæði opin.

Matarkarfan segir ekki bara sögu okkar. Hún segir sögu um samfélagið. Rjómi og beikon rokselst. Allir með sómakennd fela brauð og ávexti í körfunni. Og svo segir ein matarkarfa í hverfisverslun á Íslandi sögu um pólitík. Íslenska matarkarfan kostar 40-67% meira en sama matarkarfa í höfuðborgum Norðurlandanna. Verðmunurinn felst að stórum hluta í innlendum landbúnaðarvörum. Ástæðan er pólitík, múrinn sem stjórnvöld hafa reist kringum matarkörfuna. Vernd landbúnaðar er hvergi meiri innan OECD og greinin er að hluta undanþegin samkeppnislögum. Hæstiréttur Bandaríkjanna rammaði inn mikilvægi samkeppnislaga með því að segja samkeppnislög hafa sömu þýðingu fyrir frjálsan markað og stjórnarskrána fyrir vernd mannréttinda. Múrinn um matarkörfuna hefur áhrif á lífskjör okkar, karfan okkar er dýrari og fábreyttari. Í því ljósi er merkilegt hvað stjórnvöld gera lítið til að vernda frelsi okkar þegar við kaupum í matinn. Það eru nefnilega mannréttindi í matarkörfunni.











Spicy Tuna

CHILI TÚNFISKSALAT

FERSKT Á FERÐINNI ★ FRESH TO GO

